HELEN SVAVA HELGADÓTTIR

*Vill aldrei fara í kúrekastígvél*

Tíska Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS






AUKABLAÐ UM HM Í HANDBOLTA

*Strákarnir okkar í Þýskalandi*

Allt um HM í handbolta

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. janúar 2007 — 17. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR



### Áttleysi og útþrá

Kristinn E. Hrafnsson myndlistarmaður sýnir í galleríi i8.

MENNING 40

### Foreldrar frumsýnd



Nanna Kristín Magnúsdóttir og Ragnar Bragason segja að kvikmyndir eigi að segja frá lykilaugnablikum í lífi fólks.

BÍÓ 44

### Þegar Svíar höfnuðu evrunni

„Hvað gekk Svíum til? Var þetta uppreisn almennings gegn yfirgangi stjórnmálaflokka og hagsmunasamtaka? – líkt og þegar Norðmenn höfnuðu aðild að ESB í tvígang gegn tilmælum helztu stjórnmálaflokka þar. Kannski,“ segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 28

### Aðeins leynd hjá KSÍ



Engin leynd hvílir yfir launum formanna HSÍ, KKÍ sem og forseta ÍSÍ. Laun formanns KSÍ koma hvergi fram.

ÍÞRÓTTIR 54

## VEÐRIÐ Í DAG




**VINDASAMT -** Norðaustan 13-20 austan til nú í morgunsárið með snjókomu. 8-15 m/s annars staðar. Él á landinu norðanverðu en nokkuð bjart veður suðvestan til. Frost 0-10 stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4

# Búvörutollar lækka um allt að 40 prósent

**Tollar á kjöti og kjötafurðum frá ríkjum Evrópusambandsins lækka um allt að 40 prósent og liðkað er fyrir útflutningi valinna búvara til Evrópu. Samkomulag Íslands og framkvæmdastjórnar ESB um tollamál hefur verið staðfest.**

**STJÓRNMÁL** Samningar hafa tekist um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Íslands og Evrópusambandsins.

Samningarnir byggja að meginefni á samkomulagi sem náðist í lok árs 2005 og taka átti gildi um síðustu áramót. Í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að lækka matvælaverð var ákveðið að fresta gildistöku samkomulagsins og freista þess að ná fram hagstæðari samningi. Að mati stjórnvalda hefur það tekist. „Ég held að þetta sé skref í þá átt að lækka matarverð og tel ánægjulegt hve skamman tíma samningaviðræðurnar tóku,“ segir Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra.

Helsta nýmæli í samningnum er að Ísland lækkar tolla á kjöti og kjötafurðum um allt að fjórutíu prósent og heimilar tollfrjálsan innflutning á samtals tæplega 800 tonnum af tilteknum búvörum. Þá var samið um tollfrjálsan útflutning íslenskra búvara (skyr, smjör og pylsur) til Evrópusambandsríkja upp á samtals rúm 800 tonn. Áður hafði samist um útflutning á 1.850 tonnum af lambakjöti.

Valgerður Sverrisdóttir telur að sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað felist í samningnum og horfir þar helst til ákvæðanna um útflutning á skyri og smjöri. „Skyrið er að gera stormandi lukku og það er mikið talað um hve gott íslenska smjörið er.“ Um leið telur hún athyglisvert að Evrópusambandið sé reiðubúið að heimila innflutning á smjöri því í ríkjum þess sé til nægt smjör. Valgerður segir að vinna þurfi að markaðssetningu íslenskra búvara í Evrópu enda gerist ekkert af sjálfu sér í viðskiptaheiminum.

Kvótar á innfluttum búvörum verða boðnir út. Spurð hvort ekki sé ástæða til að óttast að samkeppni innflytjenda leiði til þess að hátt gjald þurfi að greiða fyrir kvótana, sem svo leiði til hærra verðlags, segist Valgerður meðvituð um að svo kunni að fara. „Þetta er eitt af því sem er umdeilt, ég geri mér grein fyrir því. En þetta er niðurstaðan.“

Samningurinn á að taka gildi 1. mars og er stefnt að undirritun í febrúar.

bjorn@frettabladid.is

### HELSTU ÁKVÆÐI SAMKOMULAGSINS

- **Fullt tollfrelsi verður í viðskiptum Íslands og ESB með hesta, hreindýrakjöt, tómata, agúrkur og vatn.**
- **Fullt tollfrelsi í viðskiptum með blóm og plöntur, þar með talin jólatré (ekki afskorin blóm eða pottaplöntur undir 1 metri á hæð).**
- **Ísland lækkar tolla á kjöti og kjötafurðum um allt að 40% í 2. kafla í tollskránni.**
- **Tollar af frosnu grænmeti verða felldir niður.**

**Boðnir verða út kvótar á innflutningi á eftirtöldum vörum tollfrjálst:**

100 tonnum af nautakjöti
200 tonnum af svínakjöti
200 tonnum af alifuglakjöti
50 tonnum af pylsum
50 tonnum af unnum kjötvörum
50 tonnum af skinku
100 tonnum af kartöflum
20 tonnum af rjúpum
100 tonnum af ostum

**Boðnir verða út kvótar á útflutningi á eftirtöldum vörum tollfrjálst:**

1.850 tonnum af lambakjöti
380 tonnum af skyri
30 tonnum af smjöri
100 tonnum af pylsum




**SÉRSVEITARMENN Í MOSKVU** Rússar hertu viðbúnaðarstig gegn hryðjuverkum í gær og sendu meðal annars þessa sérsveitarmenn út af örkinni í Moskvu. Þarna sjást þeir athafna sig skammt frá Rauða torginu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meint hryðjuverkaógn:

## Moskvubúar varaðir við

**RÚSSLAND, AP** Löggæsluyfirvöld í stærstu borgum Rússlands stórefldu öryggiseftirlit í gær, einkum á flugvöllum, lestarstöðvum og öðrum umferðarmiðstöðvum. Fólk sem var á ferli var hvatt til þess að vera á varðbergi vegna hugsanlegrar hættu á hryðjuverkaárás.

Í Moskvu, þar sem síðast var gerð mannskæð hryðjuverkaárás árið 2004, var gripið til þess óvenjulega ráðs að slökkva á farsímasendum í jarðlestakerfinu. Tilgangurinn virðist hafa verið að hindra að hægt væri að nota farsíma til að sprengja sprengju sem kynni að hafa verið komið þar fyrir.

Í árásinni árið 2004 urðu tvær sprengjur yfir fimmtíu manns að bana. - aa

Gæsluvarðhald yfir síbrotamanni var fellt úr gildi en manninum ekki sleppt:

# Var handtekinn á Litla-Hrauni

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega fertugur síbrotamaður, Garðar Garðarsson, var handtekinn af lögreglu á Litla-Hrauni síðasta föstudag.

Hæstiréttur hafði fellt gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manninum úr gildi klukkan fjögur þann dag en honum hafði ekki verið sleppt þegar hann var handtekinn nokkrum klukkustundum síðar.

Klukkan 19.50 á föstudagskvöld dæmdi síðan héraðsdómur manninn í gæsluvarðhald á ný. Upphaflegi úrskurðurinn var felldur úr gildi á þeim forsendum að forræði málsins hefði færst til ríkissaksóknara og lögreglustjóri væri því ekki bær til að krefjast gæslu.

Hilmar Ingimundarson, hæstaréttarlögmaður og verjandi mannsins, segir þessi vinnubrögð óviðunandi. „Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn hafði verið ógiltur en samt slepptu þeir honum ekki,“ segir hann. „Þá var gripið á það ráð að fara austur og handtaka hann. Maðurinn var þarna í haldi án þess að fyrir lægi löglegur úrskurður þess efnis,“ segir hann.

Garðar var dæmdur í fimm ára fangelsi um miðjan desember fyrir þjófnað, skjalafals, fjársvik, nytjastuld og brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöfinni auk umferðarlagabrota. Dómnum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. - sþs





Fræðsla getur forðað þér frá slysi !

Forvarnasíða Snigla og Umferðastofu opnar í dag



UMFERÐARSTOFA www.sniglar.is/forvarnir



**SPURNING DAGSINS**



*Siggi, ertu búinn að jafna þig?*

„Já, ég er sæll og glaður. Þetta reyndist bara vera stormur í vatnsglasi. Óveðrið er gengið yfir og það viðrar vel á sigurvegarann í þessu máli.“

Sigurður Þ. Ragnarsson, eða Siggi stormur eins og hann er kallaður, stóð fyrir ljósmyndasamkeppni á Stöð 2. Öfundarraddir voru háværar um sigurmyndina og vildu einhverjir meina að hún hefði verið fölsuð. Rannsókn hefur leitt í ljós að svo var ekki.

Æðsti herforingi ísraelska hersins sagði af sér í gær:

# Þrýst á Olmert að segja af sér

**JERÚSALEM, AP** Vaxandi þrýstingur var í gær á Ehud Olmert forsætisráðherra og Amir Peretz varnarmálaráðherra um að segja af sér vegna hrakfara ísraelska hersins í Líbanonstríðinu í sumar í kjölfar þess að Dan Halutz yfirherforingi tilkynnti skyndilega um afsögn sína.

Halutz sá sér ekki annað fært en að segja af sér eftir að innanbúðarmenn í hernum höfðu gert tugi rannsókna á því sem misfórst í Líbanonstríðinu.

„Þessi ákvörðun Halutz var óhjákvæmileg, en hann var ekki sá eini sem bar ábyrgð á mistökunum í stríðinu - ríkisstjórnin bar líka ábyrgð,“ sagði Ophir Pinez-Paz, þingmaður Verkamannaflokksins, sem er flokkur Peretz varnarmálaráðherra.

Samkvæmt skoðanakönnun sem birt var í síðustu viku eru ekki nema fjórtán prósent kjósenda ánægð með Olmert forsætisráðherra og myndi flokkur hans, Kadima, bíða mikið afhroð ef kosningar yrðu haldnar nú.

Staða Peretz er ekki mikið skárri og ólíklegt þykir að hann nái kjöri til þess að vera áfram formaður Verkamannaflokksins eftir formannskosningarnar sem haldnar verða í maí.

Stríðið í Líbanon kostaði 1.200 manns lífið, flesta í Líbanon. **- gb**



**EHUD OLMERT** Forsætisráðherra Ísraels á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarandstaðan á Alþingi:

## Vill umræður um Byrgið

**STJÓRNMÁL Samfylkingin hefur farið fram á að málefni Byrgisins verði rædd utan dagskrár á Alþingi.**

**Þingforseti hefur ekki ákveðið hvenær umræðan fer fram og var frá því greint í þinginu í gær að ákvörðun þar að lútandi myndi fyrst liggja fyrir eftir fund fjárlaga- og félagsmálanefnda með ríkisendurskoðanda sem haldinn er í dag.**

**Stjórnarandstæðingar sögðu mikilvægt að ræða málið enda væru ráðherrar á hlaupum undan ábyrgð í því.** **- bþs**

Kristinn H. Gunnarsson:

## Ekki í framboð fyrir Framsókn

**STJÓRNMÁL** Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, verður ekki í framboði fyrir flokkinn í kosningunum í vor.



**KRISTINN H. GUNNARSSON**

Hann tilkynnti þá ákvörðun í gær.

Í yfirlýsingu segist Kristinn ætla að halda ótrauður áfram að tala fyrir þeim sjónarmiðum sem fram á síðustu öld hafi verið ofan á í Framsóknarflokknum.

Kristinn sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki hafa tekið ákvörðun um frekari skref en kvaðst ætla að hugsa þau mál af alvöru á næstunni.

Kristinn var kjörinn á þing fyrir Alþýðubandalagið 1991 en gekk í Framsóknarflokkinn 1999. **- bþs**

Össur Skarphéðinsson:

## Sáttatilboð um meðferð RÚV-frumvarpsins

**STJÓRNMÁL Stjórnarandstaðan hefur boðist til að greiða fyrir afgreiðslu frumvarpsins um Ríkisútvarpið gegn því að gildistaka laganna frestist.**

**Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, segir þeim skilaboðum hafa verið komið til forseta þingsins.**

**„Við höfum boðið forseta að afgreiða málið með skjótum hætti gegn því að gildistakan verði ekki 1. apríl heldur 1. júlí. Með því gæti ný ríkisstjórn breytt lögunum áður en þau taka gildi,“ segir Össur. Engin viðbrögð hafi fengist við tilboðinu.** **- bþs**

# Núllið í Bankastræti fékk falleinkunn

**Lokun á Núllinu í Bankastræti er í skoðun eftir svarta skýrslu. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri vildi að almenningssalerni sem einkafyrirtæki setti upp í Mæðragarðinum við Lækjargötu yrði fjarlægt þrátt fyrir tilskilin leyfi.**

**MIÐBÆRINN** Almenningssalernið Núllið í Bankastræti fær falleinkunn fyrir öryggismál í skýrslu sem unnin var fyrir framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar.

Skýrslan var lögð fram á fundi hjá framkvæmdasviði. Í fundargerð segir að skýrslan sé „svört“ og að vinnustaðurinn fái „falleinkunn fyrir öryggi“ og að vilji sé til þess að loka Núllinu.

Ekki fæst aðgangur að skýrslunni um Núllið. „Við höfum ekki vilja birta hana. Við erum að skoða hvernig við leysum þessi mál í Bankastrætinu og skýrslan er innlegg inn í það,“ segir Sighvatur Arnarson, sviðstjóri hjá framkvæmdasviði. Verði Núllinu lokað segir Sighvatur að leysa þurfi hlutverk þess með öðrum hætti.

Karlaklósettið á Núllinu hefur verið sagt lokað vegna viðgerða frá í haust en í raun er ástæðan sú að ekkert gengur að fá starfsfólk. Núllið mun þykja vera skjól fyrir alls kyns undirheimastarfsemi, jafnvel vændi og eiturlyfjaneyslu.

Staðan varðandi almenningssalerni í miðbænum virðist vera fremur slæm. Jóhannes S. Kjarval, miðborgararkitekt hjá skipulagssviði, segir í umsögn að mjög brýnt sé að móta heildarstefnu í þessum efnum:

„Hvorki getur staður kallað sig borg, né þá menningarborg, ef þessi þáttur borgarmenningar er ekki leystur á viðunandi hátt og því fer víðs fjarri í dag.“

Fyrirtækið AFA, sem rekur biðskýli fyrir Strætó bs., á fimm salerni sem opin eru almenningi í miðbænum, meðal annars á Hlemmi þar sem Strætó hefur lokað sínum salernum.

Samningur AFA við borgina kveður á um að fyrirtækið reki alls sex salerni en illa gengur að finna sjötta salerninu stað. „Undanfarið hafa menn bent hver á annan og enginn viljað taka af skarið,“ er haft eftir fulltrúum AFA á fundi hjá framkvæmdasviði.

Skömmu eftir að eitt salerni AFA var sett upp í Mæðragarðinum við Lækjargötu í vetur óskaði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri eftir því á fundi með fulltrúa AFA að salernið yrði fjarlægt. Af því varð þó ekki enda hefur fyrirtækið tilskilin leyfi. Skipulagsráð Reykjavíkur hefur nú óskað eftir því við mannréttindanefnd borgarinnar að athuga hvort salerni AFA séu vettvangur fyrir ofbeldisverk og annað vafasamt athæfi.

gar@frettabladid.is



**NÚLLIÐ** Salerni karla er lokað vegna manneklu en bæði kynin nýta kvennasalernið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**HELGI B. KÁRASON** Helgi B. Þorláksson hefur starfað í Núllinu frá 1999 og líkar það vel. Í klefa sínum á kvennaklósettinu hefur Helgi öryggishnapp sem hann notaði síðast á Þorláksmessu vegna óláta í drukknum mönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**Í MÆÐRAGARÐINUM** Almenningssalernið sem staðið hefur í Mæðragarðinum frá í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Borgarstjórinn vildi almenningssalerni burt úr Mæðragarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÁR FRÁ FÁRI** Múslimar víða um heim mótmæltu með því að brenna danska fánann.

Ár frá upphafi teikningafárs:

## Sjálfsritskoðun heldur áfram

**DANMÖRK, AP** Fleming Rose, menningarritstjóri Jótlandspóstsins sem átti frumkvæði að því að birta tólf skopteikningar af Múhameð spámanni sem síðan ollu and-dönsku fári um gervallan heim múslima, segist búast við því að umræðan um sjálfsritskoðun í fjölmiðlum og ótta listamanna við að móðga íslam muni halda áfram næstu árin.

„Teikningarnar hafa hrundið af stað mjög mikilvægri umræðu sem mun halda áfram árum saman,“ sagði Rose á blaðamannafundi í Kaupmannahöfn í gær í tilefni af því að ár er síðan fárið fór af stað fyrir alvöru. **- aa**

**REYKJAVÍK**

### Skýli fyrir heimilislausa

Finna á lóð eða hús undir gistiskýli fyrir heimilislausa karla og heimilislausar konur miðsvæðis í Reykjavík samkvæmt tillögu sem borgarstjórn hefur vísað til velferðarráðs.

**BANDARÍKIN**

### Reknir vegna dauðsfalls

Útvarpsstöð rak tíu starfsmenn eftir að kona lét lífið í leik á vegum stöðvarinnar sem gekk út á að drekka mikið magn af vatni. Vatnseitrun var talin dánarorsökin.

**BÍLL DAGSINS**

**SUBARU LEGACY WAGON LUXURY**

Nýskr. 11.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 41 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Fimm manns dæmdir fyrir innflutning á tveimur kílóum af mjög hreinu kókaíni:

# Lykilkona í fjögurra ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Fimm manns voru dæmdir í þriggja til fjögurra ára fangelsi fyrir innflutning á tveimur kílóum af mjög sterku kókaíni í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þyngsta dóminn hlaut Elísabet Arnardóttir, sem í dómnum er sögð hafa haft „tögl og hagldir“ varðandi skipulagningu og framkvæmd innflutningsins og að hlutverk hennar hefði verið það mikilvægt að án hennar þátttöku hefði verkið aldrei orðið að veruleika. Því þótti fjögurra ára fangelsi hæfileg refsing.

Þrír karlmenn; Friðjón Veigar Gunnarsson, Arnar Sindri Magnússon og Guðmundur Andri Ástráðsson, hlutu þriggja ára dóm fyrir aðild sína að innflutningnum. Þeir voru allir taldir hafa átt stóran þátt í skipulagningu á brotinu og átt að hafa hagnast á því.

Elva Hlín Hauksdóttir, sem er einungis 18 ára, hlaut einnig þriggja ára fangelsisdóm en rétt þótti að skilorðsbinda refsingu hennar þar sem þáttur hennar var að mestu bundinn flutningi á efnunum án þess að hún kæmi að skipulagningu innflutningsins.

Lögreglumaður sem vann að rannsókn málsins sagði fyrir dómi að Davíð Garðarsson, sem er eftirlýstur á alþjóðavettvangi vegna ýmissa brota, væri grunaður um að hafa staðið að baki innflutningnum. Hann flúði land í desember 2005 og hefur enn ekki fundist.

Við yfirheyrslur var Arnar spurður um tengsl sín við Davíð. Sagðist hann þekkja hann en hafa engin tengsl við hann í dag. Voru þá spilaðar hljóðritanir úr síma hans með ætluðum samræðum hans við Davíð. Arnar kvaðst þá ekkert hafa um þær upptökur að segja. **- þsj**



**DÆMD FYRIR FÍKNIEFNAINNFLUTNING** Friðjón Veigar Gunnarsson og Elva Hlín Hauksdóttir við aðalmeðferð málsins fyrr í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# til hamingju!

# 2.956

## vinningshafar

Í fyrsta útdrætti ársins fengu 2.956 manns vinning. Þetta er bara byrjunin. Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða í síma 800 6611, það tekur enga stund.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

## GENGIÐ 17.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,37 | 70,71 |
| Sterlingspund | 138,37 | 139,05 |
| Evra | 90,88 | 91,38 |
| Dönsk króna | 12,192 | 12,264 |
| Norsk króna | 10,911 | 10,975 |
| Sænsk króna | 10,031 | 10,089 |
| Japanskt jen | 0,5832 | 0,5866 |
| SDR | 104,92 | 105,54 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

125,2762

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hlutabréf í FL Group hækka um tæpan fimmtung á einum mánuði:

# Græðir milljarð á degi hverjum

**VIÐSKIPTI** Gengi hlutabréfa í fjárfestingarfélaginu FL Group hefur hækkað um tæp nítján prósent á einum mánuði, þar af um 13,3 prósent frá áramótum. Ætla má að markaðsvirði félagsins hafi því aukist um 27 milljarða króna það sem af er árinu.

Samanlagður gengishagnaður af stærstu eignarhlutum FL, í AMR Corporation, stærsta flugrekstrarfyrirtæki heims, og í Glitni nemur um einum milljarði króna á hverjum degi frá áramótum.

AMR hefur skotist upp um þriðjung frá áramótum og áætlar Greining Glitnis að óinnleystur gengishagnaður FL af 5,98 prósenta hlut nemi 8,9 milljörðum króna. Lækkandi olíuverð kemur sér vel fyrir rekstur flugfélaga um allan heim.



**FL GROUP ER NÆSTSTÆRST Í FINNAIR** Eignarhlutir í AMR, Finnair og Glitni hafa skilað miklum gengishagnaði á árinu.

Þá reiknar greiningardeildin með því að hagnaður af þrjátíu prósenta hlut FL í Glitni geti verið um sjö milljarðar króna frá ársbyrjun.

FL Group er annar stærsti hluthafinn í Finnair, sem hefur hækkað um fimm prósent frá áramótum. Þar fellur eflaust til rúmur einn milljarður í gengishagnað.

Þá kunna almennar verðhækkanir á innlendum hlutabréfamarkaði að hafa haft áhrif til hækkunar á virði FL. Félagið heldur utan um hluti í félögum á borð við Actavis, Landsbankanum, Mosaic og Straumi, sem flestöll hafa átt góðu gengi að fagna á nýju ári. **- eþa**

Íkveikjurnar í Eyjum:

# Enginn liggur undir grun

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Vestmannaeyjum hefur ekki upplýst hver stóð á bak við röð af íkveikjum í bænum frá árinu 2000, þegar kveikt var í frystikistu Ísfélagsins, til ársins 2006. Eftirlit með mannaferðum að nóttu til hefur verið aukið í bænum eftir að kveikt var í fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins hinn 16. desember síðastliðinn.

Enginn liggur undir grun í málinu að svo stöddu. Að sögn lögreglunnar verður haldið opnu. Ef kveikt verður í aftur í Eyjum verður íkveikjan sett í samband við þetta mál að sögn lögreglunnar. **- ifv**

Örlög Árna Johnsen ráðast:

# Kosið um tillögu á sunnudaginn

**STJÓRNMÁL** Kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi hefur lokið við að stilla upp lista sem lagður verður fyrir kjördæmisþing sem kemur saman á sunnudag. Í prófkjöri fengu þeir sem lentu í fimm af efstu sex sætunum bindandi kosningu.



**ÁRNI JOHNSEN**

Sveinn Pálsson, formaður kjörnefndarinnar, segir að röðin úr prófkjörinu haldi sér, í það minnsta fyrir efstu sex sætin. Árni M. Mathiesen hafnaði í fyrsta sæti og Árni Johnsen í öðru sætinu. Kjartan Ólafsson fékk ekki bindandi kosningu í þriðja sætið, en í tillögu kjörnefndar heldur hann sætinu. **- bj**

Frumvarpið um Ríkisútvarpið:

# Annað kemst ekki á dagskrá

**STJÓRNMÁL Umræður um frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. hófust í gærmorgun og stóðu enn þegar Fréttablaðið fór í prentun.**

**Fyrri tvö kvöld vikunnar stóðu umræður til tólf á miðnætti.**

**Önnur mál hafa ekki verið sett á dagskrá Alþingis, hvorki hefðbundin þingmál né umræður utan dagskrár eða fyrirspurnir.**

**Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt að önnur mál fáist ekki rædd en stjórnarliðar svarað því til að samkomulag um þessa tilhögun hafi verið gert á aðventunni. Því neita stjórnarandstæðingar og segja að um það eitt hafi verið samið að RÚV málinu yrði frestað fram yfir áramót - ekki að önnur mál og hefðir yrðu að víkja.** **- bþs**

# Synjunarvald forseta veigamest deiluefna

**Stjórnarskrárnefnd leggur til að ein breyting verði gerð á stjórnarskrá lýðveldisins. Lýtur hún að því að færa ákvörðunarvald um stjórnarskrárbreytingar út til þjóðarinnar. Nefndarmenn komu sér ekki saman um að gera aðrar breytingar.**

**STJÓRNMÁL** Samþykki tveir þriðju hlutar þingmanna frumvarp til stjórnskipunarlaga verður því vísað til þjóðaratkvæðis án þess að því fylgi þingrof og kosningar. Þannig verður þjóðin í raun stjórnarskrárgjafinn.

Stjórnarskrárnefnd leggur til að þessi breyting verði gerð á stjórnarskránni.

Nefndin hóf störf í ársbyrjun 2005 og var ætlað að leggja til heildarendurskoðun á stjórnarskránni. Að sögn Jóns Kristjánssonar nefndarformanns var sú afstaða uppi innan nefndarinnar að þverpólitískt samkomulag yrði að ríkja um allar tillögur að breytingum og mátu menn það svo að málið væri ekki nógu þroskað til að slík samstaða tækist. Þá var lögð áhersla á að leggja til heildarendurskoðun en ekki breytingar á einstaka greinum.



**STJÓRNARSKRÁRNEFND** Nefndin leggur til að ekki þurfi að koma til þingrofs vegna stjórnarskrárbreytinga. Tveir þriðju hlutar þingmanna geta samkvæmt því vísað breytingum til þjóðaratkvæðis.

> „Ég er sáttur við þessa niðurstöðu og tel nefndina hafa dregið saman mikið efni sem sé góður grunnur til að vinna á áfram.
>
> **JÓN KRISTJÁNSSON**
> FORMAÐUR STJÓRNARSKRÁRNEFNDAR

„Ég er sáttur við þessa niðurstöðu og tel nefndina hafa dregið saman mikið efni sem sé góður grunnur til að vinna á áfram,“ segir Jón.

Össuri Skarphéðinssyni finnst mikilvægt að breytingin nái fram að ganga enda felist í henni leiðarvísir um hvernig breyta beri stjórnarskránni í framtíðinni. Hann lítur líka svo á að í þessu felist áfangi í átt að almennum þjóðaratkvæðagreiðslum um mál. „En ég væri ekki ærlegur ef ég segði ekki hreint út að það eru mér töluverð vonbrigði að ekki tókst að þoka málum lengra.“ Hann segist ekki hafa fellt sig við þá nálgun að nauðsynlegt væri að leggja til heildarendurskoðun. „Ég taldi að við ættum að reyna að fullvinna þau ákvæði sem líklegt var að við gætum náð samstöðu um.“ Í því sambandi nefnir Össur ákvæði um hugsanlegt framsal á fullveldi, þjóðaratkvæðagreiðslur og sameignarákvæði þjóðarinnar á sameiginlegum auðlindum.

Allir sjö kaflar stjórnarskrárinnar og greinarnar 81 voru tekin til skoðunar í nefndinni en að sögn Jóns var helst dvalið við þá fjóra kafla sem fjalla um Alþingi, forseta, ríkisstjórn og dómstóla. „En 26. greinin um synjunarvald forseta var miðlægur punktur, menn skiptust á skoðunum um hana án þess að ná niðurstöðu og það var mesta deilumálið,“ segir Jón. Uppi hafi verið gjörólík sjónarmið um hvernig fara eigi með það ákvæði.

Jón segist ekki hafa búist við að verkið yrði auðvelt enda hófst það í sérstöku andrúmslofti. „Hér voru illvígar deilur um stjórnarskrána og synjunarvald forseta sem ristu mjög djúpt í þinginu en vinnuandinn í nefndinni hefur verið ágætur þrátt fyrir skiptar skoðanir um ýmsa hluti.“

bjorn@frettabladid.is

**STJÓRNARSKRÁRNEFND**

- Jón Kristjánsson
- Þorsteinn Pálsson
- Birgir Ármannsson
- Bjarni Benediktsson
- Guðjón A. Kristjánsson
- Jónína Bjartmarz
- Kristrún Heimisdóttir
- Steingrímur J. Sigfússon
- Össur Skarphéðinsson



**Í EGYPTALANDI** Halla og Ragna ásamt eldri systur sinni Regínu og föður sínum við píramídana.

Bæjarstjóradætur í Ölfusi:

# Systur fræða íbúa um íslam

**FYRIRLESTUR Systurnar Halla og Ragna Ólafsdætur munu í kvöld flytja erindi um íslamska menningu í Bæjarbókasafni Ölfuss í Þorlákshöfn. Halla og Ragna, sem eru dætur Ólafs Áka Ragnarssonar bæjarstjóra, hafa stundað nám í Egyptalandi. Að því er segir á vefsetri sveitarfélagsins Ölfuss hafa systurnar lært arabísku og fræðst um íslamska menningu á meðan á dvöl þeirra í Egyptalandi hefur staðið. Í nóvember síðastliðnum heimsótti bæjarstjórinn systurnar í Egyptalandi og þá var meðfylgjandi mynd tekin. Erindi Höllu og Rögnu hefst klukkan sex síðdegis.** **- gar**

Íslendingar þurfa vegabréfsáritun:

# Öryggi hert í Karíbahafi

**FERÐIR** Íslenskir ferðamenn þurfa vegabréfsáritun til að ferðast til ákveðinna landa í Karíbahafi á tímabilinu 15. janúar til 15. maí á þessu ári. Ástæðan er hertar öryggiskröfur vegna Cricket World Cup 2007.

Löndin eru Antígva og Barbúda, Barbadoseyjar, Dóminíka, Grenada, Gvæjana, Jamaíka, Sankti Kristófer og Nevis, Sankti Lúsía, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar og Trínidad og Tóbagó. **- sþs**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VÍÐA HVASST Í MORGUNSÁRIÐ**

Núna með morgninum er vindasamt mjög víða um land og þá er nokkuð myndarlegt snjókomubelti yfir austanverðu landinu. Þá er víðast frost. Það er því ekki hægt að segja annað en vetrarlegt sé á landinu. Fólk spyr mig orðið talsvert hvenær þessum kuldum linni, en sannast sagna er ekki að sjá neitt alvöru hlýindi. Eins og staðan er nú má greina hlýindi á mánudag eða þriðjudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Norðaustan 5-10 m/s og fremur bjart veður. Frost 3-6 stig.

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | London | 14°C rigning | Alicante | 16°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 4°C alskýjað | París | 15°C rigning | Mallorca | 16°C heiðskírt |
| Osló | -1°C snjóél | Frankfurt | 13°C rigning | Algarve | 19°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 3°C skúrir | Friedrichshafen | 8°C rigning | Krít | 19°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 7°C skúrir | Berlín | 9°C rigning | Las Palmas | 22°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



25-70%
Afsláttur
af öllum
pottaplöntum

30%
Afsláttur
Soldis
allar vörur

30%
Afsláttur
af allri
gjafavöru

30%
Afsláttur
af allri
glervöru

# Útsala
# á pottaplöntum

20-30%
Afsláttur
Heilsudagar
í Blómavali

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú tekið strætó á árinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 20% |
| Nei | 80% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Átt þú DVD-spilara?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Karlmaður á þrítugsaldri áreitti fjórar barnungar stúlkur í Vogahverfi:

# Grunur leikur á nauðgun

**LÖGREGLUMÁL** Grunur leikur á að 26 ára karlmaður hafi nauðgað fimm ára stúlku á leikvelli í Vogahverfi síðdegis á mánudag. Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, var farið með stúlkuna á sjúkrahús eftir árásina þar sem henni var veitt aðstoð og lífssýni var tekið úr henni. Stúlkan var skelfd eftir árásina en ekki voru sjáanlegir líkamlegir áverkar á henni að sögn Friðriks.

Einnig var tekið lífssýni úr manninum. Síðdegis í gær var ekki komin niðurstaða úr sýnatökunum.



**VOGASKÓLI** Grunur leikur á að maður hafi nauðgað fimm ára stúlku á leikveilli Vogaskóla.

Karlmaðurinn reyndi að lokka þrjár aðrar stúlkur: 7, 11, og 12 ára, upp í bíl sinn en án árangurs. Ekki er talið að hann hafi snert þær. Maðurinn var yfirheyrður á þriðjudag og er málið í rannsókn hjá lögreglunni.

Guðbjörg Halldórsdóttir, skólastjóri Vogaskóla, segir að eftir að athæfi mannsins spurðist út hafi stjórnvöld skólans sent tölvupóst til foreldra þar sem brýnt var fyrir þeim að vara börn sín við því að fara upp í bíla hjá ókunnugum. Að sögn Guðbjargar var starfsdagur í skólanum á mánudag og því voru fleiri börn úti að leika sér um daginn en venjulega. Tvær af stúlkunum eru í Vogaskóla að sögn Guðbjargar. Hún segir að starfsfólk skólans sé slegið yfir þessum atburði og muni veita stúlkunum sem urðu fyrir barðinu á manninum aðstoð ef þess þurfi. - ifv

Norsk-íslenska síldin:

# Samkomulag er ekki útilokað

**SJÁVARÚTVEGUR Samninganefndir Íslendinga, Norðmanna og annarra strandríkja sem nýta norsk-íslenska síldarstofninn sátu enn á rökstólum í gærkvöldi. Samningsdrög lágu ekki fyrir en það að samninganefndirnar höfðu setið degi lengur við borðið en ætlað var túlkað sem vísbending um að samkomulag geti náðst.**

**Norskir fjölmiðlar telja að lenging samningalotunnar bendi til þess að norsk stjórnvöld hafi ákveðið að gefa eftir. Haft er eftir formanni norsku nefndarinnar að náist ekki samningar nú sé ólíklegt að samið verði um skiptingu síldarkvótans í bráð.** - shá

**REYKJAVÍK**

### Kvennalisti 100 ára

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að skipa nefnd til að gera tillögur um það hvernig þeirra tímamóta verði minnst að 100 ár eru liðin frá því að fyrstu konurnar voru kjörnar af kvennalista í bæjarstjórn Reykjavíkur.

**SÖFNUN**

### Fluttir endurgjaldslaust

Viðbótarframlag af geisladiski til minningar um Svandísi Þulu, fimm ára stúlku sem lést í bílslysi í byrjun desember, er á leið til landsins. Jónar Transport flytja diskana til landsins og tollafgreiða þá endurgjaldslaust. Allur ágóði er til stuðnings Nóna Sæ, átta ára bróður Svandísar Þulu, sem slasaðist alvarlega.

Guðmundur í Byrginu:

# Ætlar að kæra nauðgun á móti

**ÁKÆRA Guðmundur Jónsson, fyrrverandi forstöðumaður Byrgisins, segist ætla að kæra stúlku fyrir nauðgun, sem sjálf hefur kært hann fyrir nauðgun. Hann segir stúlkuna hafa byrlað sér smjörsýru og komið vilja sínum fram meðan hann kom engum vörnum við.**

**Áður hafði Guðmundur staðfastlega neitað því í viðtölum að hafa nokkurn tímann átt kynferðislegt samneyti við stúlkuna. Hún var á sínum tíma vistmaður í Byrginu.**

**„Ég fer á morgun til lögreglunnar og mun kæra kynferðislega misnotkun," sagði Guðmundur í gærkvöldi.** - sþs






# Skýrslan barst ekki Ríkisendurskoðun

**Félagsmálanefnd og fjárlaganefnd funda um málefni Byrgisins í dag ásamt Ríkisendurskoðun. Skýrsla frá 2002, þar sem fjármálaóreiða í Byrginu var til umræðu, barst aldrei ríkisendurskoðanda. Eftirliti var stórlega ábótavant.**

**FÉLAGSMÁL** Skýrsla um fjármál Byrgisins sem unnin var árið 2002 af Aðalsteini Sigfússyni, félagsmálastjóra í Kópavogi, og sýndi ótvírætt að fjármál Byrgisins höfðu verið í miklu ólagi um nokkurt skeið, barst aldrei til Ríkisendurskoðunar.

Þetta staðfesti Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi í gær. Hann vildi þó ekki að svo stöddu tjá sig frekar um eftirlit stjórnvalda með fjármálum og faglegu starfi í Byrginu frá árunum 1999 til og með 2006.

Páll Pétursson, sem var félagsmálaráðherra er skýrslan var unnin, staðfesti í Fréttablaðinu á þriðjudag að skýrslan hefði komið til umræðu í félagsmálaráðuneytinu er hann var ráðherra en hún var unnin að frumkvæði utanríkisráðuneytisins.

Eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum óskaði Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra eftir því 16. nóvember á síðasta ári að Ríkisendurskoðun tæki út fjármál Byrgisins eftir að Guðmundur Jónsson kom á fund Magnúsar og óskaði eftir fjárframlögum.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem tekur aðeins til 2005 og 2006, kemur fram að fjármálaóreiða hafi einkennt starf í Byrginu og að forstöðumaður Byrgisins lengst af, Guðmundur Jónsson, hafi eytt fjármunum Byrgisins í einkaneyslu. Þá reyndist ekki vera hægt að gera grein fyrir rúmum 45 milljónum króna, það er mismuni tekna og gjalda á tímabilinu sem Ríkisendurskoðun hafði til rannsóknar.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON** Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar misnotaði Guðmundur aðstöðu sína stórlega sem forstöðumaður Byrgisins. Hann hefur auk þess verðar kærður af tveimur konum fyrir kynferðislega misnotkun.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjárlaganefnd og félagsmálanefnd Alþingis funda í dag með ríkisendurskoðanda vegna málefna Byrgisins.

Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, sagðist reikna með því að reynt yrði að ræða um málefni Byrgisins frá öllum hliðum þar sem augljóst væri að eftirliti með fjármálum Byrgisins hefði verið stórlega ábótavant. „Ég tel að röð mistaka hafi átt sér stað sem leiddu til þess að eftirlit með fjármálum Byrgisins var stórlega ábótavant. Við munum fara vel yfir þessi mál en mér finnst ekki viðeigandi að tjá mig um þessi mál frekar fyrr en að fundinum loknum. Þá verður búið að fara yfir þessi mál og skoða þau heildstætt," sagði Birkir Jón.

Samhjálp og velferðarsvið Reykjavíkurborgar vinna í sameiningu að því að taka við verkefnum Byrgisins. Vistmönnunum í Byrginu, sem voru sex undir það síðasta, hefur verið boðið pláss í meðferðarheimilinu í Hlaðgerðarkoti þar sem fer fram stíf meðferð fyrir langt leidda vímuefnaneytendur. Árið 2005 voru 25 vistmenn í Byrginu að jafnaði og 28 árið 2006.

magnush@frettabladid.is



**SIGURÐUR ÞÓRÐARSON** Fékk ekki að sjá skýrslu um fjármál Byrgisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BIRKIR JÓN JÓNSSON** Stýrir starfi fjárlaganefndarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meint bandarísk fangaflugvél sem lenti í Keflavík á sunnudag:

# Flugmennirnir voru einir um borð

**UTANRÍKISMÁL** Bandarísk flugvél sem talið er að sinnt hafi fangaflutningum fyrir bandarísku leyniþjónustuna CIA lenti í Keflavík á sunnudag eftir viðkomu í Noregi. Tveir flugmenn hennar gistu á hóteli í Reykjanesbæ áður en þeir héldu áfram för sinni á mánudag. Vélin hefur komið til Keflavíkur einu sinni áður en ekki er talið að fangar hafi verið um borð í vélinni í þau skipti sem hún hefur haft viðdvöl hérlendis.

Flugvélin, sem hefur skráningarnúmerið N196D, kemur við sögu í skýrslum um fangaflug frá bæði Evrópuþinginu og mannúðarsamtökunum Amnesty International. Einnig hefur verið rætt um þessa sömu flugvél á kanadíska og danska þinginu í tengslum við slík flug.

Aðalheiður Sigursveinsdóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, segir að leitað hafi verið upplýsinga um ferðir vélarinnar vegna þeirrar umræðu sem hefur spunnist um hana, en ekkert hafi bent til að um fangaflug hafi verið að ræða. Aflað var upplýsinga um ferðir vélarinnar aftur til ársins 1992. Aðalheiður segir að samkvæmt skýrslu Evrópuráðsins hafi ekki verið sannað að vélin hafi flutt fanga á milli landa. Íslensk yfirvöld veittu upplýsingar um komur flugvéla hingað við þá rannsókn og þótti ekki ástæða til framhaldsrannsóknar hér, eins og var gert í nokkrum öðrum Evrópuríkjum. - shá



**FANGAFLUGVÉLIN N196D** Flugvélin hefur tvisvar haft viðkomu á Keflavíkurflugvelli.

# LAGER HREINSUN

ÚTSALA

## á verkfærum í BYKO

www.byko.is
verslaðu á netinu

**VERÐDÆMI**



SKIL

Vnr. 74091117

**Hleðsluborvél**

Skil hleðsluborvél 14.4V, og borasett.

**25% afsláttur**

**7.492**

~~9.990~~



**4.709**

~~11.772~~

**60% afsláttur**

Vnr. 68546550

**Verkfærasett**

LUX verkfærasett, 54 stk.



**35% afsláttur**

**5.490**

~~8.5[illegible]0~~

**BOSCH**

Vnr. 74864020

**Skrúfvél**

BOSCH skrúfvél PSR 200 LI.

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI




Stórum húsbíl var stolið af bílasölu á höfuðborgarsvæðinu rétt fyrir jól:

# Létu eiganda bílsins ekki vita

**BÍLAR** Jón Örn Pálsson vélvirki varð fyrir því óláni að bíl hans var stolið þar sem hann stóð á bílasölu JR bíla á Bíldshöfða í Reykjavík.

Bílnum var stolið um miðjan desember, en Jón komst ekki að því fyrr en hann ætlaði að gá að bílnum fyrir jól. Enginn á bílasölunni lét hann vita að bíll hans væri horfinn.

Bíllinn er af tegundinni Mercedes Benz og er metinn á tæpar tvær milljónir. Hann var upphaflega tuttugu manna rúta en Jón Örn breytti honum sjálfur í húsbíl. Lögreglan rannsakar nú stuldinn.

„Ég ætlaði að kíkja á bílinn rétt fyrir jól en þá var hann ekki á svæðinu,“ segir Jón Örn. „Þegar ég talaði við starfsmennina á bílasölunni sögðust þeir hafa haldið að ég hefði tekið hann eitthvert kvöldið.“



**BÍLLINN** Jón Örn, sem er vélvirki, gerði bílinn sjálfur upp og breytti honum úr tuttugu manna rútu í fullbúinn húsbíl.

Páll Vikar, sölustjóri hjá JR bílum, segir eigendur bíla á bílasölunni sífellt vera að sækja þá í tíma og ótíma. „Við erum með lyklana að þessum bíl og héldum því bara að eigandinn hefði komið og sótt bílinn eins og gerist svo oft,“ segir hann. „Þess vegna létum við eigandann ekki vita.“

Benzinn hans Jóns er gullsanseraður og með stórum geymslukassa aftan á bílnum. Þeir sem gætu hafa séð hann eru beðnir um að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. - sþs

Veittist að öryggisverði:

## Skilorð fyrir að stinga öryggisvörð með hnífi

**DÓMSMÁL Nítján ára piltur sem stakk öryggisvörð á Select Shellstöðinni í Suðurfelli í brjóstkassann með hnífi og kýldi hann í andlitið hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Öryggisvörðurinn hafði haft afskipti af piltinum og félaga vegna óláta og vísaði þeim út úr versluninni. Atvikið átti sér stað hinn 10. september síðastliðinn.**

**Við ákvörðun refsingarinnar horfði Héraðsdómur Reykjavíkur til aldurs mannsins, til þess að hann gaf sig sjálfviljugur fram, greiddi öryggisverðinum umsamdar bætur og þykir hafa reynt að bæta ráð sitt. Pilturinn þarf að greiða sakarkostnað í málinu að upphæð rúmlega 300 þúsund krónur.** - ifv

**VIÐURKENNING**

### Icelandair útnefnt

Icelandair hefur verið útnefnt til Íslensku vefverðlaunanna í tveimur flokkum; fyrir besta útlit og viðmót og bestu fyrirtækis- eða stofnanavefi. Icelandair keppir í þessum flokkum við Miði.is, Leirvogstungu ehf, Tryggingamiðstöðina, Landsbanka Íslands, Glitnir, 66° North og Íbúðalánasjóð.



**ELLEN BERGMAN** Fyrrverandi eiginkona Ingmars Bergman vill fá aðstoð til að deyja með reisn. Hún hefur verið sjúklingur frá árinu 1999. MYND/SCANPIX

# Fyrrum kona Bergmans vill deyja

**Ellen Bergman vill fá aðstoð við að deyja frekar en að þjást áfram. Íslenskur læknir segir að Holland sé eina Evrópulandið þar sem lög leyfi líknardráp.**

**LÍKNARDRÁP** Fyrrverandi eiginkona kvikmyndaleikstjórans Ingmars Bergman, Ellen Bergman, vill fá aðstoð til að deyja með reisn. Hún er 87 ára gömul og hefur verið sjúklingur frá árinu 1999. Ellen var lögð inn á sjúkrahús í Stokkhólmi síðastliðinn mánudag. Hún hefur hvorki bragðað vott né þurrt síðan um áramótin; markmið hennar með því er að flýta dauða sínum. Að sögn Ellenar hefur hún viljað deyja frá því árið 2003.

Ellen, sem var gift Bergman 1945-1950, hefur skrifað heilbrigðisráðherra Svíþjóðar, María Larsson, bréf og beðið hana um setja lög sem kveða á um rétt fólks til að fá aðstoð við að deyja. „Af hverju eigum við að þurfa að þjást áður en við deyjum? Dauðinn gæti þess í stað verið fallegur endir,“ sagði Ellen við sænska dagblaðið Expressen. Hún vill innbyrða deyfilyf sem draga hana til dauða í svefni.

María Larsson segist vera hrærð út af baráttu Ellenar Bergman en að hún muni ekki undirbúa lagasetningu sem kveði á um réttmæti líknardrápa. Mikil umræða hefur verið um málið í Svíþjóð, en samkvæmt skoðanakönnun sem gerð var meðal sænsks almennings árið 2005 eru 8 af hverjum 10 Svíum hlynntir líknardrápi.

Á Spáni hefur einnig verið rætt um líknardráp í fjölmiðlum því síðastliðinn föstudag batt 69 ára gömul kona af frönskum uppruna, Madeleine Z., enda á líf sitt samkvæmt spænska blaðinu El País. Hún þjáðist af banvænum lömunarsjúkdómi af völdum taugahrörnunar og var bundin við hjólastól. Hún var hrædd við að verða algerlega lömuð og ósjálfbjarga. Tveir meðlimir samtaka sem kallast „Rétturinn til að deyja með reisn“ voru með henni þegar hún dó en tóku ekki virkan þátt. Konan tyllti sér á rúmið sitt og borðaði ís sem hún hafði blandað deyfilyfjum út í: „Ég get ekki sagt að þetta sé uppáhalds eftirrétturinn minn,“ sagði Madeleine á dánarbeðinu.

Eftir að hafa borðað ísinn sagði hún við sjálfboðaliðana að hún væri ánægð og glöð að þeir væru hjá henni þegar hún dæi. Sjálfboðaliðarnir föðmuðu hana að sér. Hún lagðist út af og vaknaði ekki aftur.

> Af hverju eigum við að þurfa að þjást áður en við deyjum? Dauðinn gæti þess í stað verið fallegur endir.
>
> **ELLEN BERGMAN**

Að sögn Arnar Bjarnasonar, fyrrverandi yfirlæknis, hafa slík tilfelli ekki komið upp á Íslandi og því hefur ekki mikið verið rætt um réttmæti líknardrápa hér á landi. Hann segir að Holland sé eina landið í Evrópu þar sem samþykkt hafi verið lög sem leyfi líknardráp. „Í löndum Evrópu hafa orðið til samtök sem eru hlynnt líknardrápi þó að þau séu bönnuð samkvæmt lögum. Meðlimir þeirra hjálpa fólki sem vill deyja við að taka of stóra skammta af deyfilyfjum. Til dæmis eru til samtök á Englandi sem heita The Hemlock Society sem berjast fyrir rétti manna til að deyja með reisn, en þau taka ekki virkan þátt þegar fólk bindur enda á líf sitt,“ segir Örn.

ingifreyr@frettabladid.is









## Bókhaldsnám

Í bókhaldsnámi NTV er lögð áhersla á að kenna vel öll grunnhugtökin og vinnubrögð við bókhald. Kennt er á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

### Grunnnám í bókhaldi

108 stundir - Verð: 99.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 12. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 12. febrúar

### Navision viðbótarnám

24 stundir - Verð: 29.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 26. mars
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 26. mars

## Sérhæft nám

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám, sem tengt er alþjóðlegum prófum, og hefur námið verið í stöðugri þróun enda markmiðið að mæta þörfinni þar sem hún er mest fyrir störf á þessu sviði.

### Tölvuviðgerðir

72 stundir - Verð: 98.000.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 19. febrúar

### MCP XP netstjórnun

108 stundir - Verð: 139.000.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 29. janúar

### MCSA 2003 netstjórnun

150 stundir - Verð: 299.000.- Næsta námskeið:
Helgarnámskeið byrjar 27. janúar

### Kerfisstjórinn

180 stundir - Verð: 219.000.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 19. febrúar

### Forritun og kerfisfræði

240 stundir - Verð: 269.000.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 13. febrúar

## Margmiðlun og grafík

Þessi námskeið eru frábær undirbúningur fyrir þá sem hyggja á frekara nám eða vilja starfa á sviði margmiðlunar og/eða gerð kynningarefnis.

### Auglýsingatækni

156 stundir - Verð: 174.900.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 12. febrúar

### Photoshop Expert

72 stundir - Verð: 99.000.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 11. apríl

### Photoshop grunnnám

30 stundir - Verð: 28.500.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 28. febrúar
Kvöldnámskeið byrjar 26. febrúar

### Myndbandavinnsla með Adobe Premiere

36 stundir - Verð: 37.000.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 5. febrúar

### Vefsíðugerð MX 2004

210 stundir - Verð: 189.000.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 13. febrúar

## Almennt tölvunám

Frábær námskeið þar sem kennt er á flest þau forrit sem kunna þarf á til að nýtt sér tölvuna bæði í leik og starfi.

### Tölvunám - fyrstu skrefin

30 stundir - Verð: 29.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 8. mars
Kvöldnámskeið byrjar 5. mars

### TÖK-tölvunám

78 stundir - Verð: 64.900.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 1. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 12. febrúar

## Starfsnám og námsbrautir

Markmið okkar hefur alltaf verið að bjóða upp á hnitmiðuð námskeið þar sem jafnrík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum.

### Skrifstofu- og tölvunám

258 stundir - Verð: 219.000.- Næstu námskeið:
2 morgunnámskeið byrja 5. febrúar
- *annað 3 virka daga í viku en hitt alla virka daga*

Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. febrúar

### Fjármál og rekstur

132 stundir - Verð: 145.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 4. janúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. janúar

### Sölu- og markaðsnám

264 stundir - Verð: 219.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 5. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. febrúar

### Skrifstofunám & hönnun

414 stundir - Verð: 369.000.- Næstu námskeið:
2 morgunnámskeið byrja 5. febrúar
- *annað 3 virka daga í viku en hitt alla virka daga*

Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. febrúar

### Sölunám & hönnun

420 stundir - Verð: 369.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 5. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. febrúar

### Skrifstofu- og rekstrarnám

462 stundir - Verð: 428.000.- Næstu námskeið:
2 morgunnámskeið byrja 5. febrúar
- *annað 3 virka daga í viku en hitt alla virka daga*

Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. febrúar

### Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

396 stundir - Verð: 345.000.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 5. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. febrúar

Upplýsingar og skráning í síma 544 4500 og á www.ntv.is

ntv.is

NTV | Hlíðasmára 9 | Kópavogi | Sími 544 4500 | www.ntv.is | - *viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi*







Uppreisnarmaður fallinn á Filippseyjum og annar handtekinn í Afganistan:

# Leiðtogi í Abu Sayyaf skotinn

**FILIPPSEYJAR** Einn af helstu leiðtogum uppreisnarhópsins Abu Sayyaf á Filippseyjum, sem staðið hefur fyrir fjölmörgum hryðjuverkaárásum, féll í bardaga við stjórnarherinn á þriðjudaginn. Jainal Antel Sali hafði árum saman verið eftirlýstur af bæði bandarískum og filippseyskum stjórnvöldum og fall hans þykir mikið áfall fyrir Abu Sayyaf samtökin.

Frá Afganistan bárust síðan í gær þær fréttir að hermenn á vegum Atlantshafsbandalagsins hefðu ásamt afgönskum hermönnum haft hendur í hárinu á háttsettum talíbana í Helmand-héraði seint á þriðjudaginn. - gb



**FÆKKAR UM EINN** Filippseyski herforinginn Hermogenes Esperon krossar yfir Abu Sulaiman á myndaspjaldi eftirlýstra glæpamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Árnesgengið ákært vegna fjölda glæpa

**Sex manna hópur ungmenna er fyrir rétti um þessar mundir vegna afbrotahrinu sem stóð yfir frá byrjun júlí og fram yfir miðjan september. Hluti hópsins hefur framið fjöldamörg afbrot síðan þá. 16 ára gömul stúlka á meðal ákærðu.**

**DÓMSMÁL** Ákæra í 28 liðum á hendur sex ungmennum sem fóru ránshendi um landið síðastliðið haust var tekin til aðalmeðferðar í gær. Hluti hópsins vakti mikla athygli eftir að hafa verið handtekinn í kjölfar innbrots í félagsheimilið Árnes í Gnúpverjahreppi um miðbik september. Sú handtaka var endahnúturinn á ferðalagi þeirra sem hófst á höfuðborgarsvæðinu nokkrum dögum áður, teygði sig norður til Húsavíkur og endaði á Suðurlandi.

Alls eru sex manns, þrír menn og þrjár stúlkur, ákærð í málinu vegna brota sem framin voru frá byrjun júlí og fram yfir miðjan september á síðasta ári, í ellefu mismunandi byggðarlögum.

Flestir ákæruliðirnir beinast að tveimur mannanna, Davíð Þór Gunnarssyni fæddum 1988 og Sigurbirni Adam Baldvinssyni fæddum 1985. Þeir eiga báðir langan sakaferil að baki þrátt fyrir ungan aldur. Ásamt þriðja manninum, sem er 24 ára, er þeim gefið að hafa, ýmist einir eða í slagtogi við hina, framið fimmtán þjófnaði og innbrot, fjölmarga bílstuldi, fíkniefnabrot, umferðarlagabrot, fjársvik, eignaspjöll og umboðssvik.

Þá er lögregla höfuðborgarsvæðisins enn að rannsaka mál sem Davíð Þór og Sigurbjörn Adam eru grunaðir um. Í því er þeim gefið að hafa brotist inn í hús í Breiðholti, stolið þaðan lyklum að rándýrri jeppabifreið og klesst hana á flótta undan lögreglu. Auk þess veittu þeir talsverðan mótþróa við handtöku. Varðstjóri hjá lögreglunni í Borgarnesi staðfesti einnig að verið væri að leggja lokahönd á ákæru vegna alls kyns brota mannanna í umdæmi hennar, meðal annars vegna fjölda innbrota í sumarhús.

Davíð Þór hefur ítrekað komist í kast við lögin á síðustu vikum og mánuðum. Hann var handtekinn í Kópavogi síðastliðinn föstudag vegna hrinu innbrota undanfarna daga og í kjölfarið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 23. febrúar. Hann á þess utan ýmis óklárðu mál hjá lögregluembættum víðs vegar um landið.

Stúlkurnar eru á aldrinum 16-22 ára. Sú elsta er ákærð fyrir að hylma yfir með mönnunum með því að geyma ránsfeng þeirra úr nokkrum innbrotanna. Þá fannst einnig lítilræði af amfetamíni á henni við handtöku.



**FÉLAGSHEIMILIÐ ÁRNES** Hluti hópsins var handtekinn eftir innbrot í félagsheimilið um miðjan september á síðasta ári. Afbrotahrina þeirra teygði sig yfir ellefu byggðarlög.

Hinar yngri fóru með höfuðpaurunum tveimur í ferðalag þeirra um landið. Þær eru fæddar 1990 og 1988. Stúlkurnar eru báðar ákærðar fyrir að taka þátt í þeim fjölmörgu bílstuldum sem hópurinn er grunaður um á ferðalaginu, auk þess sem sú yngri er sögð hafa verið þátttakandi í innbrotinu í Árnes. Þá var hún með 14,4 grömm af kannabisefnum í fórum sínum við handtöku. thordur@frettabladid.is

## AFBROTAHRINA HÓPSINS ÁRIÐ 2006

**6. JÚLÍ:** Davíð Þór Gunnarsson stelur varningi úr verslunni Samkaupum í Reykjanesbæ.
**8. JÚLÍ:** Davíð Þór handtekinn á Akranesi vegna ölvunaraksturs án ökuréttinda.
**14. JÚLÍ:** Davíð Þór stelur flösku af áfengi úr verslun ÁTVR í Reykjanesbæ.
**9. ÁGÚST:** Davíð Þór stelur bifreið á Akureyri og ekur henni til Hafnarfjarðar.
**10. ÁGÚST:** Davíð Þór gerir tilraun til að brjótast inn í fyrirtæki í Reykjavík.
**11. ÁGÚST:** Sigurbjörn Adam Baldvinsson ekur bifreið án ökuréttinda að bensínstöð Í Sandgerði, dælir á hana eldsneyti og hverfur af vettvangi án þess að greiða fyrir. Síðar sama dag brýst hann inn í hús í Reykjanesbæ í slagtogi við annan þar sem þeir stela miklu magni af raftækjum, um 118.000 krónum í peningum, armbandsúrum og ýmsu fleira smálegu. Elsta stúlkan sem ákærð er í málinu tekur við hluta þýfisins til geymslu.
**UM MIÐJAN ÁGÚST:** Sigurbjörn Adam og sami vitorðsmaður brjótast inn á heimili í Grindavík og stela miklu magni af raftækjum, peningum, skartgripum, bankakortum, miklu af fatnaði og peningabauk með ótilgreindri upphæð. Elsta stúlkan tekur aftur við hluta þýfisins til geymslu.
**13. ÁGÚST:** Davíð Þór og annar maður brjótast inn í hús í Vogum þar sem lögregla stendur þá að verki og handtekur.
**22. ÁGÚST:** Yngsta stúlkan, sem er 16 ára gömul, er handtekin í Reykjanesbæ og er þá með í vörslu sinni 14,4 grömm af kannabisefnum.
**27. ÁGÚST:** Davíð Þór stelur kvenveski í Garði sem í var farsími, töluvert af reiðufé og ýmis bankakort. Fór síðan með óþekktum aðila í hraðbanka í Sandgerði og notaði kortin til að taka út 22.000 krónur.
**28. ÁGÚST:** Davíð Þór og Sigurbjörn Adam brjótast inn í hús í Reykjanesbæ og stela þaðan peningum, skartgripum, skólatösku, raftækjum, áfengisflöskum og ýmsu öðru smálegu. Yngsta stúlkan tekur við ýmsum munum úr innbrotinu og geymir.
**4. SEPTEMBER:** Sigurbjörn Adam vinnur skemmdir á jeppabifreið í Reykjanesbæ og stelur úr henni nokkrum bankakortum. Yngri höfuðpaurinn notar síðan hluta kortanna til að kaupa ýmsan varning.
**5. SEPTEMBER:** Davíð Þór brýst inn í íbúð í Reykjanesbæ og stelur þaðan fatnaði og síma, metið á tæplega 200.000 krónur. Stelur auk þess lyklum af bifreið og ekur um á henni án ökuréttinda í þrjá daga þar til lögregla handtekur hann.
**10. SEPTEMBER:** Sigurbjörn Adam stelur stafrænni myndavél og tveimur kreditkortum.
**11. SEPTEMBER:** Sigurbjörn Adam notar annað kortanna sem hann stal deginum áður og kaupir vörur að andvirði rúmlega 16.000 krónur í verslunum í Reykjavík.
**15. SEPTEMBER:** Davíð Þór og Sigurbjörn Adam ásamt yngri stúlkunum tveimur stela bifreið í Reykjavík og keyra til Húsavíkur.
**16. SEPTEMBER:** Sami hópur stelur bifreið á Húsavík og keyrir aftur suður. Eru grunuð um að hafa brotist inn í fjölmarga sumarbústaði í Borgarfirði á leiðinni og unnið á þeim eignarspjöll.
**19. SEPTEMBER:** Hópurinn brýst inn í félagsheimilið Árnes í Gnúpverjahreppi og stelur peningaskáp með hundruðum þúsunda króna í, veski með kortum, aragrúa raftækja, miklu magni af áfengi, 12 strengja gítar, sígarettum, kúrekahöttum, töskum, gosi, vindlum og vasaljósum.
**20. SEPTEMBER:** Davíð Þór og Sigurbjörn Adam handteknir á stolnum jeppa í Reykjavík nokkrum klukkustundum eftir að þeim var sleppt úr haldi. Klessa jeppann og veita mótspyrnu við handtöku.
**21. SEPTEMBER:** Davíð Þór og Sigurbjörn Adam úrskurðaðir í síbrotagæslu til 20. október.
**22. SEPTEMBER:** 5 grömm af kannabisefnum tekin af Sigurbirni Adam við komu hans á Litla-Hraun.
**JANÚARBYRJUN:** Davíð Þór brýst inn í fjölda sumarbústaða í Borgarfirði í slagtogi við aðra.
**12. JANÚAR 2007:** Davíð Þór handtekinn í Kópavogi vegna hrinu innbrota undanfarna daga. Úrskurðaður í gæsluvarðhald til 23. febrúar. Á önnur óklárúð mál hjá lögregluembættum víðs vegar um landið.
**15. JANÚAR 2007:** Aðalmeðferð vegna hluta ákæranna sem beinast gegn ungmennunum hefst.

BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
AJ ARMANI JEANS
FINUCCI collezione
Benvenuto.
LLOYD
REDGREEN
BELLINI collezione
bugatti

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
OG LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17






... ef þú kemur við á næstu Olís-stöð og lætur fylla bílinn af eldsneyti. Þannig færðu fría áfyllingu á rúðupissið í kaupbæti.

Meðan við fyllum á geturðu svo fengið þér pylsu og kók á tilboði.

Þorratilboð á þjóðarrétti Íslendinga pylsa og kók 199 kr.

olís

Við höldum með þér!

Himinn og haf / SÍA





Nefnd um einkaframkvæmd í samgöngumálum um fjáröflun til vegamála:

# Einkaframkvæmd álitleg leið

**SAMGÖNGUMÁL** Nefnd um einkaframkvæmd í samgöngum telur brýnt að finna fjáröflunarleiðir til að sinna mikilvægum samgönguframkvæmdum. Með einkaframkvæmd, sem byggist á veggjöldum, megi auka tekjur til vegamála. Þetta kemur fram í skýrslu sem nefndin hefur skilað til samgönguráðherra.

Í niðurstöðum segir að einkaframkvæmd sé álitleg leið ef hún að núvirði sé ódýrari kostur en eigin framkvæmd, ef hagkvæm leið til gjaldtöku sé fyrir hendi og vegfarendur geti valið aðra leið þegar sértækri gjaldtöku sé beitt. Nefndin telur koma til greina að vinna einstök, arðsöm eða brýn verkefni í einkaframkvæmd þótt veggjald og bein framlög þriðja aðila standi ekki undir öllum kostnaði og vill samstarf um einkaframkvæmd ef áhugaaðili tryggir fjármagn í formi veggjalds eða beinna framlaga sem standi undir kostnaði að langmestu leyti.

Í niðurstöðum nefndarinnar segir að auka þurfi gagnsæi ákvarðanatöku og breyta vinnulagi við röðun framkvæmda. Ýmsum brýnum verkefnum verði ekki sinnt nema til komi aukin fjárframlög. Auk einkaframkvæmdar hefur verið bent á „nýja gjaldtöku af umferðinni sem miðist við stað og stund notkunar vegakerfisins,“ segir einnig. - ghs



**VIÐ HVALFJARÐARGÖNG** Nefnd samgönguráðherra telur að einkaframkvæmd sé álitleg leið ef möguleikar til gjaldtöku séu fyrir hendi, svipað og gert er við Hvalfjarðargöngin.

Ríkisstjórinn í Kaliforníu hefur beðið bandarísku alríkisstjórnina um neyðaraðstoð:

# Fimmtíu látnir í vetrarhörkum

**BANDARÍKIN, AP** Meira en fimmtíu manns hafa látist í níu ríkjum Bandaríkjanna í miklum vetrarhörkum undanfarna daga sem hafa haft í för með sér ísingu, snjókomu, flóð og hvassviðri.

Þúsundir manna hafa leitað í neyðarskýli eftir að rafmagn fór af víða vegna kuldans. Seinnipartinn í gær voru um 340 þúsund heimili og fyrirtæki ennþá án rafmagns.

Í Kaliforníu hefur frost eyðilagt þrjá fjórðu af sítrusuppskerunni, að eins milljarðs dala virði. Ríkisstjórinn, Arnold Schwarzenegger, hefur í kjölfarið beðið alríkisstjórnvöld um neyðaraðstoð.

Bandaríska veðurstofan spáði áframhaldandi frosti í dag en von væri á sólskini sem ynni á ísnum á fimmtudag eða föstudag. - sdg



**VETRARRÍKI** Rafmagnslínur þola illa þungann af ísingunni eins og sjá má af þessari rafmagnslínu í Oklahoma sem ber nánast við veginn. MYND/AP


www.volkswagen.is



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6934

**Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka:**

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið

Kemur á markað hér 1. mars:

## PlayStation 3 vélar rokseljast

**TÆKNI** PlayStation 3 leikjatölvan, sem Sony fyrirtækið setti á markað í Bandaríkjunum og Japan í nóvember, hefur selst í meira en tveimur milljónum eintaka.

Markmið Sony er að hafa selt sex milljónir véla fyrir lok mars á þessu ári. Fyrsta þess mánaðar fer leikjatölvan í sölu í Evrópu og verður hún þá fáanleg hér á Íslandi.

PlayStation 2 er söluhæsta leikjatölva allra tíma en PlayStation 3 er sú útgáfanna þriggja sem hraðast hefur náð tveggja milljóna króna markinu. - sdg

Ungt fólk er í meirihluta þeirra sem sækja um endurhæfingu á geðdeild LSH:

# Helmingur fólksins yngri en 25 ára

**FÉLAGSMÁL** Ungt fólk er í miklum meirihluta þeirra sem sækja starfsendurhæfingu hjá geðsviði Landspítalans. Þetta segir Elín Ebba Ásmundsdóttir, forstöðumaður iðjuþjálfunar á geðdeild Landspítala. Hún segir helming skjólstæðinga sinna undir 25 ára aldri og 80 prósent þeirra yngri en 35 ára.

Í nýrri rannsókn kom fram að hvergi á Norðurlöndum er jafn mikið af ungum öryrkjum og á Íslandi. Einnig er bent á að öryrkjum vegna geðraskana hefur mikið fjölgað og er talið að þeirri þróun verði ekki snúið við nema til breytinga komi á kerfinu.



**ELÍN EBBA ÁSMUNDSDÓTTIR** Forstöðumaður iðjuþjálfunar á geðdeild Landspítala segir helming skjólstæðinga undir 25 ára aldri og 80 prósent þeirra yngri en 35 ára.

Elín segir að nauðsynlegt sé að skoða þessi mál ítarlega og bendir á að henni þyki engan veginn réttlætanlegt að starfsendurhæfing sé hýst á Landspítalanum, sem eigi fyrst og fremst að vera bráðasjúkrahús. Ekki sé gott fyrir ungt fólk að fara inn á sjúkrahús í starfsendurhæfingu.

Pétur Blöndal alþingismaður segir þróunina uggvænlega, bæði fyrir þjóðfélagið sem og það fólk sem verður öryrkjar. Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins, sem Pétur starfar innan, hyggst skila tillögum að nýjum lausnum í öryrkjamálum innan skamms.

„Markmiðið er að horfa á örorku út frá öðrum sjónarhornum, rækta getu öryrkja og sjá til þess að þeir haldi tengslum við vinnumarkaðinn. Einnig hefur verið bent á að kerfið sé óskaplega flókið og úr því þarf að bæta,“ segir Pétur. - kdk



**VÍGALEGAR VALKYRJUR** Þessar tvítugu konur miða á skotmark í sextíu metra fjarlægð í Toshiya-bogfimikeppninni í Kína. Alls tóku tvö þúsund keppendur núna þátt í þessari árlegu keppni. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrirspurn til forsætisráðherra:

## Hver má nota ráðherrabústaðinn?

**STJÓRNSÝSLA Mörður Árnason, alþingismaður Samfylkingar, vill að Geir Haarde forsætisráðherra upplýsi hvaða ráðherra ríkisstjórnarinnar fékk afnot af Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu að kvöldi föstudagsins 29. september 2006. Þetta kvöld kvaddi þingflokkur framsóknarmanna Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formann Framsóknarflokksins.**

**Að sögn framsóknarmanna var sú veisla sem haldin var í ráðherrabústaðnum þetta kvöld greidd af þeim sjálfum. „Telur forsætisráðherra eðlilegt að ráðherra útvegi Ráðherrabústaðinn til boðs á vegum aðila utan Stjórnarráðsins, til dæmis þingflokks?“ spyr Mörður enn fremur í fyrirspurn sinn.** - gar

Tímamótafriðarsamkomulag að komast til framkvæmda í Nepal:

# Afvopnun skæruliða er hafin

**NEPAL, AP** Fyrrverandi skæruliðar maóista í Nepal höfu í gær að afhenda vopn sín friðargæsluliðum á vegum Sameinuðu þjóðanna, eftir að fulltrúar byltingarsinna sóru eiða sem fulltrúar á bráðabirgðaþjóðþing landsins. Með 83 sæti af 330 mynda maóistar næststærsta þingflokkinn.

Með afvopnun skæruliðanna er tímamótafriðarsamkomulag að komast til framkvæmda í Nepal eftir áratugarlangan óróa og borgarastríð sem kostað hefur um 13.000 manns lífið. Maóistar, sem nutu stuðnings stórs hluta sveitafólks, héldu úti uppreisn gegn konungsstjórninni í landinu en féllust á að hætta vopnaðri baráttu eftir að Gyanendra konungur hætti að reyna að stjórna landinu sem einráður. Þá tókst samkomulag milli þeirra sjö flokka sem fengu fulltrúa kjörna á þing í síðustu kosningum og maóista um að koma saman nýju bráðabirgðaþingi og bráðabirgðaríkisstjórn með aðild allra flokkanna.

Fulltrúar allra flokkanna hafa enn fremur komið sér saman um nýja stjórnarskrá, sem verður í gildi til bráðabirgða uns næsta réttkjörna þing kemur saman, sem hafa mun lýðræðislegt umboð til að samþykkja varanlega stjórnarskrá og gera þar með út um það hvort landið verði áfram konungsríki eða ekki. - aa



**SÓRU EIÐA** Maóistar sverja eið sem fulltrúar á nepalska þinginu í Katmandú í gær. MYND/AP

Svíar spara í félagslega kerfinu:

## Leggja niður 1.400 kerfisstörf

**STOKKHÓLMUR, AP** Tryggingastofnun Svíþjóðar hyggst leggja niður 1.400 störf vegna niðurskurðar, sem eru tæp níu prósent starfsmanna. „Við verðum að nota þau fjárráð sem skattgreiðendur veita okkur á árangursríkan og skynsamlegan hátt,“ sagði Curt Malmborg, yfirmaður stofnunarinnar, sem taldi niðurskurðinn geta valdið vandamálum í byrjun en mundu til lengri tíma litið leiða til meiri skilvirkni. Helmingur fólksins er niðurskurðurinn tekur til mun fá uppsagnarbréf en hinum helmingnum verður boðið að segja upp eða fara á eftirlaun, samkvæmt tilkynningu sem stofnunin sendi frá sér í gær. - sdg



**CARL MALMBORG**




Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

**Golf Trendline kostar aðeins 1.998.000 kr.**

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# ÞORRINN í Krónunni



20% afsláttur af öllum Goða þorramat




Goða súrmatur 1,2 kg
20% afsláttur

Goða hangikjöt soðið
20% afsláttur

25% afsláttur

Stjörnu kartöflusalat 700g
299 kr./stk.

Stjörnu rófustappa
139 kr./stk.

334 kr. kg.
Goða saltkjöt ódýrt


50% afsláttur
149 kr. kg.
Móa kjúklingavængir
399 kr. pk.
Goða borgarar 4 stk m/brauði
40% afsláttur
389 kr. kg.
Móa læri/leggir
30% afsláttur
Gourmet ungnautagullash
30% afsláttur
Gourmet ungnautasnitzel
SPARAÐU STÓRT
Krónu súkkulaðikex 500g
249 kr./pk.
15% afsláttur
Heimilisostur
2 fyrir 1
Pepsi & Pepsi light 2 ltr
6 fyrir 4
KEA skyr 200g
Kexsmiðjan snúðar
299 kr./pk.
HAVRE GRYN
Super haframjöl
89 kr./pk.
Grand' Italia pasta & sósur
20% afsláttur
89 kr. stk.
Super- tómatsósa, sinnep & steiktur laukur
Frón heimiliskex
249 kr./pk.
KRÓNAN KRÓNAN KRÓNAN

# Skrifstofuvörur
á janúartilboði

Á tilboði í janúar 2007
Bréfabindi, ljósritunarpappír, merkipennar, töflutússar og veggklukka

148 kr.
Bréfabindi A4,
5cm og 8cm kjölur.

898 kr. pk.
Merkipennar,
bláir, svartir, rauðir og grænir, 12 stk í pk.

1.240 kr. ks.
Mopak ljósritunarpappír,
5x500 blöð í ks.



Katrín Edda Svansdóttir
- sölumaður í þjónustuveri RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Við minnum ríkisstofnanir og sveitarfélög á eftirtalda rammasamninga:
RK 02.15: Ritföng og skrifstofuvörur. RK 02.01: Ljósritunarpappír.

TUNGLIÐ RV6222B



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



ÚTSALA
Allt að
60%
afsláttur

Íslensku
ALPARNIR
FERÐAVERSLUN

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: skatabudin@skatabudin.com • www.skatabudin.com


Íslenskur lögfræðingur vekur eftirtekt í Lundúnum:

# Einn athyglisverðra erlendra lögmanna

**VIÐURKENNING** Guðmundur J. Oddsson, sem starfar við útibú Logos lögmannsþjónustunnar í Lundúnum, hefur af breska fagtímaritinu The Lawyer verið valinn einn af 40 athyglisverðustu erlendu lögfræðingunum í Bretlandi.

Segir The Lawyer að Guðmundur hafi einn síns liðs komið á fót útibúi fyrir Logos í Lundúnum með það að markmiði að nýta tækifæri sem auknar fjárfestingar Íslendinga í Bretlandi hafi í för með sér.

„Svo vel hefur gengið hjá Guðmundi að Logos hefur nú sent annan lögfræðing til Lundúna og stefnir enn fremur að því að ráða reynda breska lögmenn til starfa,“ segir í The Lawyer. **- gar**



**GUÐMUNDUR J. ODDSSON** Forstöðumaður útibús lögmannsþjónustunnar Logos í London.

# Margrét íhugar framboð til formanns

**Margrét Sverrisdóttir segir Guðjón Arnar hafa kastað stríðshanskanum með stuðningsyfirlýsingu sinni við Magnús Þór. Staða hennar sé nú snarbreytt.**

**STJÓRNMÁL** Margrét Sverrisdóttir segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formann Frjálslynda flokksins, hafa leikið af sér með stuðningsyfirlýsingu við Magnús Þór Hafsteinsson í varaformannsembætti flokksins í hádegisfréttum Stöðvar 2 í gær. Hún hafi nú enga sérstaka ástæðu til að fara ekki alla leið gegn Guðjóni í formannsframboð, en hún tilkynnti í fyrradag að hún sæktist eftir varaformannsembætti Magnúsar.

„Mér finnst það ansi harkalegt að Guðjón sé ekki bara hlutlaus í þessu og leyfi okkur að taka þennan slag á eigin forsendum. Ef það er búið að mynda svona kosningabandalag er það bara til að fella mig og ef ég á að hlaupa á þennan veg, þá get ég alveg eins farið alla leið.“

> Ef ég á að hlaupa á þennan vegg, þá get ég alveg eins farið alla leið.
>
> **MARGRÉT SVERRISDÓTTIR**

Margrét segir þetta líkt kjaftshöggi, því hún hafi með framboði sínu verið að rétta fram sáttarhönd til formannsins. „Þeir greinilega vanmeta þá sem fylgja mér og nú hefur Guðjón gerst sekur um röð afleikja. Formaðurinn er að kasta stríðshanskanum og mér finnst hann stefna flokknum lóðbeint í klofning með þessari afdráttarlausu og óþörfu yfirlýsingu.“ Margrét hefur ekki tekið endanlega ákvörðun en talar um „snarbreytta stöðu“ sína.



**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR** Útilokar ekki að hún fari „alla leið“ og bjóði sig fram gegn Guðjóni Arnari, formanni flokksins. Hann hafi fúlsað við útréttri sáttarhönd. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Guðjón Arnar segir lífssýn sína hafa ráðið úrslitum. Hann standi með sinni áhöfn. „Magnús hefur staðið sig vel sem varaformaður og fer vaxandi. Ef maður hefur góða áhöfn á maður auðvitað ekki að lýsa því yfir að maður sé í vafa með áhöfn sína og hefði Margrét verið í hans sporum síðustu fjögur árin hefði ég örugglega stutt hana.

Hins vegar er öllum frjálst að bjóða sig fram og það er hlutverk landsþingsins að kjósa í allar stöður. Margrét er búin að vinna fyrir okkur í flokknum í mörg ár og hefur gegnt fjölda af trúnaðarstöðum. Ég er ekki að segja að hún standi sig illa. Ég er bara að segja fólki að ég hef góðan stýrimann og ég sé enga ástæðu til að vera að skipta honum út.“

Guðjón vill lítið gefa fyrir hugsanlegan klofning og segir það vera „einkennilega framsetningu að tala um klofning þótt einhver fari í framboð og fái ekki það embætti sem sóst var eftir“.

**klemens@frettabladid.is**




**LEIGUBÍLAR** Leigubílastöð fær ekki aðgang að sakaskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tryggingafélögum og leigubílastöðvum synjað:

# Fá ekki aðgang að sakaskránni

**PERSÓNUVERND** Tryggingafélög og leigubílastöðvar eiga ekki að fá aðgang að upplýsingum í sakaskrá. Þetta er niðurstaða Persónuverndar, sem Ríkissaksóknari óskaði eftir umsögn frá eftir að embættinu bárust beiðnir frá tryggingafélagi og leigubílastöð sem vildu upplýsingar úr sakaskránni. Persónuvernd segir Vegagerðina en ekki leigubílastöðvar gefa út atvinnuleyfi til leigubílstjóra og geta fylgst með að þeir hafi sakavottorð í lagi. Þá verði ekki séð að almannahagsmunir standi til þess að tryggingafélög geti fengið afhentar upplýsingar úr sakaskrá. **- gar**

Íhaldsmenn í Bæjaralandi:

# Þrýst á Stoiber að hætta



**EDMUND STOIBER** Skundar á flokksfund CSU í Wildbad Kreuth í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÞÝSKALAND, AP** Íhaldsmenn í Bæjaralandi slógu því á frest í gær að gera út um það hvort flokksleiðtoganum og forsætisráðherranum Edmund Stoiber yrði gert að draga sig í hlé.

Þrýst er á Stoiber að hætta við að bjóða sig fram til endurkjörs eitt kjörtímabilið enn, þegar kosið verður til héraðsþings Bæjaralands á næsta ári, en hinn 65 ára gamli Stoiber hefur farið fyrir héraðsstjórninni óslitið í fjórtán ár.

Stuðningur kjósenda við endurtekið framboð Stoibers fer þverrandi í skoðanakönnunum. Ekkert augljóst arftakaefni er þó í sjónmáli. **- aa**

## Þriðja bylgja fuglaflensu lætur á sér kræla

Staðfest hefur verið að fjórtán ára drengur í Indónesíu dó úr fuglaflensu. Sjúkdómurinn hefur einnig komið upp á ný í Víetnam, þar sem H5N1-veiran hefur greinst í fiðurfé. Í Kína hefur líka verið tilkynnt um fyrsta dauðsfallið síðan í júlí.

2003 | 2004 | 2005 | 2006

**Fyrsta bylgja:** Hröð útbreiðsla í alifuglum í Asíu. Skætt afbrigði veirunnar smitar menn. Af 117 sem vitað er að smitast deyja 64.

**Önnur bylgja:** Smit berst með farfuglum til Quinghai-vatns í Kína í maí 2005 og síðan til Evrópu, Afríku og Miðausturlanda. Yfir 90 manns deyja.

**Þriðja bylgja:** Nýtt „Fujian“-afbrigði veirunnar greinist í Kína, Laos, Malasíu og Víetnam.




Heimild: WHO © GRAPHIC NEWS

Fuglaflensa orðin árviss vágestur:

# Ný dauðsföll í Asíu

**INDÓNESÍA, AP** Dauðsföll sem rakin eru til fuglaflensusmits í heiminum, frá því það greindist fyrst í mönnum árið 2003, eru nú komin yfir 160 eftir að tvær konur og unglingspiltur dóu úr veikinni á sjúkrahúsi í Djakarta í Indónesíu. Kínversk yfirvöld hafa einnig tilkynnt um fyrsta dauðsfallið af völdum fuglaflensu síðan í júlí. Og nú hafa japönsk yfirvöld staðfest að 4.000 kjúklingar á alifuglabúi syðst í Japan hefðu drepist úr hinu skæða H5N1-afbrigði fuglaflensuveirunnar. Í Japan er annars aðeins vitað um eitt tilfelli þar sem maður smitaðist af veirunni, en enginn hefur dáið úr slíku smiti þar í landi.

Í Indónesíu eru þetta fyrstu dauðsföllin af völdum fuglaflensu frá því í haust. Að minnsta kosti 60 manns hafa dáið úr veikinni í landinu frá því hið skæða H5N1-afbrigði veirunnar smitaðist fyrst úr alifuglum í menn á árinu 2003. Þetta er meira en þriðjungur allra dauðsfalla af völdum veikinnar í heiminum, svo vitað sé.

Enn sem komið er berst fuglaflensusmit ekki í menn nema þeir séu í mjög náinni snertingu við sýkta fugla og mannfallið af völdum veikinnar er aðeins brotabrot af þeim hundruðum þúsunda sem deyja á hverju ári í þróunarlöndunum úr ýmsum smitsjúkdómum sem auðveldlega væri hægt að lækna.

Sérfræðingar í faraldursfræðum óttast hins vegar að fuglaflensuveiran kunni að stökkbreytast þannig að hún smitist auðveldlega frá manni til manns, en gerist það gæti hún valdið heimsfaraldri sem kostað gæti milljónir manna lífið líkt og spænska veikin svonefnda árið 1918. **- aa**

25 svöruðu auglýsingu sem var á pólsku:

# Pólskan virkar vel



**JÚLÍUS KRISTJÁNSSON**

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuauglýsingar á pólsku skila fleiri umsóknum til auglýsandans en hinar, segir Júlíus Kristjánsson, starfsmannastjóri Hýsingar, vöruhótels við Skútuvog.

Síðustu helgi auglýsti Júlíus eftir starfsmönnum í Fréttablaðinu, bæði á íslensku og á pólsku. Umsóknir voru þrjátíu talsins og 25 þeirra voru frá Pólverjum.

Í auglýsingunni var tekið fram að greitt væri yfir taxta Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. „Við höfum frétt af því að oft sé farið illa með þetta fólk,“ segir Júlíus. „En okkar kerfi er þannig að við veljum ekki eftir þjóðerni, kyni eða aldri. Við veljum og borgum eftir hæfni fólksins.“ **- kóþ**


# Peningar og punktar, allt sem þú þarft!

e² Vildarkort er nýtt VISA kreditkort sem veitir korthöfum bæði Vildarpunkta Icelandair og endurgreiðslu – allt í sömu færslunni, hvar sem þú verslar innanlands.



**Kostir e² Vildarkortsins:**

- Þú þarft engu að breyta í innkaupum – Þú færð bæði Vildarpunkta og endurgreiðslu **hvar sem þú verslar innanlands.**
- Þú færð Vildarpunkta og endurgreiðslu af **öllum boðgreiðslum** eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð **0,65–25% viðbótarendurgreiðslu eða viðbótarvildarpunkta** og ýmis sértilboð hjá næstum 400 fyrirtækjum.
- Með því að nota e² Vildarkortið geturðu áunnið þér **tugi þúsunda Vildarpunkta** sem hægt er að nota til að komast út í heim með Icelandair og **tugi þúsunda króna** sem þú notar í það sem þér hentar!

## Þú sækir um á www.e2.is

Allir geta sótt um kortið óháð viðskiptabanka



SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

Vildarkort
Allt í einu korti

## „ORÐRÉTT“

*Skúrkur eða kvenskörungur?*

**„Hallgerður var hetja, þótt margar karlrembur hafi í gegnum tíðina kosið að minnast hennar sem skúrks.“**

JÓN ÓLAFSSON Í FLJÓTSHLÍÐ HREINSAR MANNORÐ FORMÆÐRANNA OG REISIR ÞEIM HOF.

Fréttablaðið, 17. janúar.

*Konur til að horfa á*

**„Þegar verið er að skipuleggja viðburði í skemmtanalífinu þá er það aldrei gert á jafnréttisgrundvelli. Hugsunin er aldrei sú að kynin séu kynverur saman heldur aðeins að konurnar séu til staðar fyrir karla.“**

KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR, TALSKONA FEMÍNISTAFÉLAGSINS, ÆTLAR EKKI AÐ MÆTA Í PLAYBOY-PARTÍ Á NASA.

Blaðið, 17. janúar

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** FJÓLA EINARSDÓTTIR, FORMAÐUR SAMFÉLAGSINS

# Leggur parkett og heldur tónleika



„Það sem er að frétta er nú helst tónleikarnir sem við erum að halda í Stúdentakjallaranum í kvöld til styrktar götubarnaheimili í Namibíu,“ segir Fjóla Einarsdóttir, formaður félags framhaldsnema við félagsvísindadeild HÍ.

„Venancius Rukero stofnaði heimilið. Hann er fyrrum götubarn og lenti á götunni sex ára, bjó undir brú og betlaði fram að tólf ára aldri. Síðan fór hann í vændi og smitaðist af alnæmi. Ég kynntist Venancius í Namibíu, en þar var ég að gera rannsókn um götubörn.

Annars er ég á fullu að skrifa fyrir Stúdentablaðið og er með þrjár greinar sem ég þarf að skila af mér fyrir föstudaginn. Svo það er nóg að gera, því ég er líka í kosningabaráttu til Stúdentaráðs á Vökulistanum. Ég verð í einu af efstu fimm sætunum og það er kominn mikill kosningahugur í stelpuna.

Einnig er ég í gæðanefnd Háskólans og það er mikill lestur í því og undirbúningsvinna, en ég sé ekki eftir tímanum. Mér finnst ég reyndar svolítið lítil innan um þessa virtu prófessora, en ég reyni að standa fyrir mínu.

Svo þarf ég að fara að undirbúa afmæli þrettán ára sonar míns, en sjálf er ég tuttugu og átta ára. Vinir hans eru farnir að vaxa yfir mig og svara mér með skætingi. Ég urra þá bara á móti.

Í hjáverkum er ég síðan að leggja parkett fyrir vini og vandamenn og það gengur bara ótrúlega vel. Mér finnst mjög gaman að leggja parkett! Ég byrjaði bara ein og nú er verið að kalla mig til verka annars staðar,“ segir Fjóla, sem stefnir ótrauð aftur til Namibíu næsta haust.

## SJÓNARHÓLL
MÁLEFNI RÚV

### *Virkar á mann sem kredda*



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Ég skil ekki þetta „ohf.“ og hefði haldið að nær hefði verið að gera sjálfseignarstofnun úr Ríkisútvarpinu, sem við eigum öll. Það er eitthvað sem gengur ekki upp í hugmyndinni um „opinbert hlutafélag“ með aðeins einum hluthafa. Þetta virkar á mann eins og kredda úr þeirri undarlegu blöndu af markaðshyggju og ríkistrú sem stjórnar Sjálfstæðisflokknum. Ég vona að minnsta kosti að þetta sé ekki fyrsta skrefið í að gera stofnunina að deild í Bakkavör eða „Kööúúúpthingi“. En við skulum bíða og sjá: Kannski batnar sjónvarpsdagskráin. Ríkisútvarpið er fullt af frábæru starfsfólki sem er kannski ekki að glenna sig út um allar þorpagrundir en vinnur sína vinnu af trúmennsku og mikilli fagmennsku. Hvað verður um réttindi þessa fólks? Um þetta snýst málið: Starfsfólkið, áframhaldandi þjóðareign og betri dagskrá, og að önnur fjölmiðlun fái þrifist með Ríkisútvarpinu.

Stjórnarandstaðan hefur því miður einbeitt sínu linnulausa fargi um málið að einhverjum ESA-úrskurði sem vonlaust er að koma sér upp á og á og því hvort Páll Magnússon megi tjá sig um málið.

# Í óþökk ríkisvaldsins

**Helgi Hóseasson lætur ekki deigan síga. Mótmælandi Íslands hefur nú sett saman skýrslu upp á tugi blaðsíðna sem hann reynir að fá útgefna. Að sjálfsögðu í óþökk yfirvalda.**




**Í ÓÞÖKK YFIRVALDA** Mótmælaskiltin eru fjölmörg og þótt þau hafi oft verið eyðilögð fyrir Helga gefst hann ekki upp og heldur áfram að láta í sér heyra.

Um leið og stigið er yfir þröskuldinn á heimili Helga Hóseassonar verður manni ljóst að þar býr maður með skoðanir. Á veggjunum hanga blaðaúrklippur um málefni líðandi stundar og mótmælaskiltin leynast í hverju horni. „Blóð Busi Dóri Davíð“ stendur skrifað á eitt þeirra enda flestum ljóst að Helgi er lítt hrifinn af Íraksbrölti Bandaríkjamanna.

„Busi Bandóðríkjaforseeti beitir sér fyrir manndrápum í Írak með samþykki Íslendinga og hver er með mótmæli nema ég?“ spyr Helgi um leið og hann dregur fram þykkan doðrant og leggur á eldhúsborðið. „Þetta er skýrslan sem ég hef samið,“ segir hann. „Ég þyrfti að fá svona 16 eintök af þessari bók til þess að dreifa og mótmæla þessum glæpaverkum. Að gera Íslendinga formlega þátttakendur í því að drepa tugþúsundir manna austur í löndum. Það er alveg furðulegt að ríkisstjórninni skuli haldast það uppi, óáreitti,“ segir Helgi og blaðamaður spyr að bragði hvort Íslendingar kunni nokkuð að mótmæla lengur. „Þeir kunna að samþykkja,“ svarar Helgi. „Þeir Busi Bandaríkjaforseti og íslensku ráðherrarnir Dóri og Davíð gerðu þetta hernaðarbandalag á sínum tíma. Ríkisstjórnin og þingið hafa samþykkt þetta og þessu er ómótmælt af almenningi.“



**ÞRÆLAR OG HIMNADRAUGAR** Helgi leitar nú að útgefanda fyrir handrit sitt.

Yfirgangur stjórnvalda í Íraksstríðinu er ekki það eina sem Helga liggur á hjarta og í bókinni sem hann hefur skrifað er deilt á ýmislegt í samfélaginu á hvorki meira né minna en 240 blaðsíðum. „Ég vitna í nokkra menn og birti þarna vísur eftir Pál Ólafsson og Þorstein Erlingsson en uppistaðan er mitt eigið efni sem hefur útheimt heilmikla vinnu. Fyrir mér er þetta stanslaus barátta við bölvað ríkisvaldið og ég er friðlaus fyrir þessu. Ég þyrfti að fá bókina útgefna en þeir sem ég hef leitað til hafa ekki viljað beita sér gegn ríkisvaldinu.“

Titill bókarinnar „Þrælar og himnadraugar“ er ekki úr lausu lofti gripinn. „Íslenskir stúdentar í Danmörku kölluðu danska lögregluþjóna þræla og þaðan hef ég þetta. Já og himnadraugar, það er nú enn önnur vitleysan. Ríkisvaldið beitir sér fyrir því að börn viðurkenni að úldið arabakjöt sé uppi á himnum. Það er furðulegt að sækja draugasögur austur til arabalanda og láta fólk hérna norður við sjó trúa þessari vitleysu,“ segir Helgi og á þar við kristnidóminn og upprisu frelsarans. „Þeir tala um upprisu en hér á Íslandi erum við vön að kalla svona fyrirbæri afturgöngur. Þetta er nú meiri vitleysan. Og svo vill ríkisvaldið að við trúum þessum andskota,“ segir Helgi hneykslaður.



**MÓTMÆLANDINN** „Ég ákæri ríkisvaldið fyrir að gera herbandalag við örgustu glæpaklíku sem verið hefur á jörð, bandarísku ríkis-óstjórnina í Washington,“ segir Helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**STRÍÐ**

Stöðugt frómir rimmu rjá
rekkar, kanna vana.
Væga dóma fantar fá
fyrir manna bana.

En er Helgi þá trúleysingi? „Ég hef skoðun á hlutunum en ekki trú. Trú er ekki trúverðugt fyrirbæri en ég reyni eftir bestu getu að mynda mér skoðun um hvað eina,“ segir Helgi, sem er hvergi nærri hættur að mótmæla. „Ég er orðinn 88 vetra gamall en ég gefst ekki upp. Ég veit að ég næ ekki árangri, hvorki hjá almenningi né þessum þrælum, en ég hætti ekki að mótmæla fyrir því. Það er það eina sem ég get veitt minni persónu, að standa við það sem ég hef áður sagt og mótmæla því að íslensk þjóð sé dregin inn í þetta stríð,“ segir Helgi og sýnir blaðamanni úrklippu sem hann hefur hengt upp í eldhúsinu, með fréttamynd frá Írak. „Sérðu angistina í þessu barnsandliti?“ spyr Helgi og bendir með bognum fingri á myndina. „Þessi stúlka er nýbúin að missa báða foreldra sína og þessu tókum við þátt í.“

thorgunnur@frettabladid.is


**Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni**




Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ – Vel lesið

*Gallup maí 2006




**682** kr/kg. áður 909 kr/kg.
Borgarnes saltkjöt blandað




**2.064** kr/kg. áður 2.949 kr/kg.
KEA hangiframpartur soðinn

**2.232** kr/kg. áður 3.189 kr/kg.
KEA hangilæri soðið




**310** kr/kg. áður 619 kr/kg.
Goða lambasvið




**1.394** kr/kg. áður 1.858 kr/kg.
Grand Or. helgarsteik




**1.741** kr/kg. áður 2.679 kr/kg.
Matfugl kjúklingabringur




**2 fyrir 1**
Chicago Town pizza




**49** kr/kg. áður 99 kr/kg.
Pripps léttöl 0.5 ltr. í dós

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 18. janúar til 21. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**nettó**
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

18.-28. janúar

lága verðið um land allt

# Sama

# 30-7

af **öllum** hrei

# SPRENGI VIKA

# 70%
afsláttur
nlætistækjum

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## Svona erum við

> Afli í tonnum talið í desembermánuði




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** SAUÐFJÁRSAMNINGAR

# *Ríkisstuðningur við sauðfjárbændur*

Samningaviðræður milli sauðfjárbænda og ríkisins um nýjan sauðfjársamning standa yfir um þessar mundir, en núverandi samningur rennur út um næstu áramót.

**Hvað er sauðfjársamningur?**
Í sem einföldustu máli er sauðfjársamningur samningur um fjárhagslegan stuðning landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkisins við Bændasamtök Íslands fyrir hönd sauðfjárbænda. Gerður var samningur til sex ára frá 1. janúar 2007.

**Hvað felst í þeim samningi sem nú er í gildi?**
Í þeim samningi sem nú er í gildi kemur fram að markmiðin með samningnum séu að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda, að ná fram aukinni hagræðingu í sauðfjárrækt, að halda jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða, og að efla fagmennsku, þekkingu og þróun í sauðfjárrækt ásamt öðru.
Í samningnum sem nú gildir er kveðið á um árlegar beingreiðslur til bænda upp á 1.740 milljónir króna sem skiptast hlutfallslega milli framleiðenda eftir fjölda kinda. Við það bætast jöfnunargreiðslur sem renna til bænda sem nýlega hafa hafið búskap, eða eru að bæta við sig umtalsverðum fjölda kinda.

**Hvernig kemur útflutningsskyldan inn í sauðfjársamninga?**
Inni í samningunum er gert ráð fyrir ákveðinni útflutningsskyldu, það er að bændur skuldbinda sig til að selja ákveðið hlutfall framleiðslu sinnar á markaði erlendis. Á síðasta ári voru flutt út um 700 tonn, og var það nokkru minna en árin á undan. Framleiðendur annarra kjötvara eru ekki bundnir af svipuðum ákvæðum um útflutningsskyldu.
Heimildir herma nú að ríkið vilji fella niður útflutningsskylduna í þeim samningaviðræðum sem nú eru í gangi. Andstaða er við það meðal bænda, enda telja þeir markað fyrir lambakjöt takmarkaðan hér á landi og óttast breytingar á því jafnvægi sem verið hefur á markaðinum hér á landi.



**SPURT & SVARAÐ**
**NÝR REKTOR Á BIFRÖST**

## *Vill auka rannsóknir*

Ágúst Einarsson, fyrrverandi prófessor við Háskóla Íslands, tók í vikunni við starfi rektors við Háskólann á Bifröst.



**ÁGÚST EINARSSON** háskólarektor á Bifröst

**Hvaða verkefni hafa átt hug þinn og hjarta?**
Ég er kominn á bólakaf við að stjórna hér skólanum, fara yfir skipulag, fjármál og námslýsingar og annað þess háttar þannig að það hefur verið nóg að gera frá morgni til kvölds undanfarna daga og verður áfram.

**Hver eru markmiðin?**
Við eigum í miklum samskiptum við útlönd og ég vil auka þau, bæta hér kennslu og auka rannsóknir.

**Verður eitthvað af nýjungum?**
Já, það fylgja nýjum manni alltaf nýjungar. Þær munu koma í ljós smátt og smátt. Ég vil auka fjarkennslu og samskipti við skóla hérlendis og erlendis, sérstaklega við aðra skóla á landsbyggðinni. Skólarnir eru lífakkeri hinna dreifðu byggða og ég hef áhuga á að það haldi.

# Tímamót í sögu Háskóla Íslands

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu samning um kennslu og rannsóknir við Háskóla Íslands í síðustu viku. Um tímamótasamning er að ræða fyrir starf HÍ. Vísindamenn einkarekinna háskóla gagnrýna samninginn og vilja að keppt sé um rannsóknafé á jafnréttisgrundvelli.**

Langtímamarkið Háskóla Íslands er að komast í hóp hundrað bestu háskóla heims. Framtíðarsýnin grundvallast á umfangsmiklu stefnumótunarstarfi sem hófst fyrir rúmu ári síðan þar sem meirihluti starfsmanna skólans og fjöldi stúdenta lögðust á eitt um að greina hvert skólinn vildi stefna á næstu árum og hvernig markmiðum skyldi náð.

### Bláköld staðreynd

Á árunum 2004 og 2005 voru gerðar þrjár umfangsmiklar úttektir á ólíkum þáttum í starfsemi HÍ. Í kjölfarið skipuðu fráfarandi rektor, Páll Skúlason, og Kristín Ingólfsdóttir nefnd sumarið 2005 sem hafði það hlutverk að taka saman niðurstöður undirbúningsvinnunar og setja fram tillögur um viðbrögð. Samhliða hófst vinna á vettvangi deilda og stjórnsýslu skólans. Einnig var leitað til fjölmargra sérfræðinga innan og utan skólans; fulltrúa stúdenta í grunn- og framhaldsnámi, nýdoktora, fulltrúa atvinnulífs, menningarlífs, stjórnvalda og erlendra sérfræðinga.

Við brautskráningu kandídata í Háskólabíói í febrúar 2006 greindi rektor HÍ síðan frá því að eftir samráð við fulltrúa Háskólaráðs og deildarforseta hefði langtímamarkmið skólans verið sett um að gera HÍ að einum af hundrað bestu háskólum heims. Þessi yfirlýsing vakti mikla athygli og efasemdir um getu íslenskrar menntastofnunar til að ná slíku markmiði. Það væri bláköld staðreynd að samkeppni milli þjóða á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar ykist með hverju árinu og stefnumótunin ætti að snúast um að gera skólann að afburða menntastofnun en markmið um að verða einn af hundrað bestu væri of háleitt og þjónaði ekki tilgangi í sjálfu sér.

### Topp fimm hundruð

Í dag er Háskóli Íslands ekki í hópi fimm hundruð bestu háskóla heims, samkvæmt Shanghai Jiao Tong listanum (SJT) yfir bestu háskóla heims. Litlu mun þó muna að skólinn komist í þann hóp en um tvö þúsund skólar eru metnir inn á lista SJT, sem flestir horfa til varðandi mat á bestu menntastofnunum samtímans. Bent hefur þó verið á að við mat á gæðum er mjög horft til gæða raunvísindadeilda (sérstaklega verk- og stærðfræðideilda), og birtinga greina frá skólunum sem tengjast slíku námi. Þegar aðrir mælikvarðar eru notaðir, til dæmis á gæði félagsfræði- og hugvísindadeilda, horfir öðruvísi við. Því hefur markmið skólans verið gagnrýnt en undir niðri liggur þó aðeins sá metnaður að bæta starf skólans verulega. Markmið um að komast í hóp hundrað bestu háskóla heims er ekki verra en hvað annað í slíkri viðleitni. Kristín Ingólfsdóttir rektor hefur bent á að skólarnir sem fylla flokk þeirra bestu hafi ekki komist þangað fyrir tilviljun heldur sé árangurinn afrakstur markvissrar og metnaðarfullrar menntastefnu sem nú hefur verið lokið við að móta innan HÍ.



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Stóraukið fé til rannsókna innan HÍ er talið gera skólanum kleift að ná langtímamarkmiðum sínum. Fjárveitingin hefur verið gagnrýnd með þeim rökum að slíkir fjármunir nýtist betur í samkeppnissjóði þar sem keppt er um fjármagn.

### Markmið samningsins

Samningur ríkisins og HÍ felur í sér að fjárveitingar til rannsókna þrefaldast á samningstímanum og aukast framlög til kennslu um 75 prósent samanborið við framlög á fjárlögum árið 2006. Rannsóknarframlög til Háskóla Íslands hækka með samningnum um 640 milljónir árlega á tímabilinu 2008 til 2011 eða um tæpa þrjá milljarða í lok samningstímabilsins.

Í samningnum er meðal annars stefnt að því að stórefla rannsóknartengt framhaldsnám við Háskólann með því að fimmfalda fjölda brautskráðra doktora og tvöfalda fjölda brautskráðra meistaranema á samningstímabilinu. Framboð námskeiða í framhaldsnámi verður aukið, meðal annars með auknu samstarfi við erlenda háskóla. Fjölga á birtingum vísindagreina kennara við Háskóla Íslands í virtum, alþjóðlegum, ritrýndum tímaritum og útgáfu bóka gefnum út hjá virtum bókaútgefendum. Auknum framlögum í Rannsóknasjóð Háskólans er ætlað að efla doktorsnám og að undirbúa umsóknir til alþjóðlegra samkeppnissjóða. Jafnframt er gert ráð fyrir að Háskólinn móti sér skýra stefnu um fjarkennslu fyrir árslok 2007 og fjarkennsla verði efld í völdum greinum. Jafnframt er ætlunin að auka samstarfið við rannsókna- og náttúrufræðisetrin á landsbyggðinni.

### Gagnrýni

Ekki er búið að taka ákvörðun um hvernig viðbótarframlögum til rannsókna verður varið innan HÍ. Kristín Ingólfsdóttir segir það verða vandasamt en tæplega fimmtíu rannsóknastofnanir eru starfræktar innan vébanda Háskóla Íslands. Líklegt er talið að fénu sem rennur til Háskólans á næstu árum verði skipt jafnt niður á milli rannsóknastofnana innan Háskólans. Þetta er gagnrýnt og bent á að mun líklegra til árangurs sé að láta fé renna í samkeppnissjóði. Vísindamenn græði meira á því að sækja um fé; að keppt sé um peningana og þeir hæfustu fái styrki því þannig nýtist rannsóknafé best.

Vísindamenn í Háskólanum í Reykjavík hafa bent á að eini stóri íslenski rannsóknasjóðurinn, Rannís, veiti um sex hundruð milljónir í styrki á ári. Þar er ávallt krafist mótframlags umsækjenda, oft í formi launa og aðstöðu til rannsókna, en ef því fé sem veitt er til rannsókna innan HÍ með nýgerðum samningi yrði veitt í Rannís væri hægt að losna við kröfuna um mótframlag. Þeir benda á að eftir aukafjárveitinguna eigi vísindamenn innan HÍ mun meiri möguleika á styrkjum úr Rannís en aðrir vísindamenn, þar sem þeir fái mótframlagið tryggt frá ríkinu. Þetta skekki myndina því eftir því sem mótframlagið sé hærra séu vísindamenn samkeppnishæfari um að hljóta styrki úr samkeppnissjóðum. Eins er bent á að svo hátt framlag eins og HÍ fær muni gera Rannís erfitt fyrir að sækja fé til þess að auka samkeppnisstyrki til vísindamanna frá því sem nú er.

### Flaggskipið

Hvað sem allri gagnrýni líður er háskólasamfélagið sammála um að nauðsynlegt hafi verið að stórauka framlög til rannsókna á háskólastigi. Eins hefur verið bent á að einn stór alhliða háskóli þurfi að vera til staðar hér á landi og aukin fjárframlög til hans séu eðlileg; þær beri ekki að skoða í samhengi við starf annarra háskóla í landinu eða fjárframlög ríkisins til þeirra. Eðlismunur á námsframboði og skyldum menntastofnana sé of mikill til þess. Hitt er það að vísindamenn innan háskólanna allra, þar á meðal Háskóla Íslands, deila um þá leið sem nú er farin og telja að markmiðum menntamálayfirvalda yrði frekar náð með því að gefa fleirum tækifæri til að nýta rannsóknaféð sem Háskóli Íslands fær næstu árin.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

### 10 BESTU HÁSKÓLAR HEIMS*

| | |
|---|---|
| 1. Harvard | USA |
| 2. Cambridge | Bretland |
| 3. Stanford | USA |
| 4. Berkeley | USA |
| 5. MIT | USA |
| 6. Kaliforníu háskóli | USA |
| 7. Columbia | USA |
| 8. Princeton | USA |
| 9. Chicago háskóli | USA |
| 10. Oxford | Bretland |

### 10 BESTU HÁSKÓLAR EVRÓPU

| | |
|---|---|
| 1. Cambridge | Bretland |
| 2. Oxford | Bretland |
| 3. Imperial Coll. London | Bretland |
| 4. London College | Bretland |
| 5. Swiss FIT | Sviss |
| 6. Utrecht | Hollandi |
| 7. Parísarháskóli | Frakklandi |
| 8. Karólínska Institutet | Svíþjóð |
| 9. Manchester | Bretland |
| 10. München | Þýskalandi |

### HÁSKÓLAR Á NORÐURLÖNDUM Á TOPP 100

| | |
|---|---|
| Karólínska Institutet | (48) |
| Kaupmannahafnarháskóli | (56) |
| Háskólinn í Uppsölum | (65) |
| Oslóarháskóli | (68) |
| Háskólinn í Helsinki | (74) |
| Háskólinn í Lundi | (90) |

*Listi Shanghai Jiao Tong







SAFT (samfélag, fjölskylda og tækni) vinnur markvisst að almennri vakningu um örugga og ábyrga notkun á Netinu og tengdum miðlum. Kynntu þér örugga netnotkun og heilræði SAFT á www.saft.is

AUGA — Auglýsingar afl til góðra verka

AUGA er stuðningssjóður stofnaður af samtökum og fyrirtækjum í auglýsingaiðnaðinum, með það hlutverk að styðja gerð og birtingar auglýsingaherferða fyrir góð málefni. Þessi herferð er fyrsta verkefni AUGA. Nánari upplýsingar á www.sia.is/auga

vodafone

## Útgjöldin

> Meðalverð á kílói af rúsínum



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ÞÓRHALLUR GUNNARSSON

## *Hefur eytt milljónum í sígarettur*

„Hver einasti sígarettupakki sem ég hef keypt í gegnum árin hefur verið afar slæm kaup,“ segir sjónvarpsmaðurinn góðkunni Þórhallur Gunnarsson og dæsir við tilhugsunina. Við lauslega útreikninga kemur í ljós að Þórhallur hefur eytt um það bil sjö og hálfri milljón í sígarettupakka í gegnum tíðina. „Ég hef reykt um það bil einn og hálfan pakka á dag frá því ég var unglingur. Það er víst ekki allt of sniðugt,“ bætir hann við.

Þórhallur viðurkennir að honum hafi þótt margar af þeim stundum sem hann átti með sígarettu í hönd ánægjulegar en hann hafi nú hamingjusamlega snúið baki við þessum forna fjandvini sínum, sígarettunni.



Um bestu kaup ævinnar hefur hann lítið að segja. „Ég held að ég hafi aldrei á ævinni gert góð kaup. Verðgildi þess sem ég kaupi hrynur alltaf strax. Ætli ég verði nú samt ekki að nefna nikótínnefúðann sem ég nota núna. Hann er dýr en mikið óskaplega hefði ég nú getað gert margt skemmtilegt við þessar milljónir sem ég hef eytt í sígarettur í gegnum tíðina,“ segir Þórhallur og stynur þungan af eftirsjá yfir verstu kaupum ævi sinnar.

## GOTT HÚSRÁÐ

### ÚTREYKT FÖT Á OFNINN

■ *Ása Björk Ólafsdóttir Fríkirkjuprestur kann ráð við reykingalykt í fötum.*



Það er mikil plága þegar reykingalykt er í fötum, til dæmis eftir kaffihúsaferð. Sérstaklega fyrir þau okkar sem ekki reykja og eru viðkvæm fyrir reyk. Þá er þjóðráð að leggja flíkurnar á heitan og góðan stað, til dæmis á ofninn. Þá læðist lyktin úr, þannig að óþarfi er að fara með flíkina í hreinsun. Margt fólk reynir nefnilega að viðra fötin sín en reynslan hefur kennt mér að svona lykt fer alls ekki úr í kulda. Þetta hefur gjörbreytt lífi mínu og nú fer ég mun sjaldnar í hreinsun með fötin!

■ **Umhverfisstofnun**

## Brotalamir í merkingum


Innkaup, verslun, matur, matvara

Brotalamir eru á merkingum á matvælum, einkum varðandi reglur um magnmerkingar á pakkningum og staðsetningu merkinga á vörunni en einnig um innihaldslýsingar, upplýsingar um ábyrgðaraðila og fleiri atriði sem þarfnast lagfæringa. Jónína Stefánsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að þetta eigi sérstaklega við um það að telja innihaldsefni upp í réttri röð eftir magni og svo að merkja samsett innihaldsefni í vöru. „Það er ótrúlega mikið sem er að, þó að manni finnist eiga að vera einfalt að fara eftir þessum reglum,“ segir Jónína Stefánsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Reglur um merkingar gilda fyrir öll matvæli og hafa allir framleiðendur skyldum að gegna við að gefa upplýsingar á aðgengilegan og skiljanlegan hátt. Úrbætur vegna athugasemda eru í ferli og má vænta þess að merkingar verði lagfærðar.w

■ **Þjónusta**

## Verðvöktun á tölvuvörum



Fyrir þá sem eru að íhuga að kaupa sér harðan disk í tölvu, skjákort eða annað tölvutengt gæti það verið þess virði að kíkja á vefsíðuna vaktin.is. Þar má finna verðsamanburð á fjöldanum öllum á vörum hjá tólf íslenskum söluaðilum. Misjafnt er hvenær verð hefur síðast verið uppfært, en nýjasta uppfærslan er samdægurs og hjá sex af þessum tólf söluaðilum hefur verðið verið uppfært á þessu ári.

■ **Þjónusta**

## Evrópsk neytendaaðstoð

Fyrir þá sem versla erlendis, hvort sem er í gegnum netverslun eða þegar ferðast er, getur Evrópska neytendaaðstoðin komið að góðum notum, til dæmis ef varan reynist gölluð.

Eins og fram kemur á heimasíðu Neytendasamtakanna ns.is sjá samtökin um rekstur skrifstofunnar á Íslandi. Ýmsar upplýsingar um neytendaaðstoðina, ráð til kaupenda og réttindi þeirra má finna á heimasíðu Evrópsku neytendaaðstoðarinnar á Íslandi ena.is.

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5600



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

# Tómatar gegn hjartasjúkdómum og krabbameini

**Staðhæfinguna um að grænmeti sé hollt og gott þekkja allir. Hollustan er þó misjafnlega mikil. Í garðyrkjustöðinni Melum á Flúðum hefur bóndinn Guðjón Birgisson hafist handa við ræktun tómata sem eiga að vera hollari en flestir þeir tómatar sem almenningur þekkir, og þykja þeir þó einna hollastir af því grænmeti sem völ er á.**


**GUÐJÓN BIRGISSON GARÐYRKJUBÓNDI** Segir lýkópen-tómatana höfða til þeirra sem huga að heilsunni sem og matgæðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐJÓN BIRGISSON

„Þetta eru kallaðir lýkópen-tómatar,“ segir Guðjón Birgisson garðyrkjubóndi þegar hann er spurður um vöruna. Hann útskýrir því næst að nafnið dragi tómaturinn af efninu lýkópeni en það er í flokki karótína sem þykja öflugt andoxunarefni. Áhugi á þessu efni hefur aukist mjög á síðustu árum vegna þess hve rannsóknir hafa eindregið bent til þess að neysla grænmetis hafi áhrif gegn krabbameini og hjartasjúkdómum. Efnið lýkópen kemur þar mjög við sögu þó enn hafi ekki fengist afdráttarlausar sannanir á virkni þess.

Lýkópen gefur tómatinum rauða litinn og segir Guðjón því afar mikilvægt að tómötunum sé gefinn tími til að þroskast og roðna á tómatplöntunni. Í nýja afbrigðinu sem hann hefur til ræktunar er lýkópenið nær þrefalt meira en í öðrum tómötum. Þar með eru kostir þessara tómata ekki upptaldir því Guðjón segir þá einnig mun bragðmeiri en flesta aðra tómata sem boðið er upp á auk þess sem þeir eru ræktaðir með vistvænum aðferðum.

„Við erum tveir í Evrópu sem ræktum þessa tegund, ég er einn á Íslandi en hinn er í Hollandi,“ segir Guðjón. Til gamans má geta þess að í gagnasafni doktor.is kemur fram að við rannsóknir á lýkópeni hafi verið sýnt fram á að í flestum tilfellum var meira af þessu efni í íslenskum tómötum heldur en innfluttum.

„Þetta er búið að vera í þrjár vikur í verslunum og allt búið í bili. Ég held að helsti markhópurinn fyrir þessa vöru séu þeir sem hugsa um heilsuna en ég held að matgæðingar sem vilja hafa mikið bragð af grænmetinu sem þeir nota taki þessari tegund einnig fagnandi,“ segir garðyrkjubóndinn Guðjón, sem er nú í óða önn að huga að þessari nýjung í íslenskri matargerð.

**karen@frettabladid.is**

**MATUR & NÆRING** ÁSA GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR, NÆRINGARFRÆÐINGUR

## Grænmetis- og ávaxtaneysla barna



Grænmetis- og ávaxtaneysla er lítil hérlendis og mun minni en það sem ráðlagt er, að grænmeti og ávextir séu borðaðir fimm sinnum á dag. Rannsakað hefur verið hvaða þættir hafa áhrif á ávaxta- og grænmetisneyslu barna á Íslandi og niðurstöðurnar sýna að aðgengi barna að grænmeti og ávöxtum hefur mest áhrif. Því er mikilvægt að ávextir og grænmeti séu til heima og notaðir í skóla, leikskóla og dagvist. Margir skólar hafa grænmetis- og ávaxtastund og það er góð leið til að venja börn á að borða grænmeti og ávexti oftar.

Það er einnig mikilvægt að barni finnist það eiga auðvelt með að borða ávexti og grænmeti ef það vill það á annað borð. Fullorðnir þurfa því bæði að hafa ávexti og grænmeti á boðstólum og einnig að kenna börnum og aðstoða þau við að njóta þeirra. Það er erfitt fyrir litlar hendur að taka utan af appelsínu og banana getur verið erfitt að opna og því þurfa þau oft hjálp. Fyrir yngri börn er gott að skera ávexti, til dæmis epli eða perur í litla bita sem þau geta tínt upp í sig sjálf. Smám saman er svo hægt að kenna þeim að bjarga sér meira sjálf. Það er ekki sjálfsagt mál fyrir unga neytendur að leita í hollustuna og við fullorðnir þurfum að hjálpa þeim.

Ávextir eru almennt aðgengilegri fyrir börn en grænmeti. Grænmeti er yfirleitt borðað sem hluti af máltíð og er því enn meira í höndum foreldra en barnanna og þar skiptir færni í matreiðslu líka máli. Umhverfi og félagslegir þættir virðast líka hafa meiri áhrif á grænmetisneyslu en ávaxtaneyslu, meðal annars vegna þess að ávaxtaneysla er almennari.



Flest börn vilja frekar hrátt grænmeti en soðið og auk þess vilja þau frekar grænmetið eitt og sér en blandað í salat eða mat. Það er misjafnt hvaða ávextir og grænmeti börnum finnst gott en eftir því sem bragðlaukarnir þroskast geta þau borðað fleiri tegundir. Það þarf að fá þau til að smakka grænmetið nokkrum sinnum til að þau venjist því, lítið í einu er nóg.

Ávaxta- og grænmetisneysla foreldra hefur mikil áhrif á börn og vinir hafa líka áhrif, sérstaklega á stelpur. Vinir hafa auðvitað meiri áhrif eftir því sem börnin eldast en til dæmis meðal ellefu ára barna hafa foreldrar langmest áhrif, því börn læra það sem fyrir þeim er haft.

**www.mni.is**

# Útsala
## Enn meiri verðlækkun

**Aðeins 5 verð:**
**500**
**1.000**
**1.500**
**2.000**
**2.500**

NEXT

**Kringlunni    sími 551 3200**


Tilboð í viku 3 2007
Sjáðu verðið!
Er hægt að biðja um það betra?
Frosinn KS lambabógur
...fyrir góðan dag!
30% afsláttur við kassann
Ferskir bitar
Ferskir kjúklingabitar kílóverð nú:
293 KR.
Merkt verð 419KR.
Frosinn KS lambabógur kílóverð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
Fulleldaðir og kryddaðir kjúklingavængir
Holta-kjúklingur
Bónus jógúrtís
259 KR.
1 lítri
Eldaðir kjúklingavængir kílóverð nú:
399 KR.
Merkt verð 499KR.
Ferskur ananas - 2 kíló!
Jógúrtís
Aðeins 3,5% Fita
Hamborgari
199 KR.
Kattamatur 100g
100g aðeins:
39 KR.
Aðeins að hita!
Íslenskir laxabitar kílóverð nú:
798 KR.
Merkt verð 998KR.
norðanfiskur
Ferskur og safaríkur ananas 2 kíló!
199 KR.
SJÁÐU VERÐIÐ!
KATTAMATUR: Lax og þorskur/ Kjúklingur og lamb/Silungur og rækjur/ Nautakjöt og kalkúnn
Beinhreinsaðir íslenskir laxabitar frá Norðanfiski
www.bonus.is



12" tommu 800g pitsa og Pepsi MAX!
VOLL SHOCK! LECKER!
760/800g pitsa
599 KR.
með 2 l Pepsi max
XXL risapitsa
FRESCHETTA
XXL
800g
og Pepsi Max!
Frosin KS lambasvið
-og vestfirski hákarlinn!
Vestfirskur hákarl
379 KR.
100g
Frosin KS lambasvið kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399KR.
...fyrir góðan dag!
Bónus býður betur!
Fitulitlar, trefjaríkar, mjúkar og góðar
EKKERT BRUÐL
RÚGKÖKUR
Léttristaðar fyrir neyslu
Framleidsla í eina öld og lengur í Svíþjóð!
-líka rúsínur...
250g
Polarbrauð rúgkökur
159 KR.
Rågkaka
Egils PILSNER
EGILS PILLI
49 KR.
500 ML
LION
CALIFORNIA SEEDLESS
RÚSÍNUR
49 KR.
250g
NET WT 250 g (8.8 oz)
PEPSI MAX
2 lítrar
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Aðkoma ríkisins að rekstri ljósvakamiðla þarf að komast til nútímahorfs.

# RÚV er hindrun

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Það er engu líkara en tilverunni hafi verið snúið á haus þegar hlustað er á helstu stuðningsmenn frumvarps um breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins; að sólin komi upp í vestri, snjórinn sé heitur og hægri orðið vinstri.

Um árabil hefur leiðarminnið í gagnrýni á rekstur Ríkisútvarpsins verið þátttaka ríkisstofnunarinnar í samkeppni við einkarekin fyrirtæki á auglýsingamarkaði. Á sama tíma hefur ríkt mun almennari sátt um að Ríkisútvarpið hafi mikilvægu menningarhlutverki að gegna. Er þá ekki verið að tala um einhverja hátimbraða menningardagskrá, heldur framleiðslu á innlendu efni sem fólk vill horfa á, hvort sem það er Spaugstofan, fréttir, Kastljós eða talsett barnaefni. Í raun er sú brjóstvörn að tilvist RÚV tryggir að hér á landi sé framleitt innlent dagskrárefni nánast eina réttlætingin fyrir því að halda úti ríkisútvarpi og sjónvarpi.

Samkeppni Ríkisútvarpsins við einkarekin fyrirtæki um auglýsingar hefur verið umdeild allt frá því að einokun ríkisins á ljósvakamarkaði var aflétt 1986. Í fararbroddi þeirrar gagnrýni voru jafnan fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og byggðu málflutning sinn á þeirri grundvallarhugmyndafræði að „athafnafrelsi fólks og fyrirtækja verði best tryggt með lágmarksafskiptum hins opinbera“ eins og segir í stefnuyfirlýsingu flokksins.

Mótspyrnan við frumvarp menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokks um breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins byggir ekki síst á þessum sömu sjónarmiðum. Af hverju Sjálfstæðisflokkurinn hefur kosið að hverfa frá þessum hornsteini sínum er enn óútskýrt.

Því hefur ítrekað verið haldið fram á þessum vettvangi að þátttaka ríkismiðlanna á auglýsingamarkaði sé í raun samkeppnishindrun sem komi í veg fyrir að fleiri aðilar geti spreytt sig á markaði ljósvakamiðla.

Þessu hafa stuðningsmenn frumvarpsins jafnan svarað sem svo að ef RÚV hyrfi af auglýsingamarkaði yrði samkeppnin hverfandi, sérstaklega um sjónvarpsauglýsingar, þar sem aðeins tvö einkafyrirtæki standa í sjónvarpsrekstri.

Fyrir utan hvað þetta eru hjákátleg rök frá ríkisstjórn sem stóð fyrir einkavæðingu Símans á fjarskiptamarkaði þar sem var fyrir eitt einkarekið fyrirtæki, þá bíta þau í skottið á sér. Hvernig geta fleiri einkaaðilar átt möguleika á að blanda sér í slaginn í sjónvarpsrekstri þegar ríkið situr sem fastast í sínu sæti á auglýsingamarkaði?

Lítum aðeins á stöðuna á sjónvarpssviðinu í þessu samhengi. Þar reka nú þrír aðilar auglýsingasjónvarp: íslenska ríkið með RÚV, 365 með Stöð 2, Sýn og Sirkus og Íslenska sjónvarpsfélagið með Skjá 1 og Skjásport.

Ef RÚV hættir að selja auglýsingar er engin ástæða til að ætla að svigrúmið á þessum markaði breytist. Þvert á móti er ekki ólíklegt að sess ríkisstofnunarinnar tæki þriðja einkafyrirtækið.

Að óbreyttu er morgunljóst að nýir aðilar eiga nánast enga möguleika á að gera sig gildandi á sjónvarpssviðinu. Þar er tilvera Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði þröskuldur sem verður að fjarlægja. Fyrr mun aðkoma ríkisins að rekstri ljósvakamiðla ekki komast til nútímahorfs.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Magnús Þór þori ekki á eigin verðleikum

Það má ljóst vera að Margrét Sverrisdóttir kættist lítt við yfirlýsingu Guðjóns Arnars Kristinssonar, formanns Frjálslynda flokksins, um að hann styddi Magnús Þór til áframhaldandi varaformennsku í flokknum. Þar með er auðvitað ljóst að Guðjón getur ekki líka stutt Margréti.

Af þessu tilefni skrifar Margrét á bloggsíðu sína, margretsverris.blog.is: „Það er alltaf verið að tala um að konur eigi að komast áfram í pólitík á eigin verðleikum. Veruleikinn blasir hér grímulaus við, ég fer fram gegn kosningabandalagi, enda hef ég ástæðu til að ætla að Magnús Þór hefði óttast að mæta mér á sínum eigin verðleikum, án fulltingis formanns.“



### Með alla leið

Ekki er ljóst hvað verður, ef Margrét verður útilokuð frá embætti í Frjálslynda flokknum. Átökin eru greinilega orðin það hörð að það er ekki hægt að útiloka það að hún yfirgefi flokkinn, hafni flokkurinn henni.

Aðrir flokkar hafa án efa áhuga á að fá Margréti til liðs við sig. Þegar talað er um lélega útkomu kvenna í prófkjörum er iðulega vísað til þess að skortur sé á frambærilegum konum sem stígi fram og sýni áhuga á þátttöku í stjórnmálum. Er þá ekki skortur á konum eins og Margréti?

### Vistaskipti?

Rætt er um að framsóknarþingmaðurinn Kristinn H. Gunnarsson og fyrrum Samfylkingarþingmaðurinn Valdimar Leó Friðriksson séu báðir mögulega að ganga til liðs við Frjálslynda flokkinn og gæti annar þeirra samið um makaskipti við Margréti. Það er þó orðið ansi seint í rassinn gripið að skipta um flokk ætli Margrét á þing fyrir Reykvíkinga eftir næsta vor. Prófkjör hafa þegar verið haldin og jafnvel listar samþykktir. Þá er auðvitað möguleikinn á sérframboði eftir. Þau þrjú gætu mögulega stofnað til sameiginlegs framboðs og boðið fram í þremur kjördæmum. Nú, eða boðið sig fram fyrir hönd aldraðra sem allar líkur eru á að bjóði fram, en hafa ekki teflt fram neinum listum. Margrét er samt ekki búin að tapa í varaformannsslagnum enn, þannig að svona vangaveltur eru væntanlega ótímabærar.

**svanborg@frettabladid.is**

# Þegar Svíar höfnuðu evrunni



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Upptaka evrunnar

Svíar styðjast við þjóðaratkvæðagreiðslur til að ráða ýmsum erfiðum málum til lykta. Þessi aðferð hentar vel, þegar þverpólitísk mál þarfnast úrlausnar – mál, sem ágreiningur er um innan stjórnmálaflokka ekki síður en milli þeirra. Þannig ákváðu Svíar til dæmis að hafna áfengisbanni 1922 og hafna hægri umferð 1955, en þingið tók fram fyrir hendurnar á kjósendum í umferðarmálinu fimm árum síðar. Og þannig ákváðu Svíar einnig með þjóðaratkvæðagreiðslu 1994 að ganga inn í Evrópusambandið (ESB) árið eftir eins og Austurríkismenn og Finnar; Norðmenn sögðu nei; Íslendingar voru ekki spurðir.

Með líku lagi var upptaka evrunnar í Svíþjóð borin undir þjóðaratkvæði þar 2003. Aðdragandi atkvæðagreiðslunnar var lærdómsríkur. Í öllum stjórnmálaflokkum voru skiptar skoðanir um málið, en flokkarnir leystu innbyrðis ágreining með því að leyfa meirihluta flokksmanna að ráða ferðinni. Það er hin sjálfsagða leikregla lýðræðisins. Skákin tefldist þannig, að fjórir þingflokkar með rösklega 80 prósent kjörfylgi að baki sér mæltu með evrunni við kjósendur, en þrír smáflokkar á þingi – Miðflokkurinn, Umhverfisflokkurinn og Vinstri flokkurinn – með tæpan fimmtung kjörfylgisins á bak við sig lögðust gegn evrunni. Helztu hagsmunasamtök mæltu með evrunni svo sem Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins og einnig Bændasamtökin. En allt kom fyrir ekki: kjósendur höfnuðu evrunni með 56 prósentum atkvæða gegn 42 prósentum.

Hvað gekk Svíum til? Var þetta uppreisn almennings gegn yfirgangi stjórnmálaflokka og hagsmunasamtaka? – líkt og þegar Norðmenn höfnuðu aðild að ESB í tvígang gegn tilmælum helztu stjórnmálaflokka þar og hagsmunasamtaka. Kannski. Þegar úrslit atkvæðagreiðslunnar um evruna í Svíþjóð 2003 eru brotin til mergjar, kemur ýmislegt markvert í ljós, eins og Lars Jonung prófessor og fyrrum efnahagsráðgjafi Carls Bildt, þá forsætisráðherra, hefur lýst á prenti. Úrslitin skýra átakalínurnar milli opingáttarmanna og hálfgáttarmanna í Svíþjóð. Opingáttarmenn kalla ég til hægðarauka þá, sem kjósa að efla sem mest viðskipti og önnur tengsl við útlönd til að lyfta lífskjörum almennings. Hálfgáttarmenn kalla ég hina, sem vilja halda erlendum viðskiptum í hæfilegum skefjum til að vernda innlenda hagsmuni gegn erlendum áhrifum. Þessi aðgreining opingáttarstefnu og hálfgáttarstefnu er nytsamleg í þessu viðfangi vegna þess, að afstaða manna til evrunnar ræðst öðrum þræði af svipuðum sjónarmiðum og afstaða þeirra til annarra viðskiptahindrana. Þjóðmynt er viðskiptahindrun í þeim skilningi, að hún íþyngir viðskiptum við aðrar þjóðir.

Upptaka evrunnar myndi létta af Svíum fyrirhöfninni, sem fylgir því að þurfa í sífellu að skipta sænskum krónum yfir í evrur og öfugt. Þetta dregur úr erlendum viðskiptum og innstreymi erlends framkvæmdafjár til Svíþjóðar og birtist meðal annars í hærra verðlagi og hærri vöxtum heima fyrir en ella. Erlendir fjárfestar þurfa nú að gizka á gengi sænsku krónunnar gagnvart evrunni fram í tímann til að geta gert sér grein fyrir væntanlegum arði fjárfestinga sinna í Svíþjóð. Ef Svíar notuðu evruna, sem er vaxandi heimsmynt, væri þessari óvissu og meðfylgjandi umstangi og kostnaði létt af fjárfestum, og Svíþjóð yrði að því skapi fýsilegri áfangastaður fjármagns. Þessi rök eiga einnig við um önnur lönd.

Hvernig skiptist fylgið við evruna í Svíþjóð? Þéttbýlisbúar voru frekar hlynntir evrunni en dreifbýlisbúar, enda er stuðningur við fríverzlun jafnan meiri í borgum en til sveita. Karlar og hátekjumenn voru frekar hlynntir evrunni en konur og lágtekjumenn. Þetta kemur ekki heldur á óvart, því að sænskir karlar eru hlutfallslega fleiri í fyrirtækjum í erlendri samkeppni og konur eru tiltölulega fleiri við önnur störf. Með líku lagi voru starfsmenn í einkafyrirtækjum frekar hlynntir evrunni en starfsmenn ríkis og byggða. Munstrið er býsna skýrt. Svíar virðast í þetta sinn hafa greitt atkvæði með veskinu sínu. Opingáttarstefnan fór halloka fyrir hálfgáttarstefnunni, öndvert úrslitunum 1994 um inngönguna í ESB. Þinginu er heimilt að taka af skarið eins og það gerði með því að samþykkja hægri umferð 1960. Innilokunarstefnan er hins vegar dauð: það er enginn umtalsverður stuðningur í Svíþjóð við þá skoðun, að Svíar eigi að ganga úr ESB.

# Bæjarstjóri, spýttu í lófana!

**UMRÆÐAN**
Stækkun álversins



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR**

Það er athyglisvert að fylgjast með gangi mála vegna hugsanlegrar stækkunar álversins í Straumsvík og þeirri stöðu sem málið er komið í eftir að Samfylkingin í Hafnarfirði ákvað að láta kjósa um stækkunina. Samfylkingin með Lúðvík Geirsson bæjarstjóra í fararbroddi hefur verið ansi loðin í tilsvörum sínum í öllu sem þessu máli viðkemur. Gunnar Svavarsson forseti bæjarstjórnar ekki síður, þegar hann segir í fjölmiðlum að verði ekki málsmeðferðarreglur og deiliskipulag tilbúið fljótlega geti íbúakosning allt eins frestast fram yfir alþingiskosningar.

En það er ekki hægt að láta málið dragast öllu lengur og er ljóst að undirbúningi af hendi meirihlutans í bænum hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Ákvörðun þarf að liggja fyrir nú á vordögum, m.a. vegna raforkumála sem eigendur álversins hafa samið um með fyrirvara.

Þessari skoðun lýsti oddviti sjálfstæðismanna á bæjarráðsfundi í Hafnarfirði 11. janúar sl. og virtist meirihluti Samfylkingarinnar þá aðeins hrökkva við, þegar hann rakti þau mál sem yrði að ýta úr vör hið fyrsta svo hægt væri að kjósa eins og boðað hefur verið. Er þar um að ræða að það þurfi að liggja skýrt fyrir sem allra fyrst hverjir beri kostnaðinn af breytingum á Reykjanesbrautinni, færslu raflína og spennuvirkja, hvort álverið verði í íslensku skattaumhverfi, ákveðin skilyrði varðandi umhverfisþætti o.fl.

Á bæjarstjórnarfundi 16. jan. sl. bókuðu síðan bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins um málið og tóku þar með af skarið í viðleitni sinni til að hraða mætti íbúakosningunni.

Meirihluti Samfylkingarinnar og fulltrúi Vinstri grænna tóku undir bókunina og bæjarstjórinn útbjó ályktun á fundinum þar sem hann gerði orð sjálfstæðismanna að sínum. Það þurfti sem sagt frumkvæði sjálfstæðismanna í bæjarstjórn til að bæjarstjórinn tæki við sér og lýsir nú vilja til að setja allt á fulla ferð. Geri ég þá ráð fyrir að forseti bæjarstjórnar Gunnar Svavarsson sé sammála því nú að spýta þurfi í lófana en ekki láta málið dragast fram yfir alþingiskosningar eins og hann sagði að gæti gerst, í blaðaviðtali í vikunni. Kannski hann telji það hagsmuni síns flokks á landsvísu að málið tefjist?

*Höfundur er bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.*


LANDSINS MESTA ÚRVAL
TÖLVULISTINN
AÐEINS 2.270 Á MÁNUÐI
ACER 5051
Örgjörvi 2.0GHz AMD Turion64
1MB flýtiminni og HyperTransport
Minni 512MB DDR2 533MHz
Einfalt að stækka minnið í 2GB
Harðdiskur 60GB Ultra ATA100
5400RPM hljóðlátur harðdiskur
Skrifari 8xDVD±RW DL skrifari
Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár 14,1" WXGA skjár
1280x800 og 16.7 milljón litir
Skjákort 128MB ATI Radeon X1100
ATI Radeon X1100 PCI-Express
Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum
Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Netkort Gigabit 10/100/1000
Einnig innbyggt 56k mótald
Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort
Einnig innbyggt BlueTooth kort
Stýrikerfi Windows XP Home
Á íslensku eða ensku
Tengi 3xUSB2, Firewire, TV-út
S-Video út, PCMCIA, Infrared ofl.
ACER 5051AWXMi AMD MOBILE TURION 64 MK37
AMD TURION 64
AMD Turion 64 örgjörvinn er með HyperTransport tækni og hraðari gagnabrautir
14,1" WXGA SKJÁR
14,1" Widescreen WXGA skjár með 1280x800 upplausn sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu
DVD± SKRIFARI
Vandaður DVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska
128MB ATI X1100
Eitt nýjasta skjákortið frá ATI keyrir á PCI-Express sem skilar meiri afkastagetu og flottari grafík
WINDOWS XP
Tölvan kemur uppsett með Windows XP ásamt öllum nýjustu uppfærslum, tilbúin til notkunar
KORTALESARI
Innbyggður 5 in 1 kortalesari, 3xUSB 2.0, S-video/TV út tengi, VGA, hljóð inn/út, Type II PC Card
VERÐ 64.900
ACER 3692WLMi-B
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
AÐEINS 3.140 Á MÁNUÐI
1.6Ghz Intel Celeron M 420 Centrino
1GB DDR2 minni • 80GB harðdiskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
128MB skjákort • 5 in 1 kortalesari
Windows XP MCE á íslensku eða ensku
VERÐ 89.900
ACER 7112WSMi
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
AÐEINS 3.490 Á MÁNUÐI
1.6Ghz Intel Celeron M 420 Centrino
1GB DDR2 minni • 80GB harðdiskur
DVD skrifari • 17" WXGA WideScreen
224MB skjákort • 5 in 1 kortalesari
Windows XP MCE á íslensku eða ensku
VERÐ 99.900
MSI S271
AÐEINS 4.540 Á MÁNUÐI
1.6Ghz AMD Turion64 X2 Mobile TL-50
1GB DDR2 minni • 80GB harðdiskur
DVD skrifari • 12.1" WXGA WideScreen
128MB skjákort • 5 in 1 kortalesari
Windows XP Home á íslensku eða ensku
VERÐ 129.900
ACER 5633WLMi
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
AÐEINS 3.840 Á MÁNUÐI
1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500
512MB DDR2 minni • 120GB harðdiskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
224MB skjákort • 5 in 1 kortalesari
Windows XP MCE á íslensku eða ensku
VERÐ 109.900
ACER 6413WLMi
AÐEINS 4.540 Á MÁNUÐI
1.66GHz Intel Core 2 Duo T5500
512MB DDR2 minni • 80GB harðdiskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA WideScreen
128MB skjákort • Þráðlaust net
Windows XP PRO á íslensku eða ensku
VERÐ 129.900
MSI S262
AÐEINS 5.590 Á MÁNUÐI
1.83GHz Intel Core 2 Duo T5600
1GB DDR2 minni • 100GB harðdiskur
DVD skrifari • 12.1" WXGA WideScreen
224MB skjákort • 3 in 1 kortalesari
Windows XP Home á íslensku eða ensku
VERÐ 159.900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 36 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.
ALLTAF BETRA VERÐ
Reykjavík, Nóatúni 17, s: 414 1700 • Keflavík, Hafnargötu 90, s: 414 1740 • Akureyri, Glerárgötu 36, s: 414 1730 • Egilsstöðum, Miðvangi 2-4, s: 414 1735

# Útsýnismál forseta bæjarstjórnar á Álftanesi

**UMRÆÐAN**
Skipulagsmál


HENRIK E. THORARENSEN

Ég tel mig knúinn til að svara og leiðrétta nokkrar af þeim rangfærslum sem fram koma í grein Kristján Sveinbjörnson forseta bæjarstjórnar á Álftanesi í Fréttablaðinu þann 22. desember síðastliðinn um lóðina að Miðskógum 8. Nefnd grein er full af rangfærslum og aðdróttunum og er það áhyggjuefni að maður í svo miklvægri stöðu skuli nota slíkar aðferðir til að breiða yfir eiginhagsmunapot. Læt ég það því hinum almenna borgara, þá einkum og sér í lagi íbúum Álftaness, eftir að leggja mat á áreiðanleika og heiðarleika forseta bæjarstjórnar í þessu máli.

Kristján hefur m.a. staðhæft í blaðagreinum að undanförnu að lóðin að Miðskógum 8 sé of lítil til að teljast byggingarhæf. Lóðin er tæpir 1450 m2, eða ca. tvöfalt stærri en margar af þeim lóðum sem verið er að úthluta á höfuðborgarsvæðinu. Um 20% lóðarinnar liggja fyrir neðan manngerðan sjávargarð og aldrei hefur staðið til að nýta þann hluta lóðarinnar til bygginga, enda byggingareitur langt frá sjávargarðinum. Ég hef frá upphafi gert bæjaryfirvöldum það ljóst að ekki verði byggt niður í fjöruna og að gert verði ráð fyrir göngustíg framhjá mínu húsi meðfram fjörunni. Þetta staðfestir ráðgjafi bæjarstórnar í þessu máli. Það skal tekið fram að flest húsin sem nú þegar eru byggð við Skógtjörn eru í svipaðri afstöðu og þetta hús, enda öll byggð samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Kristján fullyrðir að barátta hans til að koma í veg fyrir að ég geti reist hús mitt sé ekki hans persónulega þráhyggja, heldur beri hann hagsmuni íbúa Álftaness fyrir brjósti. Þetta er grátbroslegt í ljósi atburðarásar síðustu 8 ára, en það er sá tími sem liðið hefur síðan lóðin var seld úr eigu fjarskyldra ættingja Kristjáns sem deiliskipulögð byggingalóð. Gjörðir Kristjáns á þessum tíma eru með ólíkindum og lýsir hann því best sjálfur í áðurnefndri grein. Þar eru upptalin nokkur afrek hans: „grafið fyrir sundlaug, haldið þar grillveislur, staðið fyrir aðförum og hótunum við væntanlega kaupendur.“ Einnig hefur hann staðið í málaferlum vegna lóðarinnar og tapað þeim öllum. Þá geta nágrannar vitnað um að hann hefur lokað fyrir aðgengi að lóðinni með bílhræjum, svifflugvél og fleira drasli, svo mikil er umhyggja og virðing þessa manns fyrir náttúrunni og svæðinu í heild sinni. Ég spyr: hvenær ætlar forseti bæjarstjórnar að laga lóð mína, fylla upp í sundlaugina og færa lóðarmörk sem hann vísvitandi hefur teygt inn á mína lóð?

Kristján virðir ekki úrskurði allra þeirra fagaðila sem leitað hefur verið til vegna málsins. Þar með talin er niðurstaða byggingafulltrúa um að veita skuli byggingaleyfi, tveir úrskurðir Skipulagsstofnunar um að komandi hús muni ekki hafa áhrif á lífríki tjarnarinnar, úrskurðir tveggja lögfræðinga, úrskurður Siglingamálastofnunar og úrskurður arkitekts og ráðgjafa um að komandi hús muni ekki hafa áhrif á áform bæjarins um göngustíg.

*Kristján hefur m.a. staðhæft í blaðagreinum að undanförnu að lóðin að Miðskógum 8 sé of lítil til að teljast byggingarhæf. Lóðin er tæpir 1450 m2, eða ca. tvöfalt stærri en margar af þeim lóðum sem verið er að úthluta á höfuðborgarsvæðinu.*

Skipulagsstjóri ríkisins skrifar grein í Blaðið þann 30. desember þar sem hann svarar duldum ákúrum og ærumeiðingum Kristjáns um starfsmenn stofnunarinnar vegna niðurstöðu þeirra í þessu máli. Kristján Sveinbjörnsson fullyrðir í greinum sínum í blöðum og á bloggsíðum að mál þetta sé D-listanum á Álftanesi að kenna. Það eitt og sér gerir málið pínlegra fyrir Kristján, enda þær ákúrur einungis til að slá ryki í augu kjósenda Á-listans á Álftanesi. Ákvörðunartökur og þar með klárlega ábyrgð á þessu máli liggja hjá Álftaneslistanum þar sem forseti bæjarstjórnar vinnur í skjóli eigin flokks og Vinstri grænna.

Hans síðasta útspil er að láta bæjarfélagið kosta endurdeiliskipulagningu svæðisins, þar sem 95% hafa nú þegar verið byggð eftir gildandi deiliskipulagi. Þannig ætlar forseti bæjarstjórnar að nota vald sitt til að afnema byggingarétt lóðar sem ég keypti sem fullgilda byggingalóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi en hann hefur nýtt sér sem sína eigin árum saman.

*Höfundur er eigandi lóðarinnar að Miðskógum 8.*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1. verðlaun í Þýskalandi
W2241WPS

vilborga@centrum.is

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr. 114.800

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

# Ásælni ríkisstjórnarinnar í þinglýstar jarðir bænda

**UMRÆÐAN**
Þjóðlendulögin


ATLI GÍSLASON

Á árinu 1998 setti Alþingi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Tilgangur þjóðlendulaganna var og er að eyða réttaróvissu og koma lögsögu- og skipulagsmálum á hreint á miðhálendinu. Um þetta markmið held ég að flestir geti verið sammála. Lögin eru hins vegar um margt gölluð, meðal annars um þær veigalitlu skorður sem ríkinu eru settar varðandi meðferð og vörslur þjóðlendna. Ríkisstjórnum fyrir hönd ríkisins er í lófa lagið að fórna þjóðlendum á altari áframhaldandi stóriðju- og landeyðingarstefnu í þágu erlendra auðhringja. Þá skortir á að lögin taki af skarið um réttindi almennings til aðgangs og afnota af þjóðlendum. Margt fleira mætti nefna sem kallar á ítarlegri umfjöllun en stutt blaðagrein leyfir.

*Því fer fjarri að þjóðlendulögin áskilji að ríkisstjórnin fari fram með því offorsi sem raun ber vitni. Þvert á móti er ríkisstjórninni skylt að gæta meðalhófs, sýna sanngirni og starfa í anda góðra stjórnsýsluhátta.*

Framkvæmd laganna hefur verið með nokkrum ólíkindum, svo vægt sé til orða tekið. Ríkisstjórnin hefur farið offari í ásælni sinni eftir landsvæðum og jafnvel hafnað þinglýstum heimildum landeigenda eða vefengt þær. Kröfugerð ríkisstjórnar framsóknarsjálfstæðisflokksins hefur auk þess ekki takmarkast við miðhálendið heldur náð til svæða í byggð og til sjávar. Loks hefur kröfugerðarnefnd ríkisstjórnarinnar gert harkalegar sönnunarkröfur til bænda og annarra jarðeigenda og krafist þess að allur minnsti vafi verði túlkaður ríkinu í hag. Svo langt er seilst að ríkisstjórnin virðist ætlast til að landeigendur sanni eignarrétt sinn að landi, landsréttindum og hlunnindum jafnvel þótt staðfest landamerki liggi fyrir. Þannig var fyrstu kröfugerð og málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar gagnvart jörðum í Árnessýslu háttað. Þeim ofurásælniskröfum ríkisstjórnarinnar hafnaði Hæstiréttur. Þrátt fyrir það hefur framsóknarsjálfstæðis ríkisstjórnin höggvið í sama knérunn og opinberað harðan ásetning sinn í málinu. Harðdrægni ríkisstjórnarinnar er slík, að fjármálaráðherra, Árni Mathiesen, gerir kröfu til þess að fá til baka landsvæði sem ríkið seldi einstaklingum seint á nítjándu öldinni og á þeirri tuttugustu. Nú síðast beinir ríkisstjórnin ofurkröfum sínum að jörðinni Reykjahlíð í Mývatnssveit og virðist ætla sér að eyða þeirri viðurkenndu söguskoðun að jörðin sé sú landmesta á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að ríkisstjórnin er sökuð um mannréttindabrot.

Því fer fjarri að þjóðlendulögin áskilji að ríkisstjórnin fari fram með því offorsi sem raun ber vitni. Þvert á móti er ríkisstjórninni skylt að gæta meðalhófs, sýna sanngirni og starfa í anda góðra stjórnsýsluhátta. Hér þarf ekki lagabreytingu til, eingöngu breytta ríkisstjórnarstefnu, að fjármálaráðherra gefi kröfugerðarnefnd sinni fyrirmæli um að gæta hófs og virða þinglýstar eignarheimildir og staðfest landamerki og túlka vafa landeigendum í hag. Og tryggi að bændur og aðrir jarðeigendur verði ekki fyrir fjárhagslegum skakkaföllum, eins og raunin hefur orðið, þegar ríkisstjórnin sækir að þeim með ofurefli og illa ígrunduðum málatilbúnaði þvert á það sem talin var tilgangur þjóðlendulaga.

Það er einnig rétt að halda því til haga að Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra, lýsti því yfir þegar á árinu 2000 að kröfugerðarnefnd fjármálaráðherra hafi gengið í allt aðra átt en ætlunin var með lögunum og ekki hafi verið unnið í anda þeirra. Landbúnaðarráðherra hefur annað hvort verið borinn ofurliði annarra ráðherra eða engar aðgerðir hafa fylgt orðum hans og fleiri stjórnarliða. Málið kallar á öflugt brautargengi VG í komandi alþingiskosningum og stjórnarskipti.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður og skipar 1. sæti á lista VG í Suðurkjördæmi við alþingiskosningarnar vorið 2007.*

# Óbreytt skoðun

**UMRÆÐAN**
Ríkisútvarpið


PÁLL MAGNÚSSON

Ég vil þakka Fréttablaðinu sérstaklega fyrir að hafa vitnað rétt í blaðaviðtal við mig í forystugrein sinni í gær. Ég hefði ekki búist við því fyrirfram. En það er því miður það eina sem er rétt í þessum leiðara hvað mig varðar.

Hvar hefur leiðarahöfundur Fréttablaðsins orðið þess var að það hafi orðið „kúvending“ eða „sinnaskipti“ hjá mér varðandi þær skoðanir sem ég lýsti í áðurnefndu viðtali? Hvergi – því ég er enn nákvæmlega sömu skoðunar og þarna er lýst. Hvar pólitískur vilji á Alþingi liggur í þessum efnum er hins vegar ekki á mínu valdi.

Það er líka rangt að ég verji með „oddi og egg“ óbreytta ástand á auglýsingamarkaði. Þvert á móti hef ég opinberlega tekið undir þau sjónarmið stjórnarformanns 365, að það komi til greina að setja einhverskonar takmörk við fyrirferð RÚV á auglýsingamarkaði.

Ég skal hinsvegar játa það hér, að ef heldur sem horfir og allir ljósvakamiðlar á Íslandi – aðrir en RÚV - verði innan skamms komnir undir hatt 365 - og markaðshlutdeild þess fyrirtækis orðin 100% (ef RÚV væri horfið af markaðnum) - þá myndu renna á mig tvær grímur. En leiðarahöfundur Fréttablaðsins hefur væntanlega síst áhyggjur af þeirri stöðu mála.

Sem sagt: ég hef nákvæmlega sömu skoðun á þessum málum nú og fyrir átján mánuðum og sé „samviska til sölu“ held ég að hugsanlegur kaupandi ætti fremur að leita hennar í Skaftahlíðinni en Efstaleitinu.

*Höfundur er útvarpsstjóri.*



**STJÖRNUM PRÝDDUR GULLINN HNÖTTUR**
Tískuspekúlantar sökkva nú tönnum sínum í fataval stjarnanna á rauða dreglinum.
TÍSKA 2

**HEITT VATN Á INNAN VIÐ MÍNÚTU**
Hraðsuðukatlar eru margs konar að lit og hönnun en þjóna allir sama hlutverki.
HEIMILI 6





## ALLT HITT

**[TÍSKA HEILSA HEIMILI]**

**Vefverslunin** Army.is býður upp á herfatnað og fylgihluti. Útivistarfólk og skotveiðimenn ættu líka að finna þar eitthvað við sitt hæfi.

**Skráning** er hafin í Íslandsmót einstaklinga með forgjöf, en það fer fram í Keiluhöllinni dagana 3. til 6. febrúar næstkomandi. Olíuburður verður sá sami og hefur verið í deildinni. Sjá www.kli.is

**Útsala** stendur yfir í verslun IKEA að Kauptúni 4 í Garðabæ en útsölulok eru 21. janúar næstkomandi. Á vefsíðunni www.ikea.is er hægt að skoða brot af því sem er í boði.



**Alþjóðlegur** jógadagur er 21. janúar. Jóga verður stundað milli klukkan 11 og 13 á mismunandi tímasvæðum heims svo það verður samfellt jóga í 24 klukkustundir umhverfis jörðina. Laugar bjóða fólki til þátttöku án greiðslu.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 18. janúar, 18. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.48 | 13.38 | 16.29 |
| Akureyri | 10.52 | 13.23 | 15.54 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími **550 5000**
Auglýsingasími Allt **550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



„Ég held að það sé miklu skemmtilegra að vera fallega klædd í þunglyndiskasti heldur en að vera púkaleg.“
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Aldrei í kúrekastígvél

***Helen hefur breiðan fatasmekk en dregur línuna við skófatnað kúasmala.***

Helen Svava Helgadóttir hefur lengi haft áhuga á tísku. Hún hefur gaman af því að kaupa sér vandaðan fatnað en verslar yfirleitt bara í einni búð í Reykjavík - Kron Kron. „Mér finnst vanalega bara fínustu fötin þar og er alltaf ánægðust eftir að hafa verslað í Kron Kron,“ segir hún.

Kjólinn sem Helen klæðist á myndinni er keyptur í Kron Kron og skórnir líka en þeir eru hannaðir af Vivienne Westwood, sem er einn af uppáhaldshönnuðum hennar.

Helen Svava fylgist almennt vel með því sem er að gerast í tískuheiminum, bæði í umhverfi sínu og fjölmiðlum. „Ég fletti blöðum, tek eftir þessu í sjónvarpi og úti á götu,“ segir hún og hvað varðar flottar konur sem hún tekur sérstaklega eftir nefnir Helen fyrirsætuna Kate Moss og leikkonuna Chloë Sevigny. „Þær eru báðar mjög flottar og til fyrirmyndar og Hugrún sem á Kron Kron er alltaf tipptopp.“

Fatasmekkur Helenar er breiður, en hún dregur þó línuna við kúrekastígvél og segir að hún myndi aldrei ganga í slíkum skófatnaði. „Og þó... ég þarf að passa mig á því hvaða yfirlýsingar ég kem með vegna þess að oftast þegar ég hef sagt eitthvað svona þá fer ég flíkina næsta dag,“ segir hún og hlær.

Maðurinn skapar fötin og fötin skapa manninn. Helen segist yfirleitt klæða sig eftir líðan og kýs fremur að vera „þunglynd“ í fínum kjól heldur en stórri hettupeysu. „Ef mig langar að komast í einhverja ákveðna líðan þá get ég klætt mig eftir því og ég held að það sé miklu skemmtilegra að vera fallega klædd í þunglyndiskasti heldur en að vera púkaleg. Það virkar í það minnsta betur svona út á við.“

*mhg@frettabladid.is*

## Reyna legígræðslu

GEFUR KONUM SEM EKKI GETA ÁTT BÖRN NÝJA VON.



Læknar í New York ætla sér að græða leg úr látinni konu í líffæraþega. Aðgerðin er ætluð konum sem ekki getað orðið óléttar vegna skemmda á legi.
Áður en kona fer í aðgerðina er búið að taka egg úr henni og frysta. Þau eru frjóvguð og komið fyrir í nýja leginu eftir aðgerðina í von um óléttu.
Aðgerðin er ekki hættulaus og hafa læknar bent á að verði leginu hafnað á miðri meðgöngu séu bæði móðir og barn í mikilli hættu.

*- tg*





**Loðhúfur eru við hæfi í frostinu.** Bæði ekta og óekta skinn er flott í húfu, við úlpur, kápur eða kokkteildress. Eyrnabólga er ekki í tísku.





Harðar - fisléttar - sterkar

75x57x34 4kg
kr. 19.700

62x47x28 3,2kg
kr. 14.900

53x37x23 2,4kg
kr. 7.900

LÉTTUSTU FERÐATÖSKURNAR!

Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is



Vetrarútsalan
á fullu skriði!



Peysur með allt að
70% afslætti!
Bútasaumsefni á 600kr/m,
mikið úrval!
Bútasaumsbækur
á 60% afslætti
Bómullar-, silki
og ullarbolir
á 30% afslætti!

Diza
Laugavegi 44 • S:561-4000 • www.diza.is



Útsala
Útsala
Útsala



Útsala

Guðrún
tískuverslun



AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000




Verðlaunahafinn Helen Mirren var glæsileg að vanda í kóngabláum kjól.



Cate Blanchett er alltaf flott og engin undantekning var á því á rauða dreglinum.



Eva Longoria líður niður rauða teppið í sjóliðabláum kjól eftir hönnuðinn Emanuel Ungaro.



Karl Lagerfeld útbjó þennan kjól í spænskum senjórítustíl fyrir Penélope Cruz.



Kate Winslet í hvítum látlausum kjól. Hvítur var nokkuð áberandi á Golden Globe í ár.

# Stjörnum prýddur gullinn hnöttur

***Tískuspekúlantar sökkva nú tönnum sínum í fataval stjarnanna á rauða dreglinum.***

Golden Globe-verðlaunahátíðin fór fram á mánudaginn og eins og vera ber var mikið um dýrðir. Stjörnurnar klæddu sig upp í sitt fínasta púss, spásseruðu um á rauða teppinu og létu ljósmynda sig í bak og fyrir. Ekki tókst þó öllum jafn vel upp í klæðaburðinum, að mati tískusérfræðinga hinna ýmsu sjónvarpsstöðva og tímarita.



Söngkonan Beyoncé í þröngum, gylltum kjól með línurnar í lagi.



Reese Witherspoon var í stuttum, heiðgulum kjól eftir Ninu Ricci.



Fatalöggan var ekki hrifin af þessum Valentino-kjól Cameron Diaz. Ekki eru þó allir á sama máli, enda er leikkonan ávallt glæsileg.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Á skíðum skemmti ég mér trallala...

Útsölurnar eru vel tímasettar fyrir þá sem ætla sér í vetrarfrí í Frakklandi, til dæmis á skíði. Á skíðasvæðum í Frakklandi hefur reyndar sama vandamálið verið á ferðinni og heima á Íslandi. Snjórinn hefur látið eftir sér bíða þennan veturinn og veðráttan verið einstaklega mild þó að loksins hafi nú snjóað á Fróni og það svo um munar. Þess vegna er nóg úrval af vetrarklæðnaði á útsölunum og hægt að fata sig upp fyrir skíðaferðir með allt að 80 prósenta afslætti. Það munar um minna þegar skíðavörur eru annars vegar. Auðveldasta og ódýrasta leiðin er að skreppa í sportbúðir eins og „Go sport“ eða „Decatlone“ sem eru eins konar íþróttastórmarkaðir og sinna nánast öllum íþróttagreinum.

Fyrir þá sem vilja ekki neina almúgavöru er auðvitað hægt að leita til tískuhúsanna, sem þó einbeita sér misjafnlega mikið að almennilegum vetrarvörum er henta til vetrar- eða skíðaferða. Til dæmis hefur Prada í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á fallegar vetrarúlpur og þá ýmist úr dúni eða ekki.

Sum tískuhúsanna bjóða öðru hvoru upp á vetraríþróttavörur eins og skíði eða snjóbretti í takmörkuðu upplagi, sem að sjálfsögðu selst vel því alltaf eru viðskiptavinir sem borga hvað sem er til að vera öðruvísi og skera sig frá meðaljónunum. Því er auðvitað ekki saman að líkja að renna sér á Chanel-skíðum eða spóka sig í „moonboots“ með brúnu tweed-mynstri sem smellpassar við brúnu Prada-úlpuna. Það vill þó oft vera þannig að lúxustískuvara er ekki endilega gerð til þess að verjast kulda og stunda íþróttir í frosti og snjó heldur meira til að sýna sig og sjá aðra. Stundum er því vissara að halda sig við verönd skíðahótelsins og drekka heitt súkkulaði en að týnast í Ölpunum. Nema náttúrlega að fara um allt með GPS-tæki.

Á flottari skíðastöðum eins og til dæmis í Chamonaix er svo auðvitað hægt að kaupa lúxusklæðnað á staðnum því tískuhúsin eru mörg hver með útibú á þessum stöðum sem einungis eru opin meðan á skíðatímabilinu stendur. Tískuhúsin eru sömuleiðis sérhæfðari á skíðastöðunum og bjóða þar varning sem er jafnvel ófáanlegur í höfuðborginni. En það er líklega vissara að halda sig við viðurkennd vetrarmerki eins og Lafuma eða Northface, svo dæmi séu tekin, sem reyndar hefur borið meira á í París í vetur en áður þrátt fyrir að hitinn hafi nú ekki enn farið nema í nokkra dag í 1-2 gráður í mínus. Nánast hlýrabolaveður fyrir sanna víkinga. Svo væri auðvitað ráð að skella sér einfaldlega á einn galla frá 66° Norður, sem hlýtur að standast eitt skíðaferðalag í Ölpunum komandi frá hinu ísakalda landi.



Katherine Heigl með slopp utan yfir pils.

# Asískir sloppar inni

*Austurlenskir sloppar eru í tísku.*



Heather Graham í slopp við buxur.

Svo virðist sem blómaskreyttir silkisloppar í austurlenskum stíl séu nýjasta æðið í Hollywood. Þar sést nú hver stjarnan á fætur annarri íklædd slíkri flík við hátíðleg tilefni, svo sem leikkonurnar Katherine Heigl og Heather Graham, sem er kannski ekki ýkja skrítið með hliðsjón af því hversu fallegir og þægilegir slopparnir eru. Auk þess sem má para þá við ólíkan fatnað, allt frá gallabuxum upp í pils, eftir því við hvaða tækifæri á að nota sloppana.

Kuldaskór á alla fjölskylduna
30-50%
afsláttur
Frábær verð
frá 2.495
Sendum í póstkröfu
EURO SKO
Firði Hafnarfirði S: 555-4420







allt auglýsingasími 550 5880

**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**
**NÝTT!!**
**Plokkari með ljósi**





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR



**NÝTT**
Fáðu fæturnar mjúkar
og fínar á aðeins
2 vikum með nýja

Flexitol

**Útsölustaðir:** Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Anita Vestmannaeyjum. Spar Þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur

**Sérverslun með kvensilfur**



Margar gerðir af búningasilfri.

**Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.**

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

**Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.**




bianca

gæði og glæsileiki

**Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533**
**Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16**



# Tískuvika í Hong Kong

***Annar stærsti viðburður sinnar tegundar í heiminum.***

Dagana 15.-18. janúar var haldin tískuvika í Hong Kong en hún er sú stærsta í Asíu og önnur stærsta tískuvika heims. Í Hong Kong er tískuiðnaðurinn í miklum blóma enda hefur vefnaður og öll vinna með textíl lengi verið mikil hefð í Kína. Í upphafi síðasta árs jókst útflutningur á vefnaðarvöru frá Hong Kong um 3,4 prósent og tekjur af útflutningi námu um 25,8 milljörðum Bandaríkjadala á ellefu mánuðum ársins 2006. Það er kannski ekki að undra því meira að segja Íslendingar láta framleiða fatnað fyrir sig þar í landi.

*- mhg*





Þessi svarti jakki og buxur með gulrótarsniði henta vel fyrir skemmtanalífið.



Þessar stuttbuxur koma sér vafalaust vel í sumar.

# Framúrstefnulegt og flott

***Herraföt Italo Zucchelli frá Calvin Klein vekja eftirtekt.***

Fatalína hönnuð af hinum þekkta Italo Zucchelli fyrir Calvin Klein hefur vakið jákvæð viðbrögð gagnrýnenda, sem hafa sumir hverjir haft á orði að hún sameini alla bestu eiginleika tískuhönnuðarins.

Zucchelli, sem hefur um langt skeið þótt með framúrstefnulegri hönnuðum í karlatísku, er sagður hafa leitað aftur til níunda áratugarins eftir hugmyndum og fært fram til samtímans, ef ekki framtíðarinnar, með vorlínu sinni.

Zucchelli var ófeiminn við að para saman talsvert ólíkar flíkur, svo sem sumarlega jakka við glansandi stuttbuxur, hálfgagnsæjar, ljósar peysur við þröngar, ljósbláar teygjubuxur eins og poppstjörnur klæddust gjarnan á níunda áratugnum, köflóttar ermaskyrtur við vel girtar buxur og svo mætti lengi telja.

Efnasamsetning fatalínunnar vekur ekki síður athygli. Einn gagnrýnenda er til að mynda svo yfir sig hrifinn af samsetningunni að hann sagði hana henta vel í fræðiritgerð um meðhöndlun efna.

Þá þykir Zucchelli vera fremur djarfur í litavali. Hann blandar hefðbundnum litum á borð við brúnan, gráan, svartan og hvítan á smekklegan hátt saman við heldur framúrstefnulegri liti eins og fjólubláan, túrkísbláan og sjávargrænan, svo dæmi séu tekin.

Að vísu hefur notkun Zucchellis á þröngum teygjubuxum farið fyrir brjóstið á einhverjum, þær skilja heldur lítið eftir fyrir ímyndunaraflið.

Eins og fyrr segir þykir útkoman þó á heildina séð vel heppnuð, jafnvel þótt lýsingin hér að ofan gæti gefið annað til kynna. Fatalína Zucchellis er talin einkennast af einfaldleika, fágun og þægindum svo fátt eitt sé nefnt. Er samstarf Zucchellis og Calvins Klein því talið hafa borið af sér ríkulegan ávöxt.

- rve



Zucchelli lagði sig einnig fram við að hafa fatnaðinn sem þægilegastan.



Sumum fannst þröngu buxurnar skilja heldur lítið eftir handa ímyndunaraflinu.



Margt á sýningunni var í hefðbundnari kantinum, eins og til dæmis þessi stílhreinu jakkaföt.



Þessi fatnaður ber ákveðinn keim af klæðaburði margra poppstjarna níunda áratugarins.

# *Loftsteinaregn á sýningapöllunum*

***Nýjasta tískuæðið er að klæðast stórum steinum.***

Fyrst voru það gull og silfur, nú eru það stórir steinar. Tískuhönnuðir eru í síauknum mæli farnir að skreyta fötin sín með kristöllum á stærð við loftsteina.

Marc Jacobs reið á vaðið með steinaskreyttum satínhúfum, veskjum og sandölum með hælaböndum og vilja spekúlantar meina að aðrir hafi fylgt í fótspor hans.

Til að mynda segir hönnuðurinn Andrew Gn skraut sitt vera undir áhrifum frá geimnum, ís og Japan samtímans. Þá þykja perluskreyttir kjólar Emilios Pucci helst minna á yfirborð tunglsins.

Luella Bartley er sögð hafa farið pönkuðu leiðina með þessa stefnu, með því að nota speglabrot til að skreyta „skriðdrekakjólana" sína.

Burberry Prorsum, Huseein Chalayan og Sinha-Stanic þykja öllu hófsamari en Bartley, með gimsteina- og hnappaskreyttar flíkur í fínlegri kantinum.

- rve



Þetta áhugaverða höfuðfat kemur frá Marc Jacobs.



Kjóll með steinaskreyttu hálsmáli frá Esteban Cortazar.



Þessi athyglisverða flík er frá Hussein Chalayan.



Óhætt er að segja að þessi sýningardama hafi skinið skært á sýningu Soniu Rykiel.




allt auglýsingasími 550 5880



**Kertaluktir eru sætar** í dimmunni á vetrarkvöldum. Þær geta hangið á svölunum og gefa skemmtilega birtu inn um gluggann á rauðvínskvöldum í janúar.




Við erum að taka niður pantanir á ryðfríum stálgrillum

Fyrstu 50 grillin verða á sértilboði 49.800

4 You Barbecue

www.4you.is - 4you@4you.is - 564 2030 - 690 2020


# Heitt vatn í te og kaffi á innan við mínútu

***Hraðsuðukatlar fást í miklu úrvali í flestum heimilistækjaverslunum.***

Hraðsuðukatlar eru af mörgum stærðum og gerðum. Algengast er að þeir séu eins lítra en hægt er að fá þá stærri. Litirnir eru margs konar. Klassískur hvítur er algengur, svartur einnig en stál- og áláferð er mjög vinsæl þessa stundina. Það sést best á úrvalinu sem boðið er upp á í þeim stíl.

Það er langur vegur frá nútímakötlum og þeim sem hitaðir voru á hellu. Rafmagnið hefur tekið við og eru margir katlar innan við mínútu að hita lítra af vatni að suðumarki.

Eitt er það sem margir átta sig ekki á með katlana. Þá þarf að þrífa reglulega þó svo að einungis vatn komi í þá. Ýmis steinefni í vatninu geta fallið út og þó svo að við séum laus við kalkið í vatninu, sem skemmir marga katla erlendis, eru ýmis steinefni sem geta safnast saman í botni katlanna. Smá sápa og léttur þvottur öðru hvoru ættu að gera sitt og lengja líf ketilsins og skila betra vatni í teið og kaffið.

*- tg*



Þessi kanna fæst í Heimilistækjum. Hún tekur 1,5 lítra, er með þreföldu síukerfi og er úr áli. Hún kostar 12.995 kr.

Þessi kanna kostar 3.995 kr. í Heimilistækjum.

BRWK-ketillinn tekur 1,6 lítra. Hann er fær um að sjóða 2,5 dl á 45 sekúndum. Hann kostar 6.900 kr. í Pfaff.

Þessi ketill er í Solitaire-línunni frá Bosch. Hann kostar 12.995 kr. í Elko.

Hjá Einari Farestveit fæst þessi ketill. Hann er úr burstuðu stáli, tekur 1,7 lítra og kostar 4.990 kr.

Þessi stállitaði og stíliseraði Braun-ketill fæst í Pfaff.

Ekki eru allir katlar eins. Þessi mjög svo framúrstefnulega kanna fæst í Elko. Hún kostar 9.995 krónur.


White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

allt tíska
Alla fimmtudaga

Heimilislán SPK
- þú færð betri kjör hjá okkur



Hagstæð lán sem þú getur notað til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- til allt að 5 ára
- allt að 800.000 kr.
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur SPK

**Sparisjóður Kópavogs** • Hlíðasmára 19, Digranesvegi 10
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is

spk



Sessuborð sem saumað var á öndverðri 20. öld eftir öðru eldra úr Illugastaðakirkju í Fnjóskadal. Myndefnið er innreið Jesú í Jerúsalem og er saumað með gamla krosssaumnum. Sessuborðið er á sýningunni Með silfurbjarta nál í Bogasal Þjóðminjasafnsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Rúmábreiða með myndum úr Gamla testamentinu saumuðum með gamla krosssaumnum. Í efri er fórn Ísaks en þeim neðri Faraó og Móses. Ábreiðan er frá 17. öld og er 167 cm á lengd og 115 á breidd, sem okkur þætti líklega heldur lítið rúmteppi í dag, að minnsta kosti fyrir fullorðna. Þessi er frá Bæ í Hrútafirði og er til sýnis á Þjóðminjasafninu.



Guðrún hefur sótt námskeið hjá fullorðinsfræðslu fatlaðra en hefur sjálf þróað algerlega sinn stíl.



Útsaumsmyndir Guðrúnar Bergsdóttur sem til sýnis eru í Gerðubergi fram á helgina hafa óvenjulega myndbygginguna.

# Helgimyndir og frjáls form

*Tvær útsaumssýningar eru opnar hér í Reykjavík. Önnur birtir helgimyndir frá miðöldum, hin frjáls form nútímans.*

Útsaumur hefur átt sinn sess á íslenskum heimilum í gegnum tíðina. Sýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins sem ber heitið Spor miðalda í íslenskum útsaumi sýnir hannyrðir kvenna frá ýmsum tímum, meðal annars veggtjöld, sessur og rúmábreiður. Mynstrin eru oftast reitir sem umlykja myndefni úr biblíunni eða kynjadýraveröld fyrri alda. Þar er til dæmis hálf rúmábreiða frá Sólheimatungu í Mýrasýslu og þessi ábreiða varð svo fræg að fara á Heimssýninguna í París árið 1900. Þá var hún í vörslu danska þjóðminjasafnsins og þarlend frú fóðraði og lagfærði ábreiðuna svo hún yrði sýningarhæf.

Í Gerðubergi er svo sýningin Í hugarheimi með litríkum og margslungnum myndum eftir unga konu, Guðrúnu Bergsdóttur. Upphaflega saumaði hún áteiknaðar myndir en fyrir sex árum byrjaði hún sjálf að skapa mynstrin eins og andinn blés henni í brjóst. Eða eins og Guðrún Dís Jónatansdóttir í Gerðubergi orðar það: „Hún nær í einhvern veginn litan spotta í körfuna sína, þræðir nálina og heldur svo ótrauð af stað út á strammann.“ Afraksturinn er fjölskrúðugur. Myndir og veggteppi með samfléttuðum mynstrum sem margt er hægt að lesa úr.

*- gun*



Neðri helmingur rúmábreiðu sem var send á Heimssýninguna í París árið 1900 eftir að hin danska frú Fischer fóðraði hana og gerði við.




## Handverksnámskeið



Upplýsingar og skráning mánudaga til föstudaga frá kl 12-16 í síma 551-7800 eða 895-0780

Heimilisiðnaðarskólinn
Laufásvegi 2, 101 Reykjavík
s. 551-7800 / 895-0780
fax. 551-5532
hfi@heimilisidnadur.is
www.heimilisidnadur.is


# Áhugavert að auka við íslensku flóruna

***Reyniviður getur verið allt frá 10 sentimetrum upp í 20 metra hár og borið blóm og ber af mörgum litum.***

Guðrún Th. Guðmundsdóttir segir milli 80 og 120 reynitegundir til í heiminum og fjölmargar þeirra hafa verið prófaðar hér á landi með góðum árangri. Hún ætlar að lýsa þeim nánar á fræðslufundi Garðyrkjufélags Íslands í kvöld klukkan 20, í sal Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1. Þegar hún er spurð hvort gamli íslenski reyniviðurinn sé ekki fullboðlegur lengur hlær hún og svarar. „Jú, íslenski ilmreynirinn dugar alveg ágætlega og fleiri ágætar tegundir eru líka orðnar rótgrónar hér, til dæmis Kasmírreynir, Úlfareynir, Gráreynir, Silfurreynir og Koparreynir. Þetta er hins vegar spurning um fjölbreytni. Það eru aðrar tegundir sem ég ætla að fjalla um í kvöld eins og Knappareynir, Skrautreynir, Doppureynir og Dvergreynir en þær eru almennt ekki þekktar ennþá.



Guðrún kann skil á mörgum tegundum reyniviðar og heldur erindi um þær í kvöld klukkan átta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Lyngreynir skreytir sig með hvítum berjum.

Allar eiga þó að geta plumað sig vel á landinu og auðvitað er áhugavert að auka við flóruna.“

Guðrún segir tegundirnar afskaplega ólíkar. Þær beri blóm og ber í ýmsum litum og séu ýmist runnar eða einstofna tré. „Sú minnsta verður ekki mikið hærri en 10 cm. Hún er eins og lyngmotta enda heitir hún lyngreynir. Er samt með reyniblöð og kemur með bleik blóm og fullt af hvítum berjum. Mikið krútt.“

Í Grasagarðinum í Laugardal segir Guðrún vera stórt og gott reynisafn sem hún hvetur sem flesta til að skoða yfir sumartímann. Hún endar spjallið á að hrósa líka Garðyrkjufélaginu.

„Þar er mikill þekkingarbrunnur um allt sem lýtur að garðagróðri.“ *gun@frettabladid.is*



## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Sveppavarnarlyf úr jurtum

Í síðasta pistli var hér ympráð á nokkrum möguleikum úr jurtaríkinu sem grípa má til í stað kemískra efnavopna til að sigrast á skordýraplágum og annari óværu sem stundum gerir vart við sig á plöntunum okkar. En það eru ekki bara smádýr af pöddutaginu sem ásækja gróðurinn. Allskyns örsveppir eru nefnilega líka kræfir og taka sinn toll af því flekklausa plöntulífi sem við viljum hafa í kringum okkur. Fyrst og fremst verðum við kannski vör við þetta þegar sáðplöntur og græðlingar þurfa undan að láta og hjaðna niður af einhverjum orsökum sem við sjáum ekki alltaf með berum augum. Að sjálfsögðu gildir sú almenna regla að gæta hreinlætis við fjölgun plantna. Nota alltaf ómengaða sáðmold og hrein ílát. Sjálfsagt er líka að hafa sáðílátin á björtum stað, en samt ekki í sterku sólskini þegar líða fer á veturinn. En það er sama hvað við gerum, vágestirnir koma í heimsókn af og til. Þá er gott að hafa nokkur ráð uppí í erminni til að taka á móti þeim. Það gerum við gjarnan með því að beita sveppavörnum sem þróast hafa í jurtaríkinu.

**Neem-tréð** – Azadirachta indica – eða „indverska frelsistréð“ er náskylt mahóní-trénu. Úr fræjum, laufum og berki þess er unnin olía – neem-olía – sem er fjölvirkt eitur á sveppagróður, mítla og skordýr sem sækja á gróður. Neem-olían er „big business“ í lífrænum garðyrkjukreðsum allt í kringum okkur og fæst þar í flestum garðyrkjuverslunum. Ég hef ekki enn séð hana í íslenskum garðyrkjuvöruverslunum en á von á því að hún fari að fást þar. Sjálfur hef ég ekki prófað hana en kunningjar bæði austan hafs og vestan ljúka miklu lofsorði á þessa undraolíu – sem getur víst líka læknað menn og skepnur af ótal kvillum.

**Teatree-olía** er unnin úr ástralska runnanum Melaleuca alternifolia sem ræktaður er þar í stórum stíl til framleiðslu á þessari afurð. Olían er unnin úr laufum og berki. Hún er afar rokgjörn og smeyg og seld hér í litlum glösum í heilsubúðum og apótekum. Teatree-olía smýgur vel inn í allar glufur og smugur og eirir engu kvikindi sem þar kynni að leynast óvelkomið. Hún drepur mítla (t.d. kláðamaur á fólki) og skordýr – og er afar virk gegn sveppum og sveppagróum. Hefur verið notuð á húð- og hornsveppi með góðum árangri. En 7-10 dropar í 250 ml af volgu vatni sem sett er á litla úðaflösku vinna á blaðsveppunum og sigrast líka frábærlega vel á spunamítlum þegar henni er ýrt á, yfir og undir greinar og plöntulauf.

**Kúmenolía** er unnin úr kúmenfræjum og hefur dálítið verið notuð sem rotvörn í matvælum (ostar og brauð, að ógleymdu brennivíni!). Einkum í fyrri tíð. Hún virkar vel gegn öllum myglusveppum. Kúmenolía fæst stundum í heilsubúðum. Olían er dálítið vandmeðfarin vegna þess að hún getur valdið sólbrunaútbrotum ef hún berst á hörund sem sól nær að skína á. En það má mala kúmenfræ og gera af því seyði sem svo er hægt að úða á plöntur eftir að búið er að sía það.



Tea-tree var lyfjabúr frumbyggja Ástralíu.

**Kamillute** – sterkt og kælt – virkar gegn mjölsvepp. Setjið nokkra dropa af matarolíu og mildri sápu saman við og úðið svo. Blá kamilluolía fæst í apótekum og heilsubúðum. Hún er virk á sveppi og smákvikindi. Fimm til sjö dropar með örðu af sápu er sett saman við 250 ml af vel volgu vatni og ýrt strax á plönturnar með úðaflösku.

**Maxicrop** er sérlega fínunninn þangáburður sem hefur verið seldur í blómabúðum hér í marga áratugi. Einn tappi (10 ml) í lítra af vatni sem sett er í úðaflösku og úðað yfir plöntur er – auk þess að vera úrvals blaðáburður – afar virk vörn gegn öllum blaðsveppum á frumstigi og heldur aftur af spunamítlum og blaðlús í leiðinni. Mjög styrkjandi fyrir plönturnar vegna þess að áburðurinn inniheldur líka mikið af nauðsynlegum snefilefnum og vaxtarhvötum. Svo má auðvitað bara nota Maxicrop sem venjulegan áburð til að vökva með!

**Elfting** – þurrkaðar og malaðar íslenskar tegundir eins og klóelfting og vallelfting eru soðnar hægt í vatni (seyddar) í svo sem tuttugu mínútur og síðan látið kólna. (Elftingarmjöl 1-2 desilítrar í hvern lítra vatns). Þá er elftingin síuð frá í gegnum léreftsdúk eða kaffisíu. Setjið ögn af sápu saman við vatnið og komið því í úðabrúsa. Þessu er svo úðað á plönturnar svo að þær vökni vel. Virkt gegn blaðsveppum og í kaupbæti fá plönturnar varnarhjúp sem styrkir ónæmiskerfi þeirra.





allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



# Losnað við límmiða

HEILRÆÐI SEM GAGNAST VIÐ AÐ HREINSA BURT LÍMMIÐA.

Vissirðu að það má hafa meira gagn af hárþurrku en að þurrka blautt hár? Hárþurrkur má nefnilega líka nota við að losa límmiða af flöskum, skálum og myndarömmum, svo dæmi séu tekin. Maður þarf bara að kveikja á þurrkunni, miða á límmiðann og hita hann í nokkrar sekúndur. Eftir það er hægur leikur að ná honum af í heilu lagi. Þannig kemst maður hjá því að þurfa að klístra fingurna með því að kroppa límmiðana af eða nota til þess beitt áhald, sem getur skilið eftir sig rispur.

*- rve*








# Tekið til í tölvunni

***Nokkur góð ráð til að hressa upp á skipulagið í heimatölvunni.***

Vistaðu skjöl sem þarfnast mestrar athygli á skjáborðinu („desktop“). Vistaðu annað, eins og tölvupóst, tónlist, myndir, myndbönd og fleira í þeim dúr á harða disknum.

Vistaðu skjöl ekki undir löngum heitum, heldur einföldum lýsandi orðum svo þú eigir auðvelt með að finna þau aftur. Forðastu íslenska bókstafi, þar sem sumar tölvur geta átt í erfiðleikum með að lesa þá.

Þegar þú opnar möppur í tölvunni raða skjöl sér yfirleitt eftir stafrófsröð. Vilji maður setja skjal framar án þess að breyta um heiti þess getur maður bætt undirstrikunarmerki fyrir framan það. Við það færist skjalið fremst. *- rve*



Túlípanar bera með sér birtu.

# Túlípanatíminn kominn

***Vikurnar milli áramóta og páska eru tími túlípananna.***

Nú þegar jólaskrautið er komið inn í geymslu og jólatréð í endurvinnslu eru fersk blóm einstaklega velkomin á heimilið. Túlípanar eru aldrei vinsælli en á tímabilinu frá janúar til páska. Þeir eru formfagrir, litglaðir og ilmandi og gefa okkur tilfinningu fyrir því að daginn sé að lengja og að eftir kaldan veturinn kemur vor.

Túlípana er létt að hirða því þeir eru ekki þurftafrekir. Þeir vilja standa í litlu vatni en þar sem við kyndum mikið á þessum árstíma má samt passa sig á að vökvunin gufi ekki öll upp úr vasanum og þeir standi alveg á þurru.

Fjölbreytnin er mikil í túlípanaflórunni, bæði af tegundum og litum, og til að skapa enn meiri fjölbreytni má stilla þeim upp með einhverju öðru skrauti sem passar vel við. *- gun*




**Það er** fínasta líkamsrækt að moka tröppur og gangstíga í snjónum og kemur einnig í veg fyrir föll og beinbrot.

Áfengis og vímuefnaráðgjöf
Einnig ráðgjöf um meðvirkni í fjölskyldum og uppeldisáhrif

Erna Sigrún Hákonardóttir
Áfengis og vímuefnaráðgjafi ICRC
Sími: 848 4528
Netfang: ernasigrun@msn.com
EINKATÍMAR, HÓPAR OG NÁMSKEIÐ
20 ára starfsreynsla


Byrjendanámskeið eru að hefjast hjá Taekwondo deild ÍR.
Fullorðnir:
Þriðjudaga kl. 19:00
Fimmtudaga kl. 19:00
Laugardaga kl. 10:30
Börn:
Þriðjudaga kl. 18:00
Fimmtudaga kl 18:00
Æfingar fara fram í ÍR-heimilinu, Skógarseli 12
Nánari uppl. í síma 896-1168 og www.irtaekwondo.net



Í Shokk-æfingakerfinu er lögð áhersla á heilbrigða hreyfingu sem börn hafa gaman af. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Líkamsrækt fyrir börn

***Í Laugum er búið að opna Shokk-íþróttasal en þar er að finna æfingatæki fyrir 8 til 14 ára börn.***

Shokk-æfingakerfið byggist upp á tækjum áþekkum þeim sem fullorðnir nota í hefðbundnum líkamsræktarstöðum. Munurinn liggur í lóðunum en þau eru mun léttari ásamt því að tækin eru nettari og litríkari.

Shokk-æfingakerfið er breskt að uppruna og þar í landi eru rúmlega 60 líkamsræktarstöðvar með Shokk-sali. Kerfið kom fyrst fram á sjónarsviðið 2001 og hefur síðan breiðst hægt út til annarra landa. Kerfið var tekið upp í World Class í Danmörku og þaðan er það komið til Íslands. „Í mars var opnaður Shokk-salur í World Class-stöð í Danmörku í 35 þúsund manna bæjarfélagi og það voru 250 krakkar sem skráðu sig,“ segir Björn Leifsson, eigandi World Class. „Enn hefur enginn þeirra hætt að mæta svo mér fannst þetta brilljant hugmynd.“

Björn segir að það sé eins með Shokk-kerfið og alla líkamsrækt að allt sé best í hófi. „Líkamsrækt er mjög góð fyrir börnin en það verður að passa að álagið sé ekki of mikið. Það er alltaf leiðbeinandi viðstaddur í salnum og enginn fær að byrja að æfa án þess að hafa fengið leiðsögn frá leiðbeinanda,“ segir Björn.

Salurinn er ætlaður öllum börnum á aldrinum 8 til 14 ára. „Það hafa öll börn gott af því að hreyfa sig, svo ekki sé minnst á hversu mikið þau njóta þess,“ segir Björn. „Shokk er líka frábær hreyfing fyrir þá krakka sem ekki finna sig í hefðbundnum íþróttum eða þurfa að léttast.“

*- tg*



## Lýðheilsa

SIGURÐUR JAMES ÞORLEIFSSON OG ÓLÖF BIRNA MARGRÉTARDÓTTIR HJÁ LÝÐHEILSUFÉLAGI LÆKNANEMA

## Lungun að veði?

Langvinn lungnateppa er óafturkræft sjúkdómsástand þar sem loftflæði um lungun verður takmarkað vegna lungnaþembu eða langvinnrar berkjubólgu (bronkítis).

Í lungnaþembu missa lungun teygjanleika sinn og það veldur því að erfiðara verður að ýta loftinu út þegar við öndum frá okkur. Smæstu loftvegir lungnanna (þar sem við náum í súrefnið úr andrúmsloftinu) skemmast og líkaminn fær því ekki nægilegt súrefni þegar fram í sækir. Langvinn berkjubólga er viðvarandi bólga í loftvegum sem hefur í för með sér aukna slímframleiðslu og/eða hósta sem varir samfleytt í minnst þrjá mánuði á ári í að minnsta kosti tvö ár í röð.

Í raun má líta á langvinna lungnateppu sem samansöfnuð áhrif þess sem við öndum að okkur ævilangt. Þess vegna kemur langvinn lungnateppa yfirleitt ekki fram fyrr en í fyrsta lagi upp úr fertugu, þegar uppsöfnuð áhrif á lungu fara að valda lélegri lungnastarfsemi. Helsta orsök langvinnrar lungnateppu er reykingar. Þeir sem reykja fá meira af skaðlegum efnum ofan í lungu og það eykur líkurnar á því að fá sjúkdóminn. Erfðir hafa sitt að segja, sumir þola reykinn verr en aðrir og því eru meiri líkur á að þeir fái langvinna lungnateppu.

Langvinn lungnateppa er mjög hæggengur sjúkdómur. Einkennin geta verið lúmsk og þar sem sjúkdómurinn kemur yfirleitt ekki fram fyrr en á miðjum aldri getur fólk haldið að þetta sé eðlilegur hluti af því að eldast en það er alls ekki rétt. Mikilvægt er að átta sig á því að þetta er sjúkdómur sem hefur veruleg áhrif á lífsgæði.

Besta leiðin til að greina langvinna lungnateppu er mæling á lungnastarfsemi. Þá blæs sjúklingur í öndunarmæli sem mælir rúmmál lungna og hraða lofts sem hann blæs frá sér. Einnig eru lungu hlustuð og spurt um reykingasögu og einkenni, s.s. langvarandi hósta, slímuppgang og mæði. Því er nokkuð auðvelt og hættulaust að greina sjúkdóminn án umfangsmikilla rannsókna.

Mikilvægasta skrefið í meðhöndlun langvinnrar lungnateppu er að hætta að reykja. Það hægir mjög á versnun sjúkdómsins. Önnur meðferðarúrræði eru innúðalyf, þjálfun, steratöflur og súrefni. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir sýkingar í lungum þar sem sjúkdómurinn getur versnað hratt vegna þeirra.

Þeim sem eru með langvinna lungnateppu er hættara við að fá hjartasjúkdóma, s.s. kransæðasjúkdóm. Lungnateppan getur með tímanum hækkað þrýsting í lungnaæðum en þá vex álag á hjartavöðvann smám saman. Ekki bætir úr skák að reykingarnar, sem eru nær alltaf orsök lungnateppu, auka einnig líkur á hjartasjúkdómum.

Af ofangreindu ætti því að vera ljóst að langvinn lungnateppa er alvarlegur sjúkdómur sem hefur mikil áhrif á lífsgæði fólks og lífslíkur. Það er hagur allra að kannast við þennan sjúkdóm til þess að oftar megi greina hann og meðhöndla á frumstigum.

*Unnið í samvinnu við Skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH.*

Hollusta beint af akrinum
Weetabix
THE WHOLEGRAIN CEREAL
FITUSNAUTT
LÍTILL SYKUR
TREFJARÍKT
HEILKORNA


SLENDERTONE
Nýjar línur á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr
19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný tæki - Léttari greiðslur
Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is

allt matur
Alla föstudaga

# Strákarnir okkar á HM




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

100% íslenskur ostur





Pizza Höllin

Mjódd
Dalbraut 1
Hjarðarhaga 45

## Sæktu

Stór pizza með 2 áleggjum og brauðstangir
1.590,-

Stór pizza m 3 áleggjum
1.590,- kr.

Stór pizza 3 áleggjum, stór skammtur af brauðstöngum og 2.l gos
1.890,- kr.

## Fáðu sent

Millistór pizza með 3 áleggjum, brauðstangir og 2.l gos
2.290,-

Stór pizza með 3 áleggjum, brauðstangir og 2.l gos
2.690,-

3 stórar pizzur með 2 áleggjum
3.900,-

5 68 68 68

# Átta sinnum meðal tíu bestu þjóða heims

Íslenska handboltalandsliðið er að fara að keppa á sínu fimmtánda HM en liðið var fyrst með fyrir 49 árum og náði sínum besta árangri í Kumamoto 1997.

**ÚRSLITALEIKIR HM 1938-2005:**

| | |
|---|---|
| 1938 | Riðlakeppni (Þýskaland vann) |
| 1954 | Svíþjóð-Vestur-Þýskaland 17-14 |
| 1958 | Svíþjóð-Tékkóslóvakía 22-12 |
| 1961 | Rúmenía-Tékkóslóvakía 9-8 |
| 1964 | Rúmenía-Svíþjóð 25-22 |
| 1967 | Tékkóslóvakía-Danmörk 14-11 |
| 1970 | Rúmenía-Austur-Þýskal. 13-12 |
| 1974 | Rúmenía-Austur-Þýskal. 14-12 |
| 1978 | Vestur-Þýskal.-Sovétríkin20-19 |
| 1982 | Sovétríkin-Júgóslavía 30-27 |
| 1986 | Júgóslavía-Ungverjaland 24-22 |
| 1990 | Svíþjóð-Sovétríkin 27-23 |
| 1993 | Rússland-Frakkland 28-19 |
| 1995 | Frakkland-Króatía 23-19 |
| 1997 | Rússland-Svíþjóð 23-21 |
| 1999 | Svíþjóð-Rússland 25-24 |
| 2001 | Frakkland-Svíþjóð 28-25 |
| 2003 | Króatía-Þýskaland 34-31 |
| 2005 | Spánn-Króatía 40-34 |



**EITT AF 152 MÖRKUM** Ólafur Stefánsson er markahæstur Íslendinga á HM.
Fréttablaðið/Uros Hocevar

**FLESTIR HM-LEIKIR:**

| | |
|---|---|
| Guðmundur Hrafnkelsson | 43 |
| Ólafur Stefánsson | 36 |
| Patrekur Jóhannesson | 34 |
| Dagur Sigurðsson | 33 |
| Geir Sveinsson | 31 |
| Valdimar Grímsson | 26 |
| Júlíus Jónasson | 23 |
| Bjarki Sigurðsson | 22 |
| Gústaf Bjarnason | 22 |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 20 |

**FLEST HM-MÖRK:**

| | |
|---|---|
| Ólafur Stefánsson | 152 |
| Patrekur Jóhannesson | 121 |
| Valdimar Grímsson | 95 |
| Geir Sveinsson | 87 |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 85 |
| Kristján Arason | 65 |
| Dagur Sigurðsson | 59 |
| Bjarki Sigurðsson | 54 |
| Róbert Julian Duranona | 54 |
| Einar Örn Jónsson | 52 |
| Gústaf Bjarnason | 51 |
| Sigurður Valur Sveinsson | 51 |



**Á LEIKJAMETIÐ** Guðmundur Hrafnkelsson hefur leikið fleiri leiki á HM en nokkur annar Íslendingur, samtals 43 leiki í sex keppnum.
Fréttablaðið/Hilmar Þór

Íslenska handboltalandsliðið er eina landslið okkar Íslendinga sem hefur komist inn í úrslitakeppni stórmóts og þangað eru nú strákarnir okkar komnir í 24. sinn.

Ísland hefur verið með á fimm Ólympíuleikum og fjórum Evrópumótum en HM í Þýskalandi sem hefst um helgina verður fimmtánda heimsmeistaramót Íslands frá því að við tókum fyrst þátt á HM í Austur-Þýskalandi árið 1958. Íslenska landsliðið er í 14. sæti á afrekalista HM-keppninnar þar sem gefin eru stig fyrir sæti sem þjóðirnar hafa náð í úrslitakeppni HM.

Ísland náði sínum besta árangri á HM í Kumamoto í Japan 1997. Liðið var þá undir stjórn Þorbjarnar Jenssonar, tapaði aðeins einum leik og vann sjö af níu leikjum sínum. Tapleikurinn, sem var með einu marki (25-26) gegn Ungverjum í 8 liða úrslitum, sá til þess að íslenska liðið spilaði um 5. sætið í stað þess að komast í undanúrslitin. Íslenska liðið vann bæði Spánverja og Egypta í leikjum um 5. til 8. sæti og bætti þar með sinn besta árangur en íslenska liðið hafði tvisvar náð 6. sætinu, fyrst á HM í Vestur-Þýskalandi 1961 og svo aftur í Sviss 1986.

Síðan Ísland var með í fyrsta sinn á HM í Austur-Þýskalandi árið 1958 hafa aðeins farið fram þrjár heimsmeistarakeppnir án þátttöku íslenska landsliðsins. Ísland missti af HM í Svíþjóð 1967, HM í Vestur-Þýskaland 1982 og svo HM í Egyptalandi 1999. Pólverjar og Danir skildu íslenska liðið eftir í undanriðli fyrir HM 1967 og Danir fóru síðan alla leið í úrslitaleikinn. Ísland tók þátt í B-keppninni í Frakklandi 1981 og var þremur sætum frá því að komast á HM í Vestur-Þýskalandi. Ungverjar skildu síðan Ísland eftir í undanriðlinum fyrir HM í Egyptalandi 1999 en íslenska liðið tapaði 20-24 í úrslitaleik úti í Ungverjalandi í lokaleik liðanna í riðlinum. Ungverjar enduðu síðan í 11. sæti á HM 1999. HM í Þýskalandi verður því fjórða heimsmeistaramótið í röð og það níunda af síðustu tíu sem íslenska landsliðið fær að spreyta sig.

Alfreð Gíslason er tíundi þjálfarinn sem stjórnar íslenska landsliðinu og sá fimmti í röð sem hefur spilað sem leikmaður landsliðsins á HM. Alfreð lék 11 leiki á HM 1986 í Sviss og HM 1990 í Tékkóslóvakíu. Þorbjörn Jensson er bæði sá þjálfari sem stjórnað hefur íslenska liðinu í flestum leikjum á HM (15) sem og sá þjálfari sem hefur unnið flesta leiki (9). Hallsteinn Hinriksson og Bogdan Kowalczyk eru hins vegar þeir tveir þjálfarar sem hafa komið íslenska liðinu tvisvar meðal þeirra tíu bestu.



**Í ÚRVALSLIÐI HM Á ÍSLANDI** Geir Sveinsson sést hér ásamt þeim sem voru valdir í úrvalslið HM á Íslandi 1995.
Fréttablaðið/Brynjar Gauti



**Í LIÐI MÓTSINS 1997** Valdimar Grímsson var frábær á HM í Kumamoto 1997.
Fréttablaðið/ÞÖK



**GÓÐAR STUNDIR** Það er alltaf mikil stemmning í íslenska landsliðinu á HM.
Fréttablaðið/Hilmar Þór



**SJÖTTA SÆTIÐ** Ísland náði sjötta sætinu á HM í Sviss 1986.






**FIMMTI MARKAHÆSTUR** Kristján Arason varð 5. markahæsti maður HM í Sviss.

**BESTI ÁRANGUR ÍSLANDS Á HM 1938-2005:**

| | |
|---|---|
| 1997 Þorbörn Jensson | 5. sæti |
| 1961 Hallsteinn Hinriksson | 6. |
| 1986 Bogdan Kowalczyk | 6. |
| 2003 Guðmundur Guðmundsson | 7. |
| 1993 Þorbergur Aðalsteinsson | 8. |
| 1964 Karl G. Benediktsson | 9. |
| 1958 Hallsteinn Hinriksson | 10. |
| 1990 Þorbergur Aðalsteinsson | 10. |
| 1970 Hilmar Björnsson | 11. |
| 2001 Þorbjörn Jensson | 11. |
| 1978 Birgir Björnsson | 13. |
| 1995 Þorbergur Aðalsteinsson | 13. |
| 1974 Karl G. Benediktsson | 14. |
| 2005 Viggó Sigurðsson | 15. |

Markvörðurinn Guðmundur Hrafnkelsson er leikjahæsti leikmaður Íslands í úrslitakeppni HM en hann lék 43 leiki á sex heimsmeistaramótum frá 1990 til 2003. Guðmundur bætti met Geirs Sveinssonar á HM í Frakklandi árið 2001 en Geir lék 31 leik í úrslitakeppni HM. Þeir Ólafur Stefánsson (36), Patrekur Jóhannesson (34) og Dagur Sigurðsson (33) hafa síðan allir komist upp fyrir Geir. Geir á hins vegar enn metið yfir flesta leiki sem fyrirliði en hann hefur 23 sinnum leitt íslenska liðið fram á HM, þremur oftar en Dagur sem kemur næstur. Ólafur Stefánsson verður tíundi fyrirliði íslenska landsliðsins á heimsmeistaramóti.

Ólafur Stefánsson er langmarkahæsti leikmaður Íslands á HM en hann hefur skorað 152 mörk í 36 leikjum (4,2 mörk í leik), 31 marki meira en næsti maður sem er Patrekur Jóhannesson með 121 mark. Axel Axelsson er hins vegar sá leikmaður sem hefur skorað flest mörk að meðaltali í leik á HM en hann skoraði 32 mörk í 6 leikjum á HM 1974 og 1978, eða 5,3 mörk í leik. Kristján Arason er þar í öðru sæti með 5 mörk að meðaltali í 13 leikjum á HM 1986 og 1990.

**ÓLYMPÍUSÆTI Í HÖFN** Sigfús Sigurðsson faðmar hér til vinstri Ólaf Stefánsson eftir að Ísland hafði náð 7. sætinu á HM 2003 og tryggt sig inn á Ólympíuleika.
Fréttablaðið/Hilmar Þór



**FYRSTUR Í 32 ÁR** Bjarki Sigurðsson varð fyrsti Íslendingurinn í 32 ár til að vera valinn í HM-lið en hann sló í gegn á HM í Svíþjóð 1993.
Fréttablaðið/GH

## Strákarnir okkar



**DAGUR SIGURÐSSON, HANDBOLTAÞJÁLFARI:** Ég vona að Logi Geirs verði stjarnan og tel 5.-10. sæti raunhæft.



**LOGI ÓLAFSSON, FÓTBOLTAÞJÁLFARI:** Engin spurning að það verður nafni minn Geirsson sem stelur senunni og ég spái því að Ísland tapi naumlega leiknum um þriðja sætið.



**ANDRI SNÆR MAGNASON, RITHÖFUNDUR:** Ég hef ekki fylgst með handbolta í 70 ár og get því ekki svarað.



**ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON, GRÍNISTI:** Felix Bergsson verður stjarna mótsins og Ísland mun hafna í 75. sæti.



**HANNA GUÐRÚN STEFÁNSDÓTTIR, LEIKMAÐUR HAUKA:** Fimmta til sjöunda sæti, við gerum kröfur. Petersson verður stjarnan og svo munu Óli og Guðjón Valur standa fyrir sínu.



**BJÖRN BJARNASON, DÓMSMÁLARÁÐHERRA:** Ólafur Stefánsson ef meiðsli stöðva hann ekki. Við leikum um þriðja sætið og vinnum auðveldlega.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR, HEILBRIGÐISRÁÐHERRA:** Guðjón Valur Sigurðsson verður stjarnan. Við höfnum í þriðja sæti og náum vel pússuðu bronsi.


Við styrkjum sóknina
Kaupþing er aðalstuðningsaðili landsliðsins í handbolta.
KAUPÞING
Hugsum lengra
Ólafur Stefánsson
Landsliðsfyrirliði



# Ekki pissa í skóinn

Asics eru sérfræðingar í skóhönnun og þá eru handboltaskór ekki undanskildir. Veldu trausta og endingargóða skó í handboltann.



**Block** BY302-9093 (karla og kvenna)
Topp skór með góða dempun í hæl og á tábergi. Skórinn er með stýringu í hæl sem réttir af skakkt niðurstig og stýrir fætinum í eðlilegt niðurstig.



**Beyond** BN601-2293 (karla og kvenna)
Með nýjustu tækninýjungina frá Asics, Solyte tækni sem er notuð í topp hlaupaskóm. Þú finnur muninn á dempun og léttleika.

asics

Útilíf // Intersport // Sportver - Akureyri // Flexor - Suðurlandsbraut // Axel Ó. - Vestmannaeyjum // Sportbær - Selfossi // Hafnarbúðin - Ísafirði // S.Ú.N - Neskaupstað og Reyðarfirði // Tákn - Húsavík // Maraþon - Kringlunni // Fitnessport - World Class // Sportbúð Óskars - Keflavík // Hlaup.is


## Strákarnir okkar



**Auðunn Blöndal, sjónvarpsmaður:** Ef öxlin verður í lagi verður Óli Stef. flottur. Ég held að við endum í sjötta sæti.



**Vernharð Þorleifsson, athafnamaður:** Arnór Atlason verður stjarnan í fjarveru Duranona, sem ég skil ekki af hverju er ekki í landsliðinu. Norðlendingar hafa alltaf haft mikla trú á Duranona. Liðið endar í 9. sæti.



**Kristján Halldórsson, þjálfari Stjörnunnar:** Guðjón Valur verður skærasta stjarnan og við endum í 7.-8. sæti, sem væri mjög góður árangur.

# Spiluðum gúrku við hvert tækifæri

Dagur Sigurðsson hætti með landsliðinu eftir Heimsmeistaramótið í Túnis fyrir tveimur árum. Hann á margar skemmtilegar minningar frá landsliðsferlinum en segir þó hótelveruna vera eftirminnilegasta.

„Hótelnæturnar endalausu koma fyrst upp í hugann þegar maður horfir til baka á þessar ferðir með landsliðinu," sagði Dagur Sigurðsson, fyrrum fyrirliði landsliðsins, sem þjálfað hefur austurríska liðið Bregenz með góðum árangri undanfarin ár. „Ég og Patrekur Jóhannesson vorum yfirleitt herbergisfélagar og ég held að ég hafi verið með honum samtals á hótelherbergi í eitt ár. Þetta er um mánuður á ári sem maður eyddi í þetta og við vorum í landsliðinu í um tólf ár þannig að þetta er allavega um eitt ár samtals. Þannig að við þekkjumst alveg þokkalega vel."

Dagur segir að minnisstæðasta mótið hafi verið HM í Japan 1997. „Þá vorum við orðnir virkilega orðnir súrir á herberginu með skítugan þvottinn um allt. Við vorum báðir í einhverjum smávægilegum meiðslum svo við borðuðum mikið af bólgueyðandi, lyktin í herberginu var alveg eftir því. Fólkið heima sér bara þessa leiki en bak við þetta eru einhverjar vikur á hótelum og sá tími er oft minnisstæðastur," sagði Dagur en afþreyingarmöguleikar landsliðsmanna eru allt aðrir í dag en fyrir nokkrum árum.

„Það hefur breyst töluvert núna. Í dag eru menn með tölvur, Playstation og DVD en það var ekki til staðar í fyrstu ferðunum mínum. Þá fengum við blöð send að heiman og vorum bara að spila og tefla til að drepa tímann. Svo varð til mjög virkt gúrkusamfélag sem spilaði gúrku lon og don. Þetta spil var spilað í hverri einustu rútuferð, í flugvélum og hótelum. Menn unnu Ólympíutitla og slíkt, Guðjón Valur vann gúrkuna í Grikklandi og var krýndur Ólympíumeistari. Einar Jónsson sá alltaf um að skrifa og hann á enn tölfræðina frá því að þetta byrjaði og er það ansi langur listi."



**DAGUR SIGURÐSSON** Gamli landsliðsfyrirliðinn rifjar upp gamla og góða tíma.

Dagur segir það skipta gríðarlegu máli að byrja svona mót vel. „Maður áttaði sig fyrst almennilega á því þegar maður var að hætta hvað það er mikilvægt að byrja svona mót vel. Það skiptir miklu máli upp á stemninguna og sjálfstraustið í liðinu. Maður hefur eiginlega engan tíma til að breyta neinu þegar út í mótið er komið. Liðið spilar kannski þrjá leiki á þremur dögum og enginn tími til að breyta neinu stórvægilegu. Það sem þú ferð af stað með verður að ganga upp."

Það eru þó til undantekningar og sumar breytingar hafa gengið upp. „Í Svíþjóð 2002 gerði Gummi Gumm þá breytingu að ég var látinn í skyttuna og Patrekur á miðjuna. Sú ákvörðun var tekin stuttu fyrir mót, var ákveðin áhætta en gekk síðan vel upp og fleytti okkur langt. Liðinu gekk vel í byrjun móts og sjálfstraustið jókst. Síðan meiddist Patrekur í lokin og við urðum ekki nægilega sterkir," sagði Dagur en honum líst vel á íslenska liðið nú. „Leikurinn gegn Úkraínu verður algjör lykilleikur fyrir okkur. Ég tel óraunhæft að fara fram á að liðið vinni Frakka. Síðan sjáum við bara til hvað gerist, ég er bjartsýnn en þetta veltur nokkuð mikið á þessum leik gegn Úkraínu."

## Strákarnir okkar



**Friðrik Ingi Rúnarsson, framkvæmdastjóri KKÍ:** Logi Geirsson og Arnór Atlason bestir fyrir utan hinar hefðbundnu stjörnur. Við höfnum í 6. sæti.



**Heimir Karlsson, sjónvarpsmaður:** Þetta er eitt besta landslið sem við höfum átt og ég segi 3. sætið, er bjartsýnn fyrir þetta mót. Alexander Petersson verður helsta stjarnan, er frábær leikmaður.



**Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra:** Ég spái okkur fjórða sæti og því að Guðjón Valur verður aðalstjarnan en býst við að allir hinir strákarnir okkar standi sig líka frábærlega.

2007 GERMANY HANDBALL WORLD CHAMPIONSHIP

KAUPÞING




20. JANÚAR TIL 4. FEBRÚAR

# HM 2007 Í HANDBOLTA

Beinar útsendingar Sjónvarpsins frá leikjum HM:

| DAGS. | VIKUDAGUR | TÍMI | LEIKUR |
|---|---|---|---|
| 20. jan. | Laugardagur | 15.00 | ÍSLAND - Ástralía |
| 20. jan. | Laugardagur | 17.00 | Úkraína - Frakkland |
| 21. jan. | Sunnudagur | 17.00 | ÍSLAND - Úkraína |
| 22. jan. | Mánudagur | 16.00 | Þýskaland - Pólland |
| 22. jan. | Mánudagur | 19.00 | ÍSLAND - Frakkland |
| 24. jan. | Miðvikudagur | Óákv. | MILLIRIÐILL |
| 25. jan. | Fimmtudagur | Óákv. | MILLIRIÐILL |
| 27. jan. | Laugardagur | Óákv. | MILLIRIÐILL |
| 28. jan. | Sunnudagur | Óákv. | MILLIRIÐILL |
| 30. jan. | Þriðjudagur | Óákv. | UNDANÚRSLIT |
| 01. feb. | Fimmtudagur | Óákv. | UNDANÚRSLIT |
| 03. feb. | Laugardagur | 13.00 | LEIKIÐ UM 7. SÆTIÐ |
| 03. feb. | Laugardagur | 15.30 | LEIKIÐ UM 5. SÆTIÐ |
| 04. feb. | Sunnudagur | 13.00 | ÚRSLITALEIKUR - BRONS |
| 04. feb. | Sunnudagur | 15.30 | ÚRSLITALEIKUR - GULL |

Leikjum Íslands er lýst beint á Rás 2

SJÓNVARPIÐ

Kaupþing er aðalstuðningsaðili landsliðsins í handbolta.
KAUPÞING
Hugsum lengra

FLATSKJÁIR
FRÁBÆR TILBOÐ
Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SJÁIÐ TILBOÐIN Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

# Dagskrá heimsmeistaramótsins

## A-RIÐILL

| | DAGS. | TÍMI | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| TÚNIS | 20. jan. | 17.00 | SLÓ - GRÆ | - |
| SLÓVENÍA | 20. jan. | 19.00 | TÚN - KÚV | - |
| KÚVÆT | 21. jan. | 15.00 | GRÆ - TÚN | - |
| GRÆNLAND | 21. jan. | 17.00 | KÚV - SLÓ | - |
| | 22. jan. | 17.00 | KÚV - GRÆ | - |
| | 22. jan. | 19.00 | TÚN - SLÓ | - |

## B-RIÐILL

| | DAGS. | TÍMI | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| FRAKKLAND | 20. jan. | 15.00 | ÍSL - ÁST | - |
| ÍSLAND | 20. jan. | 17.00 | FRA - ÚKR | - |
| ÚKRAÍNA | 21. jan. | 15.00 | ÁST - FRA | - |
| ÁSTRALÍA | 21. jan. | 17.00 | ÚKR - ÍSL | - |
| | 22. jan. | 17.00 | ÚKR - ÁST | - |
| | 22. jan. | 19.00 | FRA - ÍSL | - |

## C-RIÐILL

| | DAGS. | TÍMI | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| ÞÝSKALAND | 19. jan. | 16.30 | ÞÝS - BRA | - |
| PÓLLAND | 20. jan. | 18.30 | PÓL - ARG | - |
| BRASILÍA | 21. jan. | 14.30 | BRA - PÓL | - |
| ARGENTÍNA | 21. jan. | 16.30 | ARG - ÞÝS | - |
| | 22. jan. | 16.00 | ÞÝS - PÓL | - |
| | 22. jan. | 18.30 | BRA - ARG | - |

## D-RIÐILL

| | DAGS. | TÍMI | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| SPÁNN | 20. jan. | 14.45 | TÉK - KAT | - |
| TÉKKLAND | 20. jan. | 17.00 | SPÁ - EGY | - |
| EGYPTALAND | 21. jan. | 14.45 | KAT - SPÁ | - |
| KATAR | 21. jan. | 17.00 | EGY - TÉK | - |
| | 22. jan. | 17.00 | EGY - KAT | - |
| | 22. jan. | 19.00 | SPÁ - TÉK | - |

## E-RIÐILL

| | DAGS. | TÍMI | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| DANMÖRK | 20. jan. | 17.15 | NOR - ANG | - |
| NOREGUR | 20. jan. | 19.15 | DAN - UNG | - |
| UNGVERJALAND | 21. jan. | 17.15 | ANG - DAN | - |
| ANGÓLA | 21. jan. | 19.15 | UNG - NOR | - |
| | 22. jan. | 17.15 | UNG - ANG | - |
| | 22. jan. | 19.15 | DAN - NOR | - |

## F-RIÐILL

| | DAGS. | TÍMI | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| KRÓATÍA | 20. jan. | 15.00 | KRÓ - MAR | - |
| RÚSSLAND | 20. jan. | 17.00 | RÚS - KÓR | - |
| MAROKKÓ | 21. jan. | 15.00 | MAR - RÚS | - |
| S-KÓREA | 21. jan. | 17.00 | KÓR - KRÓ | - |
| | 22. jan. | 17.00 | MAR - KÓR | - |
| | 22. jan. | 19.00 | KRÓ - RÚS | - |

## MILLIRIÐILL 1

| DAGS. | TÍMI | KEPPNISSTAÐUR | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| 24. jan. | 16.30 | Halle | ÞÝS - | - |
| 24. jan. | 16.30 | Dortmund | - | - |
| 24. jan. | 18.30 | Dortmund | - | - |
| 25. jan. | 15.30 | Dortmund | ÞÝS - | - |
| 25. jan. | 17.30 | Halle | - | - |
| 25. jan. | 19.30 | Halle | - | - |
| 27. jan. | 15.30 | Dortmund | ÞÝS - | - |
| 27. jan. | 17.00 | Halle | - | - |
| 27. jan. | 19.00 | Halle | - | - |
| 28. jan. | 14.30 | Dortmund | ÞÝS - | - |
| 28. jan. | 16.30 | Halle | - | - |
| 28. jan. | 18.30 | Halle | - | - |

## MILLIRIÐILL 2

| DAGS. | TÍMI | KEPPNISSTAÐUR | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| 24. jan. | 15.15 | Mannheim | - | - |
| 24. jan. | 17.15 | Mannheim | - | - |
| 24. jan. | 19.15 | Mannheim | - | - |
| 25. jan. | 15.15 | Mannheim | - | - |
| 25. jan. | 17.15 | Mannheim | - | - |
| 25. jan. | 19.15 | Mannheim | - | - |
| 27. jan. | 15.15 | Mannheim | - | - |
| 27. jan. | 17.15 | Mannheim | - | - |
| 27. jan. | 19.15 | Mannheim | - | - |
| 28. jan. | 15.15 | Mannheim | - | - |
| 28. jan. | 17.15 | Mannheim | - | - |
| 28. jan. | 19.15 | Mannheim | - | - |

## FJÓRÐUNGSÚRSLIT

| DAGS. | TÍMI | KEPPNISSTAÐUR | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| 30. jan. | 16.30 | Köln | ÞÝS - | - |
| 30. jan. | 16.30 | Hamborg | - | - |
| 30. jan. | 19.00 | Köln | - | - |
| 30. jan. | 19.00 | Hamborg | - | - |

## 5.-8. SÆTI

| DAGS. | TÍMI | KEPPNISSTAÐUR | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| 1. feb. | 14.00 | Köln | - | - |
| 1. feb. | 16.30 | Hamborg | - | - |
| 3. feb. | 13.00 | Köln | - | - |
| 3. feb. | 15.30 | Köln | - | - |

## UNDANÚRSLIT • Leikur 1

| DAGS. | TÍMI | KEPPNISSTAÐUR | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| 1. febrúar | 16.30 | Köln | - | - |

## UNDANÚRSLIT • Leikur 2

| DAGS. | TÍMI | KEPPNISSTAÐUR | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| 1. febrúar | 19.00 | Hamborg | - | - |

## 3.-4. SÆTI

| DAGS. | TÍMI | KEPPNISSTAÐUR | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| 4. febrúar | 13.00 | Köln | - | - |

## ÚRSLITALEIKUR

| DAGS. | TÍMI | KEPPNISSTAÐUR | LEIKUR | ÚRSLIT |
|---|---|---|---|---|
| 4. febrúar | 15.30 | Köln | - | - |

DUCATI
Ferrari
FIAT
MASERATI
PI PAR • SÍA • 70085
Bílaumboðið Saga er eini umboðsaðili Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati á Íslandi
SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is



ÁFRAM ÍSLAND
Íslensku landsliðspeysurnar fást m.a. í Sportland, Intersport, Toppmenn og Sport, Akureyri.
Kempa
Ármúla 17
108 Reykjavík
S: 581 1212
SPORTLAND
www.sportland.is

LYFJA
- Lifið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga

LYFJA
- Lífið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga

HM tilboð
Domino's Pizza
15" pizza með tveimur áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum með sósu, 2 lítra Coke og hvítlauksolía.
Aðeins 1.990 kr.*
Domino's Pizza
58·12345
www.dominos.is
*Tilboðið gildir frá 20. janúar til 4. febrúar og á eingöngu við um sóttar pantanir.



**# 1 Roland Valur Eradze**
Markvörður. **Félag**: Stjarnan
**Fæddur**: 07.05.1971
**Hæð**: 192 sm, **þyngd**: 90 kg
**Landsleikir/mörk**:48/0
**Stórmótareynsla**: 4. stórmótið



**# 12 Birkir Ívar Guðmundsson**
Markvörður. **Félag**: TuS N-Lübbecke
**Fæddur**: 14.09.1976
**Hæð**: 192 sm, **þyngd**: 93 sm
**Landsleikir/mörk**: 103/0
**Stórmótareynsla**: 4. stórmótið



**# 16 Hreiðar Levy Guðmundsson**
Markvörður. **Félag**: Akureyri
**Fæddur**: 29.11.1980
**Hæð**: 193 sm, **þyngd**: 96 kg
**Landsleikir/mörk**: 36/0
**Stórmótareynsla**: 3. stórmótið



**# 2 Vignir Svavarsson**
Línumaður. **Félag**: Skjern
**Fæddur**: 20.06.1980
**Hæð**: 196 sm, **þyngd**: 100 kg
**Landsleikir/mörk**: 64/62
**Stórmótareynsla**: 3. stórmótið



**# 3 Logi Geirsson**
Vinstri skytta. **Félag**: TBV Lemgo
**Fæddur**: 10.10.1982
**Hæð**: 190 sm, **þyngd**: 90 kg
**Landsleikir/mörk**: 36/75
**Stórmótareynsla**: 2. stórmótið



**# 4 Einar Örn Jónsson**
Hægra horn. **Félag**: GWD Minden
**Fæddur**: 28.12.1976
**Hæð**: 186 sm, **þyngd**: 86 kg
**Landsleikir/mörk**: 122/262
**Stórmótareynsla**: 7. stórmótið



**# 5 Sigfús Sigurðsson**
Línumaður. **Félag**: Ademar Leon
**Fæddur**: 07.05.1975
**Hæð**: 198 sm, **Þyngd**: 114 kg
**Landsleikir/mörk**: 119/285
**Stórmótareynsla**: 6. stórmótið



**# 6 Ásgeir Örn Hallgrímsson**
Hægri skytta. **Félag**: TBV Lemgo
**Fæddur**: 17.02.1984
**Hæð**: 191 sm, **Þyngd**: 92 kg
**Landsleikir/mörk**: 51/83
**Stórmótareynsla**: 3. stórmótið



**# 7 Arnór Atlason**
Vinstri skytta. **Félag**: FC København
**Fæddur**: 23.07.1984
**Hæð**: 191 sm, **Þyngd**: 91 kg
**Landsleikir/mörk**: 44/83
**Stórmótareynsla**: 2. stórmótið



**# 8 Markús Máni Michaelsson**
Vinstri skytta. **Félag**: Valur
**Fæddur**: 17.06.1981
**Hæð**: 192 sm, **Þyngd**: 92 kg
**Landsleikir/mörk**: 38/54
**Stórmótareynsla**: 2. stórmótið



**# 9 Guðjón Valur Sigurðsson**
Vinstra horn. **Félag**: Gummersbach
Fæddur: 08.08.1979
**Hæð**: 187 sm, **Þyngd**: 83 kg
**Landsleikir/mörk**: 163/715
**Stórmótareynsla**: 9. stórmótið



**# 10 Snorri Steinn Guðjónsson**
Leikstjórnandi. **Félag**: GWD Minden
**Fæddur**: 17.10.1981
**Hæð**: 187 sm. **Þyngd**: 86 kg
**Landsleikir/mörk**: 93/266
**Stórmótareynsla**: 5. stórmótið



**# 11 Ólafur Stefánsson**
Hægri skytta. **Félag**: Ciudad Real
Fæddur: 03.07.1973
**Hæð**: 196 sm, **þyngd**: 94 kg
**Landsleikir/mörk**: 238/1126
**Stórmótareynsla**: 11. stórmótið



**# 14 Ragnar Óskarsson**
Leikstjórnandi. **Félag**: US Ivry
**Fæddur**: 19.08.1978
**Hæð**: 185 sm, **Þyngd**: 84 kg
**Landsleikir/mörk**: 72/125
**Stórmótareynsla**: 4. stórmótið



**# 15 Alexander Petersson**
Hægra horn. **Félag**: Grosswallstadt
**Fæddur**: 02.07.1980
**Hæð**: 186 sm, **Þyngd**: 94 kg
**Landsleikir/mörk**: 41/149
**Stórmótareynsla**: 3. stórmótið



**# 17 Sverre Jakobsson**
Varnarmaður. **Félag**: Gummersbach
**Fæddur**: 08.02.1977
**Hæð**: 196 sm, **Þyngd**: 97 kg
**Landsleikir/mörk**: 18/10
**Stórmótareynsla**: 1. stórmótið



**# 18 Róbert Gunnarsson**
Línumaður. **Félag**: Gummersbach
**Fæddur**: 22.05.1980
**Hæð**: 190 sm, **Þyngd**: 100 kg
**Landsleikir/mörk**: 91/283
**Stórmótareynsla**: 5. stórmótið



**Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari**
**Fæddur**: 07.09.1959
Fyrsta stórmót hans með landsliðinu. Alfreð hefur stjórnað liðinu í 11 landsleikjum. Fjórir hafa unnist, tveir hafa endað með jafntefli og fimm hafa tapast.

ALFA ROMEO
DUCATI
Ferrari
FIAT
MASERATI
PI PAR • SÍA • 70085
Bílaumboðið Saga er eini umboðsaðili Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati á Íslandi
SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

DHL

HENSON

# TOPP MERKI Á ÚTSÖLU



AFSLÁTTUR
60.000
42" PLASMA SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 159.990
TILBOÐ kr. 99.990
UNITED 38%










AFSLÁTTUR
30.000
32" LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 159.990
TILBOÐ kr. 129.990
JVC 19%

AFSLÁTTUR
40.000
32" LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 149.990
TILBOÐ kr. 109.990
AKAI 27%

AFSLÁTTUR
40.000
32" LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 139.990
TILBOÐ kr. 99.990
GRUNDIG 28%

# ÚTSALA

# ALLT AÐ 65% AFSLÁTTUR




AFSLÁTTUR
**50.000**
32” LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 149.990
TILBOÐ kr. 99.990
THOMSON 33%




AFSLÁTTUR
**20.000**
42” PLASMA SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 169.990
TILBOÐ kr. 149.990
THOMSON 12%




AFSLÁTTUR
**70.000**
42” LCD SJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR kr. 269.990
TILBOÐ kr. 199.990
GRUNDIG 26%

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SJÁIÐ TILBOÐIN Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

## Strákarnir okkar



**Raggi Bjarna, tónlistarmaður:** Við endum í sjötta sætinu og Einar Örn Jónsson mun eiga frábært mót.



**Alma Guðmundsdóttir, söngkona Nylon:** Ísland hafnar í fimmta sætinu og Ólafur Stefánsson verður skærasta stjarnan í íslenska liðinu.



**Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður:** Ólafur Stefánsson er og verður alltaf lykilmaður í liðinu og ég reikna með að Guðjón Valur verði einnig sterkur. Ég trúi á þetta lið og spái því 5.-6. sæti á mótinu.

# Bogdan læsti menn inni

Kristján Arason er einn besti handknattleiksmaður sem Ísland hefur átt og er Ólafur Stefánsson sá eini sem hefur skorað fleiri mörk fyrir landsliðið en hann. Kristján segir HM 1986 eftirminnilegasta mót sem hann hafi tekið þátt í.

„Það eru einmitt um tuttugu ár síðan okkar kjarni tók þátt í þessu í fyrsta sinn, í Sviss 1986. Það var eftir að hafa náð ágætis árangri á Ólympíuleikunum 1984. Það var mikil eftirvænting og spenna, handboltinn var hærra skrifaður hérna heima en hann er í dag enda er áreiti á almenning mun meira núna. Það var mikið fjallað um þessa keppni á Íslandi og fyrsti leikur var gegn Suður-Kóreumönnum en þeirra lið var óskrifað blað á þessum tíma. Við höfðum verið að gæla við að komast langt í keppnina og töldum Tékka aðalmótherja okkar í riðlinum,“ sagði Kristján Arason en íslensku strákarnir gerðu sig seka um vanmat í fyrsta leik mótsins.

„Það átti að halda smá Þjóðhátíð og ganga frá liði Suður-Kóreu. Í leiknum vissum við hins vegar ekki hvað var að gerast alveg frá fyrstu mínútu. Þeir spiluðu okkur sundur og saman og við töpuðum stórt. Þeir komu okkur gjörsamlega á óvart og andrúmsloftið eftir leikinn var eftirminnilegt. Það vissi enginn hvað ætti að segja og því var dauðaþögn. Menn geta rétt ímyndað sér hvernig ástandið á Bogdan þjálfara var á þessari stundu.“

Eftir áfallið í fyrsta leik rifu menn sig upp og lögðu Tékkland og Rúmeníu. „Þannig náðum við að komast áfram og höfnuðum í sjötta sæti. Fyrir utan leikinn gegn Suður-Kóreu var þessi keppni mjög vel spiluð af okkar hálfu. Þegar maður skoðar þann leik sér maður snerpuna og hraðann sem bjó í suður-kóreska liðinu og þekkist vel í handboltanum í dag. Það má segja að þeir hafi gjörbylt handboltanum,



**KRISTJÁN ARASON** Einn besti handboltamaður Íslands fyrr og síðar.

þeir urðu þess valdandi að hraðinn varð miklu meiri. Það má segja að Guðjón Valur sé leikmaður í heimsklassa í dag vegna þessara breytinga sem urðu eftir þetta,“ sagði Kristján.

„Á þessum tíma var GSM-væðingin ekki hafin, menn fóru ekki inn á netið eða neitt heldur fengum við send skeyti að heiman. Við urðum alveg varir við stuðning að heiman og spennan jókst mikið eftir að við unnum Tékkland. Þá varð áhuginn gríðarlegur, það er sérstakt að taka þátt í svona mótum. Ef það gengur vel er hóteldvölin ekkert mál en ef á móti blæs getur þetta orðið ótrúlega langur tími. Það er kúnst hjá þjálfara að fara milliveg, brjóta upp erfiða stemningu og sjá líka til þess að menn séu ekkert kærulausir. Léttleikinn verður að vera til staðar,“ sagði Kristján.

Það var galli á Bogdan að hann átti það til að læsa menn inn í herbergjum. Allir áttu að vera farnir að sofa klukkan ellefu eftir leik en það gat enginn sofnað þá. Mikið adrenalín í gangi og maður lá bara og taldi kindur. Við höfum síðan lært það af nágrannaþjóðum okkar að það skiptir miklu máli að brjóta upp hótelið og njóta þess að vera í heimsmeistarakeppni.“

Kristján er spenntur fyrir að sjá komandi keppni í Þýskalandi. „Liðið býr yfir gríðarlegum hraða og það er helsti styrkleiki þess. Þá þarf varnarleikurinn að skila sínu og við verðum að ná svona fimmtán vörðum skotum til að þetta gangi. Ég tel að ef við spilum um eitt af átta efstu sætunum sé það finn árangur og allt fyrir ofan sjötta væri frábær árangur,“ sagði Kristján Arason.

## Strákarnir okkar



**Patrekur Jóhannesson, handboltamaður:** Margir koma til greina og ég spái því að það verði fleiri en ein stjarna. Ég vona að markverðirnir finni sig vel. 5.-8. sæti væri frábær árangur.



**Freyr Eyjólfsson, útvarps- og tónlistarmaður:** Guðjón Valur verður að öllum líkindum stjarna liðsins, hann er í fantaformi þessa dagana. Ef við komumst upp úr riðlinum tel ég að allt geti gerst.



**Sebastian Alexandersson, þjálfari Selfyssinga:** Ég hef trú á því að liðið hafni í 5.-8. sæti í ljósi meiðsla leikmanna. Ég held að hornamennirnir verði bestir í íslenska liðinu.




Kerfisloft
Svalagler
Steypumót
Gámaeiningar
Felliveggir
Gler og glerlausnir
Stálgrindarhús
Ertu í framkvæmdahug?
Hleðslubrýr
formaco
Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · www.formaco.is · formaco@formaco.is
Aksturs- og iðnaðarhurðir
Gluggar og hurðir
Girðingar
Stigar
Kranar og vinnulyftur

# Tíu boðorð fyrir stuðningsmennina

Nýstofnuð samtök stuðningsmanna handboltalandsliðsins sem lofa því að styðja Ísland í blíðu og stríðu hafa gefið út tíu stuðningsboðorð en markmið samtakanna er að virkja íslensku þjóðina til þess að styðja betur við bakið á íslenska landsliðinu.

Á vefnum www.ibliduogstridu.is, þar sem fólk getur einnig skráð sig í samtökin, munu stuðningsmenn og landsliðsmennirnir sjálfir blogga og senda inn myndir frá lífinu á bak við tjöldin. Þar er hægt að senda landsliðsmönnunum skilaboð og spurningar sem þeir reyna að svara á síðunni.



**ÁFRAM ÍSLAND** Stuðningsmenn íslenska handboltalandsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**Stuðningsboðorðin 10:**

1. Við lítum á okkur sem „stuðningsmenn" – en ekki „áhangendur".
2. Við vitum að stuðningur okkar er mikilvægur fyrir liðið og getur haft mikil áhrif á árangur þess.
3. Við vitum að stuðningur er ekki síst nauðsynlegur í stríðu – ekki bara í blíðu!
4. Við gerum okkur raunhæfar væntingar.
5. Við teljum það ekki minnimáttarkennd að taka það með í reikninginn að 300 þúsund manna þjóð er að keppa við milljónaþjóðir. Það er bara viðurkenning á staðreyndum.
6. Við gerum þá kröfu til landsliðsins að það „haldi haus" í mótlæti og skuldbindum okkur til þess að gera slíkt hið sama.
7. Við heitum því að yfirgefa ekki skútuna ef miður gengur – við heitum því að halda út allt til enda og sýna „úr hverju við erum gerð".
8. Jákvæður stuðningur er skemmtilegur og gefandi – ekki bara fyrir landsliðið heldur líka okkur stuðningsmenn og þjóðarkarakterinn.
9. Við getum ekki öll orðið landsliðsmenn – en við getum orðið stuðningsmenn – í blíðu og stríðu.
10. Sama hvernig gengur og sama hvernig fer - þá lofum við alltaf einu: Við höfum ánægju af leiknum.






## Strákarnir okkar



**EYÞÓR GUÐJÓNSSON, LEIKARI:** Óli Stefáns, gamli félagi minn úr Val, verður stjarna okkar á mótinu. Ég ætla út með félögum mínum að kíkja á milliriðilinn og spái liðinu einu af átta efstu sætunum með baráttuandann að vopni.



**GEIR SVEINSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍÞRÓTTAAKADEMÍUNNAR Í REYKJANESBÆ:** Ég spái því að Alexander Petersson verði stjarnan og við höfnum í 5.-8. sæti mótsins.



**SIGRÍÐUR ARNARDÓTTIR (SIRRÝ), SJÓNVARPSKONA:** Ég er berdreymin kona og spái okkur 8. sæti. Ólafur Stefánsson verður aðalstjarnan enda fara heimspeki og handbolti vel saman.



**JÓN ÓLAFSSON, TÓNLISTARMAÐUR:** Við lendum í níunda sætinu og Guðjón Valur verður stjarnan.



**ATLI EÐVALDSSON, FÓTBOLTAÞJÁLFARI:** Guðjón Valur og Óli Stefáns verða í lykilhlutverki og svo er Snorri Steinn mjög hæfileikaríkur. Ég held að við endum í einhverju af átta efstu sætunum.



**BENEDIKT BÓAS HINRIKSSON, BLAÐAMAÐUR:** Snorri Steinn og Robbi verða í aðalhutverki hjá íslenska liðinu, sem hafnar í sjötta sætinu.

# TVG-ZIMSEN

## Ameríkuflutningar

Við bjóðum lausnir í flutningsmálum til og frá Bandaríkjunum

- Flugsendingar
- Sjósendingar
- Innanlandsflutningar
- Tollskjalagerð
- Vöruhótel
- Útflutningur



Hafðu samband og fáðu lausn á þínum flutningsmálum.

Himinn og haf / SÍA

TVG-ZIMSEN
SÍÐAN 1894

TVG-Zimsen Korngörðum 2, 104 Reykjavík • Sími 5 600 700 • www.tvg.is

## Strákarnir okkar



**Erlendur Ísfeld, þjálfari ÍR:** Hræðilegt að vera án bombarans Einars Hólmgeirs en vélmennið Alexander Petersson verður aðalstjarna íslenska liðsins. Ég spái því að við spilum um 7. sætið á mótinu.



**Heiðar Örn Kristjánsson, tónlistarmaður:** Guðjón Valur mun blómstra á mótinu fullur sjálfstrausts og mun Ísland hafna í sjöunda sætinu.



**Benedikt Erlingsson, leikari:** Ísland mun tapa öllum úrslitaleikjunum á ögurstundu og sýna þegar á hólminn er komið að það hefur ekki karakter. Eiður Smári verður aðalstjarna handboltalandsliðsins.

# Fjórir hafa verið valdir í úrvalslið heimsmeistaramótsins

Fjórir íslenskir handboltamenn hafa verið valdir í úrvalslið HM í handbolta og fimm sinnum hefur íslenska landsliðið átt leikmann meðal tíu markahæstu manna.

Gunnlaugur Hjálmarsson var fyrstur til að vera valinn í úrvalslið HM en hann var í óopinberu liði HM 1961 þegar keppnin fór fram í Vestur-Þýskalandi. Gunnlaugur skoraði þá 22 mörk í 6 leikjum og varð fjórði markahæsti maður mótsins.

32 ár liðu síðan þar til Ísland eignaðist annan leikmenn í HM-liðinu en hornamaðurinn Bjarki Sigurðsson var valinn í liðið í HM í Svíþjóð 1993. Bjarki skoraði þá 19 mörk í sjö leikjum, þar af 13 í tveimur síðustu. Tveimur árum seinna var línumaðurinn Geir Sveinsson valinn í úrvalsliðið þegar HM fór fram á Íslandi en Geir var þá með 28 mörk í 7 leikjum.

Valdimar Grímsson er síðasti íslenski leikmaðurinn sem hefur komist í úrvalslið HM en hann var valinn í liðið eftir HM í Kumamoto 1997 þar sem hann varð einnig þriðji markahæsti maður mótsins.

Ólafur Stefánsson náði einnig að verða þriðji markahæstur á HM þegar mótið fór fram í Portúgal 2003, Kristján Arason varð fimmti markahæsti leikmaðurinn á HM í Sviss 1986 og Sigurður Valur Sveinsson varð sjötti markahæstur á HM í Svíþjóð 1993.



**FRÁBÆRT MÓT** Geir Sveinsson var frábær á HM þegar mótið fór fram á Íslandi árið 1995. Geir var kosinn í úrvalslið mótsins þótt Ísland kæmist aðeins í 13. sæti en hann skoraði 28 mörk í 7 leikjum á mótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR GAUTI



**SÁ FYRSTI** Gunnlaugur Hjálmarsson varð fjórði markahæstur á HM 1961 og var valinn í úrvalsliðið.

## Strákarnir okkar



**Rakel Dögg Bragadóttir, Stjörnunni:** Guðjón Valur og Óli munu skína skært á mótinu og verða í aðalhlutverki hjá íslenska liðinu, sem endar meðal átta efstu.



**Helena Ólafsdóttir, fótboltaþjálfari:** Ég spái liðinu áttunda sæti, ég vil ekki vera með of miklar væntingar til þessara stráka. Guðjón Valur verður stjarna liðsins á mótinu.



**Margrét Kara Sturludóttir, körfuknattleikskona úr keflavík:** Guðjón Valur verður aðalmaður liðsins, sem mun enda í 7. sæti.


60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is




**14 MÖRK Í EINUM LEIK** Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 14 mörk í stórsigri á Áströlum. FRÉTTABLAÐIÐ/UROS HOROVAC

# Guðjón Valur á markametið á HM

## Guðjón Valur skoraði 14 mörk gegn Áströlum á HM 2003

Guðjón Valur Sigurðsson er sá leikmaður Íslands sem hefur skorað flest mörk í einum leik á HM en hann skoraði 14 mörk gegn Ástralíu í fyrsta leik íslenska liðsins á HM í Portúgal 2003.

Guðjón Valur skoraði mörkin 14 úr aðeins 16 skotum en fyrsta markið hans í leiknum kom þó ekki fyrr en eftir 15 mínútna leik. Guðjón Valur skorað 10 markanna úr hraðaupphlaupum og hin fjögur úr vinstra horninu.

Guðjón Valur bætti í þessum leik met Valdimars Grímssonar frá HM í Kumamoto 1997 en Valdimar skoraði þá 11 mörk gegn Júgóslavíu. Ólafur Stefánsson hefur síðan tvisvar sinnum náð að skora 11 mörk í leik á HM.

Kristján Arason varð hinsvegar fyrsti íslenski leikmaðurinn til þess að skora 10 mörk í leik á HM en hann skoraði tíu mörk í tapi gegn Suður-Kóreu í fyrsta leik Íslands á HM í Sviss 1986.

### FLEST MÖRK ÍSLENDINGS Í EINUM LEIK Á HM:

| | |
|---|---|
| **14** | |
| Guðjón Valur Sigurðss. | Ástralía 2003 |
| **11** | |
| Valdimar Grímsson | Júgóslavía 1997 |
| Ólafur Stefánsson | Júgóslavía 2003 |
| Ólafur Stefánsson | Tékkland 2005 |
| **10** | |
| Kristján Arason | Suður-Kórea 1986 |
| Sigurður V. Sveinss. | Ungverjal. 1993 |
| Heiðmar Felixson | Ástralía 2003 |
Útborgun 149.900 kr. **(PDP427XD)**
Mánaðarleg afborgun: **7.221 kr.**
**Jafnaðarafborgun með vöxtum í 48 mánuði.**



PIONEER RCS-404H
**Heimabíókerfi með DVD upptöku og hörðum disk**
Kraftmikill 360W RMS magnari
Innbyggður 80GB harður diskur (allt að 227 klst. upptaka)
Tekur upp á allar gerðir DVD diska (Dual-Layer)
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX
**Verð: 114.900 kr.**
**TILBOÐSVERÐ: 99.900 kr.**

**48 MÁNAÐA ORMSSON LÁN**
Mánaðarleg afborgun: **2.886 kr.**
**Jafnaðarafborgun með vöxtum í 48 mánuði.**

PIONEER DCS-353
**5.1 rása heimabíókerfi**
Kraftmikill 360W RMS magnari
HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið
USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir beint af minniskubbum og MP3 spilurum
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX
**Verð: 49.900 kr.**

HDMI



PIONEER VSX-416
**5 rása A/V heimabíómagnari**
5 x 100W RMS @ 8 ohm
Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic II og WMA9Pro
FM/AM útvarp með RDS
Sound Retriever tækni – bætir hljómgæði frá MP3, WMA og AAC þjöppuðu hljóði
192Khz/24-bit D/A breytir
Fáanlegur svartur eða silfraður
**Verð: 39.900 kr.**
**TILBOÐSVERÐ: 33.900 kr.**



Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

PIONEER VSX-1016V
**7 rása A/V heimabíómagnari með HDMI**
7 x 150W RMS @ 6 ohm
Sjálfvirk stilling með Auto-MCACC (hljóðnemi fylgir) og Phase Control
FM/AM útvarp með RDS
Forritanleg fjarstýring með skjá
USB inngangur fyrir MP3 spilara og minniskubba
Innbyggður HDMI (2:1) og Component (3:1) video-skiptir
Fáanlegur svartur eða silfraður
**Verð: 96.900 kr.**

HDMI THX



PIONEER DVR-440H
**DVD upptökutæki með hörðum disk**
Innbyggður 80GB harður diskur (allt að 227 klst. upptaka)
Tekur upp á allar gerðir DVD diska (Dual-Layer)
Chase Play – samhliða afspilun og upptaka
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX
**Verð: 65.900 kr.**
**TILBOÐSVERÐ: 55.900 kr.**





PIONEER DEH-1800
**Bíltæki**
4 X 45 W magnari
D4Q Digital · RDS Móttakari
FM/AM/LW · 18 stöðva minni
Laus framhliðEEQ forstilltur tónjafnari
RCA útgangur
**Verð 17.900.-**

**ÓKEYPIS ÍSETNING**

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT · WWW.ORMSSON.IS

KVIKA

# ORMSSON

| ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 | ORMSSON SMÁRALIND | ORMSSON RADIONAUST | ORMSSON KEFLAVÍK | MODEL AKRANESI | ÁRVIRKINN SELFOSSI | ÞRISTUR ÍSAFIRÐI | VÍK NESKAUPSTAÐ | VÍK REYÐARFIRÐI | VÍK EGILSSTÖÐUM | BÓKABÚÐIN HÚSAVÍK |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 464 1515 |

## Kjarni málsins

> Fjöldi barna í leikskólum sem nutu sérstaks stuðnings




Heimild: Hagstofa Íslands

# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

**KENNARINN:** MAGNÚS BJÖRNSSON KÍNVERSKUKENNARI

## *Ekki svo flókið að kenna kínversku*

Það eru líklega ekki margir á Íslandi sem geta kallað sig kínverskukennara. Það getur Magnús Björnsson hins vegar gert enda lætur hann sér ekki nægja að kenna Kínversku hjá Símenntun Mímis heldur kennir hann einnig við Asíuver Íslands í Háskóla Íslands og á Akureyri. „Ég er nú bara að kenna einn kúrs sem er hluti af námi í kínverskum fræðum. Kúrsinn heitir Viðskipti við Kína og þarna er fjallað um Kína í viðskiptafræðilegu ljósi," segir Magnús og bætir því við að menning og saga landsins komi vissulega einnig við sögu.

Viðskipti við Kína hafa aukist á undanförnum árum og Magnús er ekki í vafa um að Kína sé orðið land tækifæranna. „Það er ekki spurning að það verður sífellt meiri þörf fyrir fólk með þekkingu á þessu sviði. Námskeiðið sem ég kenni er góður grunnur. Þarna er fjallað um hvernig best sé að komast inn á þennan stóra markað og hvernig best sé að hegða sér í samskiptum við Kínverja," segir Magnús og bætir því við að fólk úr ýmsum deildum hafi áhuga fyrir námskeiðinu. „Ég kenni í Háskóla Íslands og flestir nemendur koma þaðan en svo er einnig stór hópur á Akureyri sem fylgist með í fjarkennslu."



Magnús er með MA-gráðu í alþjóðastjórnmálum frá Kínverska þjóðarháskólanum í Peking. „Ég bjó í Kína í fimm og hálft ár og tala fína kínversku í dag þótt hún hafi verið strembin í fyrstu. Síðustu tvö árin eða svo hef ég kennt kínversku hjá Mími og það er mjög skemmtilegt," segir Magnús, sem kennir bæði byrjendum og lengra komnum. „Það er auðvitað takmarkað hve mikið hægt er að læra á svona námskeiði en þetta gengur bara ljómandi vel. Kínverskan er erfið og þetta er svolítið eins og að læra tvö tungumál í einu því það er strembið að læra inn á ritmálið og læra öll táknin," segir Magnús, sem vinnur við ýmislegt annað samhliða kennslunni. „Ég er að sýsla bæði í viðskiptum og ferðaþjónustu við Kína og svo hef ég líka haft nóg að gera við þýðingar."

■ **Skólinn**

## Kvennaskólinn í Reykjavík



Kvennaskólinn í Reykjavík er einn allra elsti skóli landsins. Hann var stofnaður árið 1874 af hjónunum Þóru og Páli Melsteð og var, eins og nafnið gefur til kynna, eingöngu ætlaður konum. Á þeim árum var litla menntun að fá fyrir stúlkur og var Kvennaskólinn fyrsta menntastofnunin sem bauð stúlkum upp á formlega menntun. Í upphafi voru nemendurnir tíu og kennararnir þrír sem kenndu launalaust þar til Alþingi samþykkti að veita skólanum styrk.

Allt fram til ársins 1977 var skólinn eingöngu ætlaður stúlkum en það haust hóf fyrsti pilturinn nám við skólann. Skólinn varð framhaldsskóli árið 1979 og fyrstu stúdentarnir útskrifuðust árið 1982. Frá árinu 1909 hefur skólinn verið til húsa að Fríkirkjuvegi 9 en skólinn býr við fremur þröngan húsakost. Nemendur skólans eru um 550 talsins og starfsmenn eru 55.

■ **Brautskráning**

## Síðasta embættisverk rektors



Háskólinn í Reykjavík brautskráir 258 nemendur næstkomandi laugardag. Flestir útskrifast frá viðskiptadeild, 130 manns. Þá ljúka 111 nemendur prófi frá tækni- og verkfræðideild og 17 brautskrást frá lagadeild.

Brautskráningin verður síðasta embættisverk dr. Guðfinnu S. Bjarnadóttur, sem verið hefur rektor skólans frá stofnun hans. Svafa Grönfeldt, nýr rektor skólans, tekur við í kjölfarið og verða formleg skipti á úskriftinni sjálfri.

Við brautskráninguna flytur formaður háskólaráðs, Bjarni Ármannsson, erindi og verðlaun frá Viðskiptaráði verða veitt fyrir besta námsárangur í hverri deild.

Útskriftin fer fram í Háskólabíói og hefst klukkan 13.

■ **Námskeið**

## Leyndardómar Da Vinci lykilsins

Í Hafnarfjarðarkirkju er staðið fyrir öflugri fullorðinsfræðslu og þar eru oft spennandi námskeið í boði. Nú er í þriðja sinn sett á laggirnar námskeið þar sem sannleiksgildi Da Vinci lykilsins verður rannsakað.




Fyrri námskeið um þetta efni hafa verið gríðarlega fjölsótt enda Da Vinci lykillinn afar vinsæl bók.

Námskeiðið er sett upp sem eins konar leynilögreglunámskeið. Stóru spurningarnar sem koma fram í bókinni verða til umræðu og þátttakendur bregða sér í leynilögregluferð aftur í tímann til að leita að sönnunargögnum. Uppruni Nýja testamentisins verður skoðaður og teknar fyrir spurningar á borð við þær hvort Jesús gæti hafa verið giftur.

Nánari upplýsingar má finna á www.hafnarfjardarkirkja.is.

■ **Fræðslufundur**

## Félagsleg þátttaka grunnskólanema

Næstkomandi þriðjudag, 23. janúar, verður haldinn fræðslufundur á vegum skólaþróunarsviðs við Háskólann á Akureyri. Þar flytur dr. Þóroddur Bjarnason, prófessor við HA, erindi sem hann nefnir Svæðisbundinn munur á félagslegri þátttöku grunnskólanema af erlendum uppruna.

Unglingum af erlendum uppruna hefur fjölgað talsvert hér á landi á undanförnum árum. Rætt hefur verið um að þessi hópur standi höllum fæti í samfélaginu en lítið hefur þó verið rannsakað í þeim efnum. Í Erindi Þórodds verða málefni þessara unglinga skoðuð í ljósi viðamikillar könnunar á heilsu og lífskjörum skólanema sem lögð var fyrir alla nemendur í 10. bekk á Íslandi vorið 2006. Fræðslufundurinn verður í stofu 16 í Þingvallastræti 23 og hefst kl. 16.30. Að erindi loknu gefst fundarmönnum tækifæri til fyrirspurna og umræðna.

■ **Listaháskólinn**

## Breytingar á inntöku í leiklistardeild

Sú breyting er nú á námi í leiklistardeild Listaháskólans að tekið verður inn á þrjár brautir deildarinnar annað hvert ár. Teknir verða inn allt að tíu nemendur í leikaranám, tíu í fræði og framkvæmd og sex í dansnám.

Sem fyrr verður leikaranámið fjögurra ára nám til BFA-gráðu, fræði og framkvæmd, þriggja ára nám til BA-gráðu og í stað eins árs diplómabrautar í dansi verður boðið upp á þriggja ára BA-nám í dansi. Með tilkomu dansbrautar og námsins í fræðum og framkvæmd fækkaði umsóknum í leikaranámið og þess vegna var brugðið á það ráð að breyta inntökuferlinu á þennan hátt.

Þeir sem hugðu á inntökupróf vorið 2007 verða því að bíða um sinn.

# Ekki nógu margir tölvunarfræðingar

**Útskrifuðum tölvunarfræðingum hefur fækkað stórlega undanfarin ár. Eftirspurn eftir tölvumenntuðu fólki hefur aukist á sama tíma. Útskriftarnemar fá fjölda atvinnutilboða án þess að leita nokkuð, segir sviðsstjóri hjá Háskólanum í Reykjavík.**



**AÐ STÖRFUM** Ebba Þóra Hvannberg, deildarstjóri tölvunarfræðideildar Háskóla Íslands, segist sjá fyrir uppsveiflu hjá tölvunarfræðinemendum á komandi árum. Auðvelt sé fyrir fólk að fá vinnu í þessum geira í dag.

Útskrifuðum tölvunarfræðingum á Íslandi hefur fækkað um fimmtíu prósent undanfarin þrjú ár. Á sama tíma hefur eftirspurn eftir tölvunarfræðingum á atvinnumarkaðnum aukist.

Árið 2004 útskrifuðust 153 með BS-gráðu í tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Útskrifaðir með sömu gráður árið 2006 voru 72. Útlit er fyrir að á þessu ári verði enn færri útskrifaðir.

„Tölvunarfræðin er háð sveiflum í tæknigreinum um allan heim og það er kannski að fæla nemendur frá," segir Ebba Þóra Hvannberg, deildarstjóri tölvunarfræðideildar Háskóla Íslands.

„Eftir aldamótin var talsverður samdráttur, þegar internetbólan svokallaða sprakk og eftirspurn eftir tölvunarfræðingum dróst saman í kjölfarið. Síðustu tvö árin hefur vinnumarkaðurinn verið að taka vel við sér og eftirspurnin er orðin mun meiri."

Hún segist sjá fyrir uppsveiflu hjá tölvunarfræðinemendum á næstu árum vegna eftirspurnarinnar, enda auðvelt fyrir fólk að fá vinnu í þessum geira í dag.

Yngvi Björnsson, sviðsstjóri tölvunarfræðisviðs hjá Háskólanum í Reykjavík, tekur undir orð Ebbu.

„Ásókn í tölvunarfræðinga hefur aldrei verið meiri. Þeir sem útskrifuðust hjá okkur síðast voru allir komnir með vinnu við útskrift og margir höfðu fengið 4-5 atvinnutilboð án þess að leita nokkuð."

Hann segist ekki vita almennilega hvers vegna svo fáir leggi stund á nám í tölvunarfræði í dag.

„Það er kannski einhver nördastimpill á þessu, ég veit það ekki. Tölvukennsla hefur líka farið minnkandi í framhaldsskólum síðan námsáætlunin var endurskoðuð í kringum aldamótin," segir hann.

„Krakkar hafa ekki jafn mikil tækifæri til að kynnast tölvunarfræðinni öðru vísi en að einfaldlega nota tölvu. Þá verður þetta ekki jafn framandi og kemst ekki í tísku."

„Ég get tekið undir það að það mættu vera fleiri að útskrifast í þessu fagi," segir Torfi Markússon, starfsmannastjóri hjá TM Software.

„Það er vont fyrir fagið að það séu svona miklar sveiflur í fjölda útskrifaðra." salvar@frettabladid.is

Skólastjóri tungumálaskóla býður upp á ókeypis íslenskunámskeið:

# Vill taka vel á móti útlendingum

Mikið hefur breyst á undanförnum áratugum hvað varðar móttöku útlendinga sem koma hingað til lands til að vinna eða stunda nám, segir Paolo Turchi, skólastjóri Málaskólans Lingva. Hann hefur ákveðið að bjóða áhugasömum upp á grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga í mars, þeim að kostnaðarlausu.

Turchi þekkir móttöku útlendinga hér á landi af eigin reynslu, en hann fluttist hingað til lands frá Ítalíu fyrir rúmum tveimur áratugum og hefur starfað sem tungumálakennari og kennt Íslendingum ítölsku.

„Mér hefur fundist umræðan um innflytjendur á frekar lágu plani hér á landi undanfarið, svo mig langaði aðeins að rífa upp umræðuna. Mig langar að leggja mitt af mörkum," segir Turchi.

Um er að ræða vikunámskeið sem kennir nemendum grunninn í mannlegum samskiptum í íslensku; að heilsa, þakka fyrir sig og fleira í þeim dúr. Námskeiðið fer fram 12.-15. mars næstkomandi og er pláss fyrir 30 nemendur. Hægt er að skrá sig á www.lingva.is.



**PAOLO TURCHI** „Mig langar að leggja mitt af mörkum." FRÉTTBLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Mér finnst stundum vegið að útlendingum hér á landi, þegar þeir eru fengnir til að vinna alla daga fram á kvöld, og fá svo skítkast af því þeir tala ekki íslensku. Hvernig getur fólkið lært íslensku strax? Ég var þrjú ár í háskóla áður en ég gat tjáð mig almennilega," segir Turchi.

Námskeiðið sem boðið verður upp á í Lingva verður með sama hætti og námskeið sem fjölmargir Íslendingar hafa sótt í erlendum tungumálum, en Turchi leggur meira upp úr því að ná grunnfærni frekar en málfræði, og lætur nemendur gjarnan endurtaka setningar til að ná tökum á þeim.

„Auðvitað býð ég líka upp á málfræðitíma, en þetta er aðferð sem hentar vinnandi fólki sem vill alltaf læra allt strax. Þetta er hagnýtt nám, við köllum þetta örnámskeið, það tekur bara viku. Síðan geta menn komið aftur og lært meira," segir Turchi.

- bj

**KEVIN COSTNER ER 52 ÁRA Í DAG**

*„Ef þú gerir þér ekki grein fyrir eigin takmörkunum muntu aldrei ná langt í lífinu."*

***Leikarinn góðkunni sem kom hingað til lands fyrir nokkrum árum fæddist þennan dag árið 1955.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. JANÚAR 1967

## „Boston-kyrkjarinn" í lífstíðarfangelsi

Á þessum degi fyrir fjörutíu árum var Albert DeSalvo, sem sagðist vera hinn frægi Boston-kyrkjari, dæmdur í lífstíðarfangelsi í Bandaríkjunum fyrir rán, líkamsárás og kynferðisbrot. DeSalvo sagðist hafa myrt þrettán einhleypar konur í Boston á árunum 1962 til 1964. Öllu morðin mikilli skelfingu í borginni. Konunum, sem voru á aldrinum 19 til 85 ára, var nauðgað og síðan kyrktar til bana á heimilum sínum. Í sumum tilfellum sáust för eftir einhvers konar borða á hálsum þeirra.

Hinn 35 ára DeSalvo var ekki dæmdur fyrir neitt morðanna því engin sönnunargögn þess efnis höfðu fundist.

Við réttarhöldin, sem stóðu yfir í viku, reyndi lögfræðingur DeSalvo að sýna fram á að skjólstæðingur sinn væri sekur um morðin en ætti einnig við geðræn vandamál að stríða. Þess vegna ætti hann að afplána dóm sinn á hæli.



**ALBERT DESALVO** Fjörutíu ár eru liðin síðan DeSalvo var dæmdur í lífstíðarfangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

DeSalvo var aftur á móti dæmdur heill heilsu og ekki sekur um morðin.

Árið 1973 var DeSalvo myrtur af öðrum fanga.

**MERKISATBURÐIR**

**1642** Abel Tasman er fyrsti Evrópubúinn sem kemur til Nýja-Sjálands.

**1865** Þrælahald er afnumið í Bandaríkjunum.

**1894** Konur í Suður-Ástralíu eru þær fyrstu í landinu til að fá kosningarétt og kjörgengi á Alþingi.

**1930** Hótel Borg tekur til starfa með opnun veitingasala. Gistihúsið var tekið í notkun í maí.

**1969** Leigubílstjóri finnst myrtur í Reykjavík. Við tók umfangsmikil rannsókn, án þess þó að nokkur væri fundinn sekur um glæpinn.

**1969** Á Korpúlfsstöðum verður eldsvoði þannig að miklar skemmdir verða á húsum og hluti af Skjalasafni Reykjavíkur brennur inni.




†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þóra Kristín Eiríksdóttir**

Efstaleiti 12, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 14. janúar verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 23. janúar kl. 15.

**Tómas Árnason**
**Eiríkur Tómasson** **Þórhildur Líndal**
**Árni Tómasson** **Margrét Birna Skúladóttir**
**Tómas Þór Tómasson** **Helga Jónasdóttir**
**Gunnar Guðni Tómasson** **Sigríður Hulda Njálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Hjartkær eiginmaður minn og faðir okkar,*

**Ari Huynh**

veitingamaður,

andaðist 15. janúar á Landspítalanum Fossvogi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Margrét Huynh og börn hins látna.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórir Guðmundsson**

bifreiðastjóri, Brekkubæ 33,

sem andaðist fimmtudaginn 11. janúar, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju föstudaginn 19. janúar kl. 15.00.

**Hlíf Samúelsdóttir**
**Hreggviður Óskarsson** **Hafdís G. Halldórsdóttir**
**Guðmundur Þórisson** **Sigrún Jónsdóttir**
**Elsa Þórisdóttir** **Daníel H. Skúlason**
**Samúel Þórisson** **Margrét Kristjánsdóttir**
**Björgvin Þórisson**
**María G. Þórisdóttir** **Ingi B. Erlingsson**
**afabörn og langafabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ársæll Guðsteinsson**

rafvirki, Dalvegi 16c, Kópavogi,

lést á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 9. janúar. Hann verður jarðsunginn frá Háteigskirkju fimmtudaginn 18. janúar kl. 13.00.

**Pálína K. Pálsdóttir**
**Sigurður Ársælsson** **Anna Dóra Guðmundsdóttir**
**Vilborg Ósk Ársælsdóttir** **Finnbogi G. Kristinsson**
**Páll H. Ársælsson**
**Guðrún H. Ársælsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur bróðir okkar og frændi,*

**Sigurður Kristján Vilhelmsson**

Sævarlandi,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks 7. janúar síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Hvammskirkju, Laxárdal, laugardaginn 20. janúar kl. 11.

**Systkini hins látna og aðrir vandamenn.**



†

*Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óskar Ragnarsson**

húsasmíðameistari, Lagarfelli 9b, Fellabæ, Egilsstöðum,

sem lést laugardaginn 13. janúar, verður jarðsunginn frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 20. janúar kl. 14.00.

**Þröstur Elvar Óskarsson** **Hulda Kristín Guðmundsdóttir**
**Hrönn Björnsdóttir** **Hörður Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Ástkær bróðir okkar og frændi,*

**Kristján Kristjánsson (Danni)**

lést á elliheimilinu Grund 12. janúar. Útförin fer fram í Árbæjarkirkju föstudaginn 19. janúar kl. 11.00.

**Fyrir hönd vandamanna,**
**Kristján Helgason**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigurlaug Gísladóttir**

áður til heimilis að Sóltúni 12, Keflavík,

sem lést sunnudaginn 14. janúar, verður jarðsett föstudaginn 19. janúar kl. 14 frá Keflavíkurkirkju.

**Sigurður Gíslason Ólafsson** **Guðbjörg Ingimundardóttir**
**Sigurbjörn Björnsson** **Þóra Þórhallsdóttir**
**Halldór Björnsson** **Hulda Harðardóttir**
**Gísli Grétar Björnsson** **Guðrún Jónsdóttir**
**Lilja Björnsdóttir**
**Símon Björnsson**
**Guðmundur M. Björnsson** **Halldóra Birna Gunnarsdóttir**
**Ísleifur Björnsson** **Ingigerður Guðmundsdóttir**
**Hrönn Björnsdóttir** **Friðrik Steingrímsson**
**Friðbjörn Björnsson** **Guðrún Helgadóttir**
**Ómar Björnsson**
**Viggó Björnsson** **Evelyn Eikemo**
**Barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**


**KRISTINN PÉTURSSON:** GEFUR ÚT FYRSTU BL

# Á fullt erindi á

Kristinn Pétursson undirbýr útgáfu fyrstu bloggbókar Íslands. „Ég veit að Beta rokk gaf út einhverja svona bloggbók," sagði Kristinn, „en þetta verður örugglega ein fyrsta íslenska bókin með efni sem hefur allt verið birt á netinu áður," sagði hann. Það eru þó ekki skrif Kristins sjálfs sem munu rata í bókina, heldur færslur bloggarans og Norðfirðingsins Jóns Knúts Ásmundssonar. Jón Knútur, sem er búsettur á Egilsstöðum, hafði þó lítið um málið að segja. „Ég blogga bara. Ég á í sjálfu sér ekkert að vera meðvitaður um þetta," sagði Jón Knútur, sem kvaðst hafa orðið var við að hann ritskoðaði sjálfan sig eftir að bókarútgáfan barst í tal. „Þetta verður bara blogg á bók, það er ekkert plott í þessu eða söguþráður," sagði Jón, sem hefur verið iðinn við bloggið frá árinu 2003.

Útgefandinn Kristinn er með fingurna í ýmsum verkefnum og heldur úti nokkrum vefjum undir merkjum Mínervu miðlunar og útgáfu. Bloggbókin verður þó fyrsta verkefnið sem hann sendir frá sér í bókarformi. „Ég er búinn að vera með það lengi á teikniborðinu að gefa út ferðahandbækur fyrir Íslendinga, en það er seinlegt þegar maður er að stússast í því að skrifa sjálfur. Þegar einhver annar er tilbúinn með efni sem manni líkar og vill að fleiri fái að lesa er bara um að gera að slá til," sagði Kristinn. Hann er þó ekki frá því að bloggbókin geti að einhverju leyti fallið undir ferðasöguhattinn. „Allir prósatextar eru náttúrlega ferðasögur í gegnum eitt eða tvö andartök eða daga," sagði Kristinn. „Textar Jóns eru margir minningabrot, skemmtisögur, sjálfskrufning með þægilegum



**JÓN KNÚTUR** Höfundur bloggbókarinnar lætur yfirvofandi útgáfu lítið á sig fá.


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**




**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



**50 ára afmæli**

**Margrét Jónsdóttir**

þroskaþjálfi, Spóahólum 20, 111 Reykjavík.

Í dag þann 18. janúar 2007 er hún 50 ára og fagnar deginum með fjölskyldu sinni. Í tilefni þess býður hún ættingjum og vinum til veislu laugardaginn 20. janúar 2007 á Sportbarnum, Hverfisgötu 46, 101 Reykjavík. Veislan hefst kl. 18.55.

## AFMÆLI



**Gunnar Örn Kristjánsson,** stjórnarformaður Bræðranna Ormsson, er 52 ára.



**Jón Karl Helgason** bókmenntafræðingur er 42 ára.



**Páll Rósinkrans** söngvari er 33 ára.



**Helgi Seljan** sjónvarpsmaður er 28 ára.

# Sally Spectra öll

Bandaríska leikkonan Darlene Conley lést á mánudag af völdum krabbameins. Conley var Íslendingum að góðu kunn því hún var þekktust fyrir túlkun sína á fláráða tískumógúlnum Sally Spectra í sápuóperunni Bold and the Beautiful, sem hefur verið á dagskrá Stöðvar tvö árum saman.

Conley fæddist í Chicago árið 1934. Hún fékk sitt fyrsta hlutverk á Broadway aðeins fimmtán ára gömul og eftir að hún útskrifaðist úr menntaskóla ferðaðist hún um landið og lék í verkum eftir Shakespeare milli þess sem hún tróð upp á Broadway en síðar á ferlinum lék hún í fjölmörgum sápuóperum.

Á löngum ferli starfaði Conley fyrir leikstjóra á borð við Alfred Hitchcock og John Cassavetes og með leikurum á borð við Richard Chamberlain, Michael York, Kirk Douglas og Burt Lancaster. Persóna Sally Spectra var skrifuð með Conley sérstaklega í huga. Hún lék í þáttunum frá upphafi árið 1987 og vann til margra verðlauna fyrir frammistöðu sína. Bold and the Beautiful er vinsælasta sápuópera í heimi, sýnd í yfir 110 löndum.



**DARLENE CONLEY** Vann til fjölda verðlauna fyrir túlkun sína á Sally Spectra. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

OGGBÓK ÍSLANDS

# pappír

skammti af íroníu og ferðasögur," bætti hann við.

Bókin ber nú vinnuheitið Nesk, og vísar þar með í heimabæ bloggarans. „Og aðalumfjöllunarefni hans," bætti Kristinn við. „Undirtitillinn verður Minningar þorpara, eða eitthvað í þá áttina," sagði Kristinn, sem finnst bloggið eiga fullt erindi á pappír. „Það er líka meiningin með þessari bók að textarnir fái að halda sínum ferskleika. Hún á ekki að vera með ódauðlegum textum. Þetta er bara bók sem er gefin út árið 2007 og fjallar um ákveðinn tíma í lífi þess sem skrifar," sagði hann. Bloggbókin er að hans sögn væntanleg með vorinu. „Vonandi. En alveg örugglega fyrir jól," bætti hann við. **sunna@frettabladid.is**



**KRISTINN PÉTURSSON** Gefur út bloggbók með textum Norðfirðingsins Jóns Knúts Ásmundssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.


FYRSTA HJÁLP - við kvefi!



+ OTRIVIN NEFÚÐI
Fyrir börn og fullorðna.



+ STREPSILS HÁLSTÖFLUR
4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust.



+ VECTAVIR FRUNSUKREM
Verkar á öllum stigum frunsunnar.



+ VOLTAREN DOLO
Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi.



Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.






## STUÐ MILLI STRÍÐA Harðgerasta skepna heims

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** TEKUR EKKI ÞÁTT Í BARÁTTUNNI UM TITILINN



Í mínum bókum þýðir vetrartíð á borð við þá sem hefur ríkt í Reykjavíkinni undanfarna daga að fólki beri að leggjast undir feld, telja á sér tærnar og bíða þess að hún líði hjá. Þar sem ég bý hins vegar svo vel að geta hreinlega klætt mig í feldinn og tekið hann með mér hefur mér gefist færi á að fylgjast með brölti borgarbúa í sköflunum. Athuganir mínar hafa leitt það í ljós sem mig hefur alltaf grunað: heimskautarefurinn á ekki séns í íslenska kvendýrið hvað varðar titilinn harðgerasta skepna í heimi.

Ég er yfirlýstur aumingi og lítil keppnismanneskja, svo ég er stikkfrí í baráttunni um titilinn þann. Sem kuldaskræfa hef ég heldur ekki mikinn skilning á aflinu sem drífur kynsystur mínar áfram, íklæddar hámark þremur flíkum í gaddinum. Það spaugilegasta finnst mér nú samt að fylgjast með þeim skakklappast í gegnum skaflana á tíu sentímetra háum hælum. Ég er ekki frá því að of háir hælar séu skaðræðustu tískumistök sem konur geta gert. Það má vel vera að þeir lengi leggi og ýti réttum stöðum á líkamanum fram og öðrum út, en það kemur bara ekki að neinum notum ef göngulagið líkist einna helst blindfullum elg. Og trúið mér, það er alls ekki óalgengt.

Þeim sem mig þekkja á væntanlega eftir að finnast það áhugavert, svo ekki sé meira sagt, að ég taki hér að mér að útdeila tískuráðum. Sérstaklega í ljósi þess að síðustu daga hef ég iðulega farið út úr húsi með hárið í bendu, ómáluð og í fötum sem var aldrei ætlað að hittast - allt með hlýindi og sem minnsta fyrirhöfn að leiðarljósi. Ég þramma áfram í að meðaltali fjórum peysum, með húfu, vettlinga, risatrefil og íklædd feld á stærð við rúmteppið mitt á hverjum snjóþungum degi. Ég viðurkenni að ég er kannski ekki yfirgengilega smart, en ég næ að fóta mig. Það er eina tískuráðið sem ég get gefið: fótfesta er grundvöllur lekkerheita.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
ÚTSALA
10-20% afsláttur af nýjum vörum
30-70% afsláttur af völdum vörum
Stendur til 1. febrúar
Premier
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

**!**

**Kl. 11.00**
*Sýning á verkum Guðrúnar Öyahals myndlistarmanns hefur verið opnuð á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15. Sýningin nefnist Iðnaðarlandslag og er ellefta í röð sýninga á verkum listamanna sem eiga listaverk í Artóteki - listhlöðu í Borgarbókasafni.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Hljóðfæraleikari á heimaslóð*

Sinfóníuhljómsveit Íslands nýtur liðsinnis Judith Ingólfsson fiðluleikara á tónleikum sínum í kvöld. Judith er íslenskum tónleikagestum að góðu kunn en hún hefur margsinnis komið fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, síðast árið 2003 þegar hún lék þríleikskonsert Beethovens ásamt Bryndísi Höllu Gylfadóttur og Vovka Ashkenazy. Judith er margverðlaunaður hljóðfæraleikari en hún ólst upp hér á landi til sjö ára aldurs og lærði fyrst á fiðlu hjá Gígju Jóhannsdóttur í Tónmenntaskóla Reykjavíkur. Judith segir að reynsla sín af tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem hún sótti sem barn ásamt foreldrum sínum, hafi átt drjúgan þátt í því að hún ákvað að feta tónlistarbrautina. Judith hefur nú verið búsett í Bandaríkjunum um árabil og hlotnast þar ýmsar vegtyllur fyrir list sína.

Judith leikur fiðlukonsert eftir Mozart en hljómsveitin mun síðan flytja sjöundu sinfóníu Bruckners. Stjórnandi á tónleikunum er Petri Sakari, sem einnig á að baki farsælt samstarf með sveitinni. Hann hefur í tvígang verið aðalstjórnandi hennar, samtals í sjö ár og hefur stjórnað henni á vel á annað hundrað tónleikum frá því að hann sté fyrst á stjórnandapallinn í Háskólabíói. Petri Sakari er eftirsóttur stjórnandi víða um lönd, bæði í tónleikahöllum og óperuhúsum, og starfar nú sem listrænn stjórnandi og aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Turku.



**JUDITH INGÓLFSSON FIÐULEIKARI** Leikur með Sinfóníuhljómsveitinni í kvöld.



**> Dustaðu rykið af...**

gamanmyndinni **Groundhog Day** frá 1993. Geðstirður og sjálfumglaður veðurfréttamaður lærir að meta lífið og **endurtekninguna** í amerískum smábæ en þar fagna menn degi **múrmeldýrsins** 2. febrúar.



**MEÐ Á NÓTUNUM**

**Árni Heimir Ingólfsson**

# *Tónleikar - til hvers?*

Tónleikaformið hefur átt nokkuð undir högg að sækja í umræðunni undanfarið. Það vakti t.d. nokkra athygli þegar einn af okkar fremstu hljóðfæraleikurum hélt því fram í Hlaupanótunni á Rás 1 fyrir skömmu að hann væri eiginlega hættur að fara á tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar; þeir hljómuðu nefnilega miklu betur í stofunni heima. Jónas Sen gekk lengra í Lesbókargrein skömmu fyrir jól. Hann komst að þeirri niðurstöðu að mun auðveldara væri að „upplifa kjarna tónlistarinnar“ heima í stofu úr góðum hátölurum af því að þar fengi maður að vera „í friði með tónlistinni“. Jónas fullyrti að tónleikar væru „málamiðlun“ og vísaði til kanadíska píanistans Glenn Gould í þessu samhengi.

Eins og frægt er orðið dró Gould sig í hlé frá tónleikahaldi og lék einungis í hljóðveri síðustu átján ár ævi sinnar. Hann var sannfærður um að tónleikar væru úrelt listform og að hljómplatan yrði eini miðill tónlistarflutnings í framtíðinni. Gould hélt því t.d. fram í sjónvarpsviðtali að „hinn fullkomni andlegi samruni“ í tónlist ætti sér eingöngu stað milli flytjandans í hljóðverinu og hlustandans sem sæti við græjurnar heima í stofu.

### Heimur án tónleika?

Maður spyr sig óneitanlega hvernig væri umhorfs ef þessar hugmyndir Goulds hefðu náð fótfestu. Heimurinn væri jú frekar dapurlegur ef engir væru tónleikarnir. Hvað klassíska heiminn varðar er óraunhæft að halda að það gæti yfirhöfuð gengið upp. Er t.d. hægt að ímynda sér klassískan tónlistarnema sem kæmi aldrei fram á tónleikum? Hann gæti hugsanlega leikið fyrir kennarann sinn og færi svo beina leið í stúdíóið. Líklega myndi upprennandi virtúósum heimsins fækka allverulega við það eitt. Markaður fyrir klassískar upptökur er tiltölulega smár og væntanlega þyrftu margir tónlistarmenn að finna sér annað starf. Sinfóníuhljómsveitir sem ekki hefðu gulltryggða útgáfusamninga færu á hausinn. Og tónleikagagnrýni myndi auðvitað heyra sögunni til. Skelfileg framtíðarsýn, ekki satt?

### Tónleikar eru ekki málamiðlun

Auðvitað er upplifun manna af tónleikum ekki alltaf jákvæð og má jafnvel lítið út af bera. Í grein sinni telur Jónas upp allt það sem getur truflað tónleikagestinn: hljómburður er misjafn, sætin oft óþægileg, fólk hóstar, GSM-símar hringja, ofvirk smábörn hlaupa meðfram bekkjunum, ljósmyndarar smella af án afláts og stundum er meira að segja klappað á vitlausum stöðum, „sem eyðileggur stemninguna“. En það getur margt truflað heima í stofu líka. Síminn á það til að hringja þar ekki síður en í tónleikasalnum, og dyrabjallan í ofanálag; nágranninn slær blettinn um helgar með tilheyrandi drunum; kannski gleymir maður brauðsneið í ristinni og rankar ekki við sér fyrr en reykskynjarinn er farinn í gang.

Við getum líka séð málið frá bæjardyrum hljóðfæraleikarans í stað þess að einblína á hlustandann. Það er mun meira álag að spila fyrir fullan sal af fólki en fyrir hljóðnema eða sjónvarpsvél. Margt getur farið úrskeiðis og einbeitingin verður að vera algjör. En þegar vel tekst til er ekki hægt að bera saman tónleika og stúdíóupptöku. Í nýlegum pistli sagði ég m.a. að lifandi tónlistarflutningur á sviði fyrir framan fullan sal af áheyrendum væri „einstakt fyrirbæri, andrúmsloftið er rafmagnað og flytjandinn leggur allt í sölurnar“. Góðar undirtektir áheyrenda geta orðið til að tvíefla flytjandann, sem spilar jafnvel betur fyrir vikið og uppsker enn meira þakklæti. Á góðum tónleikum verður til ólýsanlegt orkuflæði milli sviðs og salar, nokkuð sem aldrei verður sett af stað heima í stofu. Hvað flytjandann snertir geta tónleikar aldrei orðið málamiðlun.

### Þörfin fyrir lifandi list

Þvert á móti kjósa sífellt fleiri tónlistarmenn að taka geisladiska sína upp „live“ í þeirri von að takist að fanga hið sérstaka andrúmsloft tónleikanna. Rússneski píanistinn Grigorí Sokolov stígur ekki lengur fæti í hljóðver; það gerði Svjatoslav Richter heldur ekki síðustu áratugina sem hann lifði. Anne-Sophie Mutter hljóðritaði nýverið fjölda geisladiska með fiðlutónlist Mozarts og allt eru það tónleikaupptökur þar sem reynt er að „fanga stemninguna“ sem skapaðist við flutninginn. Henni finnst hún spila betur fyrir fólk en fyrir upptökutæki.

Við sækjumst eftir því að fara á tónleika ekki vegna þess að þeir séu ávallt fullkomnir, heldur af því að þeir fullnægja einhverri djúpstæðri þörf manneskjunnar til að upplifa það sem er stærst og sterkast í lífinu í samfloti við aðra, að deila reynslu sinni, að verða hluti af hinni mögnuðu stemningu sem skapast þegar vel tekst til í listflutningi. Það er í það minnsta ennþá til fólk sem velur leikhús fram yfir heimabíó, myndlistarsýningu fram yfir listaverkabók, sinfóníutónleika fram yfir útvarpsútsendingu. Sem betur fer.

# Áttleysur og útþráin

**Í hinu snyrtilega húsnæði gallerís i8 á Klapparstíg stendur frakkaklæddur gestur og heldur myndlistarmanni á snakki. Myndlistarmaðurinn er búinn að koma fyrir tveimur stórum stálplötulaga verkum á gólfinu en umhverfis eru 32 ferhyrnd en aflöng verk í römmum: öll sýna það sama – fleyg úr áttunum 32 á áttavitanum.**



**MYNDLIST** Kristinn við verk sín á Klapparstíg FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Í ljós kemur að skáldið á skorna tilvitnun á annarri stálplötunni en á henni stendur „Það er óhjákvæmilegt að sigla“. Í hana er skorinn báruveggur af hafinu sem okkur er svo vel kunnugt. Þegar litið er umhverfis má sjá að þessi áletraða plata er hringur og er skorin úr hinni sem er ferningur en inni í henni hringlaga op og allt í kring á blárönd hringsins stendur skráð „norður“. Þar er núllpunkturinn, þaðan liggja allar áttir norður – þar er Suðurpóllinn – endimörk heimsins.

Kristinn E. Hrafnsson sýnir myndlist sína í gallerí i8. Það er Sigurður Pálsson skáld sem er í heimsókn frá vinnustofu sinni. Tilvitnunin á stálinu er frá honum komin: er reyndar líka einkennisorð Eimskipafélagsins og gamall rómverskur málsháttur. Við verðum að fara áfram, vera á ferðinni, ekki vera í stað, heldur af stað.

Þegar við höfum hrakið skáldið út á Klapparstíginn þar sem það segist ganga fram og til baka í leit að bjargi til að standa á föstum fótum, einhverjum fastastað, þá segir Kristinn hægur að vanda: „Það er þetta að fara, að leita, að finna einhvern stað utan þess sem staðið er á.“ Hann segir verkin sín ekki neinn leiðarvísi. Þetta eru útiverk og merking þeirra ráðist talsvert af því hvar þau lendi, stálin tvö. Þau eru skorin af Geislatækni. „Ég hef alltaf leitað til fremstu fagmanna hverju sinni og þetta eru snillingar.“ Hann segir mér síðan af áttavitanum og áttunum 32 sem þar eru til: „Þar fyrir utan eru engar áttir. Þetta stendur fyrir möguleikana, hvað við gerum, hvað við eigum marga möguleika.“

En hvað með norðrið sem er í allar áttir, spyrjum við? „Það fer eftir samhenginu,“ segir Kristinn. „Þetta getur verið um einsýni almennt.“ Fyrir utan liggur Klapparstígurinn frá gömlu Klöppinni, rétt undan honum Kjaftaklöppin þar sem Reykvíkingar komu saman síðla dags og skiptust á tíðindum og fylgdust með bátunum koma inn og – sigla burt. „Það er þetta með áttirnar. Það er fínt að fá mikið af góðum hugmyndum og fara hratt yfir. Nú erum við að leggja Örfiriseyna undir nýja byggð og menn horfa á eyjarnar. Gleyma því að það koma aðrir á eftir okkur og verða líka að hafa sína möguleika. Þessi verk eru að vissu leyti opin, en þau benda ekki aðeins á brottförina, heldur líka staðinn sem við erum á og honum eigum við að sýna væntumþykju.“

Sýning Kristins E. Hrafnssonar verður opnuð í dag í i8. Eins og segir í fréttatilkynningu frá Klapparstígnum er Kristinn E. Hrafnsson (f. 1960) einna þekktastur fyrir verk sín á opinberum vettvangi, útiverk og skúlptúra sem unnir eru inn í umhverfið. Á sýningunni í i8 sýnir hann tvö stór gólfverk og grafíkmyndir. Kristinn stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Akademie der Bildenden Künste í München í Þýskalandi. Verk hans er að finna á öllum helstu listasöfnum á Íslandi. **- pbb**

# Börn ekki meðal útvalinna

Níu myndir hafa verið valdar til að berjast um fimm tilnefningar til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin en þetta kemur fram á vef Hollywood Reporter. Meðal þeirra eru danska myndin Efter brylluppet í leikstjórn Susanne Bier og Volver eftir spænska leikstjórann Pedro Almodóvar en hún þykir af mörgum kvikmyndaspekingum mjög sigurstrangleg. Kvikmyndin Börn eftir Ragnar Bragason var fulltrúi Íslendinga en hún hlaut ekki náð fyrir augum fulltrúa akademíunnar.

Þær breytingar urðu á valinu frá síðustu árum að 61 mynd var valinn úr þeim hundruðum mynda sem sendar voru inn. Þrjátíu meðlimir akademíunnar sjá síðan um að horfa á myndirnar og velja þær fimm sem fá hina eftirsóttu tilnefningu en þær verða tilkynntar á þriðjudaginn í næstu viku.



**SIGURSTRANGLEG** Kvikmynd Pedros Almodóvar þykir koma sterklega til greina sem besta erlenda kvikmyndin á Óskarsverðlaununum.

Óskarsverðlaunin verða afhent 25. febrúar við hátíðlega athöfn í Kodak-höllinni í Los Angeles.

Danir eru bjartsýnir á gott gengi kvikmyndar Susanne Bier og telja að nærvera Mads Mikkelsen gæti skorið úr um hvort myndin hljóti tilnefningu eður ei. Mikkelsen skaust upp á stjörnuhimininn á síðasta ári með frammistöðu sinni sem ómennið Le Chiffre í James Bond-myndinni Casino Royale. Meðal annarra þekktra kvikmyndagerðarmanna sem eiga kvikmynd í þessum flokki má nefna hinn hollenska Paul Verhoven með mynd sína Black Book og Florian Henckel von Donnersmarck með hina rómuðu þýsku kvikmynd The Lives of Others. **- fgg**


50% AFSLÁTTUR
GK REYKJAVÍK
KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni
FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
Landsvirkjun
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)
Verkið er aðeins sýnt í viku. Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER
Frumsýning Fös 26. jan kl. 20 / Lau. 27 jan kl. 20 / Fös. 2 feb kl. 20 / Lau. 3 feb kl. 20

AUSTURBÆR
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00
STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Lau. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2.
Fáar sýningar eftir.
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 27/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 4/2 kl. 14:00, sun. 11/2 kl. 14:00.
BAKKYNJUR eftir Evripídes.
8. sýn. fim. 18/1 örfá sæti laus, fös. 19/1, fös. 26/1, lau. 3/2.
Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýningarnar 18/1 og 19/1. Enginn aðgangseyrir.
Fjórar sýningar eftir!
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Í dag, mið. 17/1 kl. 14:30 uppselt, lau. 20/1 örfá sæti laus, mið. 24/1 kl. 14:30 uppselt, lau 27/1, mið. 7/2 uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.
Kassinn kl. 20:00 forsala hafin
SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Frumsýning fös. 19/1 uppselt, lau. 20/1 örfá sæti laus, fös. 26/1, lau. 27/1, örfá sæti laus.
Kúlan
SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 20/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 nokkur sæti laus og kl. 14:00 uppselt, sun. 21/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 27/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 uppselt og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 11:00, kl. 12:15, kl:14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl, 14:00, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00. Síðustu sýningar.
PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13.30 og kl. 15:00

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Sun 21/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 28/1 kl. 20
Lau 3/2 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20
Fös 2/2 kl. 20
Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

MEIN KAMPF
Lau 20/1 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Fös 2/2 kl. 20
Sun 4/2 kl. 20

DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20 UPPSELT
Sun 21/1 kl. 20 UPPSELT
Fös 26/1 kl. 20 UPPSELT
Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 20
Fös 9/2 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

AMADEUS
Lau 20/1 kl. 20 Síðasta sýning

FOOTLOOSE
Í kvöld kl. 20
Lau 27/1 kl. 20
Síðustu sýningar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 21/1 kl. 14
Sun 28/1 kl. 14
Sun 4/2 kl. 14
Sun 11/2 kl. 14

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20
Fim 8/2 kl. 20 AUKASÝNING
Fös 16/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI
Börn, 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum.
* Gildir ekki á barnasýningar og söngleiki

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



**LISTDANS** Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, og Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar, ganga frá samningi um tilstyrk bankans við heimsókn San Francisco Ballet. Framkvæmdastjóri flokksins, Robert Russo, fylgdist með.

# Helgi kemur heim í vorið

**Óseldum miðum er tekið að fækka á sýningar San Francisco-ballettsins sem kemur hingað á Listahátíð í vor og verður með sjö sýningar í Borgarleikhúsinu. Þar er sextíu manna flokkur á ferð og verða einvörðungu verk eftir Helga Tómasson á dagskránni. Á blaðamannafundi í gær var tilkynnt að Landsbankinn yrði aðalkostandi heimsóknarinnar en Flugleiðir leggja sitt til, hingað flígur Helgi með sínu fríða föruneyti til sýninganna í þeirra boði. Heimsóknin boðar upphaf afmælisárs San Francisco-dansflokksins sem á að baki 75 ára sögu.**



**LISTDANS** Helgi Tómasson balletdansari og danshöfundur í síðustu heimsókn sinni hingað. Sjö ár eru frá síðustu heimsókn San Francisco-ballettsins en Landsbankinn styrkir heimsóknina nú.

Helgi er að koma heim og nú verður okkur löndum hans í fyrsta sinn boðið upp á heila dagskrá af dönsum hans: þeir eru allir frá síðustu árum en Helgi hefur stýrt San Francisco-ballettinum í rúma tvo áratugi. Enginn íslenskur sviðslistamaður hefur átt annan eins feril og Helgi Tómasson og hann myndar á sinn sérstaka hátt glæsilegan boga sem á upptök sín aftur í bláupphafi ballettsins á Íslandi til þessa dags.

Saga hans er böðuð ævintýraljóma: snemmsumars 1947 sneri Friðbjörn Björnsson heim til Íslands og dansaði með litlum hópi dansara frá Konunglega danska Ballettinum í Iðnó og fór að auki heim til Vestmannaeyja. Þar sá ungur drengur ballett í fyrsta sinn og heillaðist: þetta vildi hann gera. Hann var á sjötta ári. Tíu ára var Helgi kominn til Reykjavíkur og í nám í Listdansskóla Þjóðleikhússins. Þar lenti hann undir verndarvæng Erik Bidsted og Lisu konu hans. Hann fékk því sinn stranga skóla í klassískri hefð Bournonville-skólans en um leið sinn skerf af pantómímunni sem Bidsted kunni svo vel.

Fimm árum og mörgum sýningum síðar tóku þau hann með sér til Hafnar til starfa í Tívolí. Tækifæri Helga kom fáum árum seinna þegar Ballet USA undir stjórn Jerome Robbins kom til Reykjavíkur 1959. Robbins var snöggur að lesa hina fullkomnu byggingu hins unga dansara og útvegaði honum styrk til náms í School of American Ballet: tvítugur var Helgi ráðinn til Robert Joffrey-flokksins og fór í fyrstu sýningarferð flokksins til Sovétríkjanna. Hann var ráðinn til Harkness tveim árum síðar og varð helsti dansari flokksins næstu sex árin. Hann var keppandi fyrir hönd Bandaríkjanna á Alþjóðlegu danskeppninni í Moskvu 1969 en varð að lúta í lægra haldi fyrir Baryshnikov - heimamanni. Segja sumir að þar hafi tekist á tvö heimsveldi.

Árið eftir varð hann aðaldansari New York City Ballet og var um fimmtán ára skeið: hann var með afbrigðum fjölhæfur túlkandi, bæði verk Robbins og Balanchine voru honum töm. Allir helstu danshöfundar heimsins vildu semja fyrir hann verk. Ferill hans til þessa tryggði honum sess í danssögu heimsins á 20. öld en 1985 sneri hann kvæði sínu í kross og tók við stjórn San Francisco-ballettsins þar sem hann hefur setið á friðarstóli síðan. Úrvinnsla hans á hefðbundnum aðferðum klassíska dansins nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar og aðdáunar.

Helga hefur skort þá framhleypni að glæsilegur ferill hans er fáum kunnur: í dansheiminum íslenska er nafn hans logagyllt: það er því mikill happafengur að Landsbankinn, Flugleiðir, Listahátíð, Leikfélag Reykjavíkur og San Francisco-ballettinn skuli leggjast á eitt að fá hann hingað heim með flokk sinn og verk.

Sigurjón Árnason bankastjóri var að vonum upp með sér á blaðamannafundi í gær að geta lagt þessu lið. Efnt verður til sögusýningar á vegum Leikminjasafns Íslands um sögu Helga og hans glæsilega feril og um leið sögu San Francisco-ballettsins. Ferill þessa glæsilega listamanns er á enda kominn: Helgi verður 65 ára í haust. Hann getur brátt hætt að stjórna því stórfyrirtæki sem Ballettinn í San Francisco er. Dansar hans eru víða fluttir og líklega getur hann, kæri hann sig um, fylgt þeim áfram og styrkt enn yfirburðastöðu sína í sögu ballettsins sem danshöfundur og sá meistari sem hann er. Raunar er furðulegt að íslensk stjórnvöld hafi ekki hlutast til um að æviferill hans væri skráður á bók - sú bók væri til útgáfu á þremur tungumálum: ensku, dönsku og íslensku - svo einstakur sem þessi kurteisi og virti listamaður er.

# Furðusögur frá Rússlandi

Leikfélag Selfoss frumsýnir og frumflytur á Íslandi safn einþáttunga og smásagna eftir Anton Tsjekov, undir yfirskriftinni Hnerrinn, annað kvöld.

Hnerrinn er 66. verk Leikfélags Selfoss, en félagið hefur starfað óslitið frá árinu 1958 og hefur alla tíð verið einn af máttarstólpum menningarstarfsemi í sveitarfélaginu.

Hörður Sigurðarson leikstýrir verkinu og þýddi hann einnig enska leikgerð Michaels Frayn. Frayn hefur þýtt fjölda verka Tsjekovs auk þess að vinna leikgerðir úr smásögum leikskáldsins sem þekktur er fyrir lúmskan húmor sinn og glöggar mannlýsingar. Fimm þeirra sagna setti Frayn saman í eitt verk sem ber nafn sögunnar um hnerrann.

Áhorfendur mega því eiga von á skemmtilegri kvöldstund með persónum Tsjekovs, þeir kunna að mæta uppáþrengjandi rithöfundum, sorgmæddum trúðum, þunglyndum ekkjum og fleiri furðukarakterum í sönnum rússneskum sagnaanda.



**TSJEKOVSKAR KENJAR** Leikfélag Selfoss sýnir Hnerrann, leikgerð byggða á smásögum Antons Tsjekov.

Sýningar leikhópsins fara fram í Litla leikhúsinu við Sigtún á Selfossi. - khh

# Samstilling í Salnum

Hjónin Stefán Höskuldsson flautuleikari og Elizaveta Kopelman halda tónleika í Salnum í Kópavogi á morgun á vegum Tíbrártónleikaraðarinnar. Á efnisskrá kvöldsins eru verk eftir Bach, Fauré, Debussy og Prokofiev.

Árið 2004 var Stefán tilnefndur annar flautuleikari við Metropolitan-Óperuhljómsveitina í New York sem er undir stjórn James Levine. Stefán er eini Íslendingurinn sem hefur hlotið stöðu við þá hljómsveit. Auk þessa er Stefán meðlimur í Metropolitan-Kammerhljómsveitinni sem kemur árlega fram í Carnegie Hall. Á Íslandi hefur Stefán haldið fjölda einleikstónleika og konserta með hljómsveit; sem dæmi má nefna einleikstónleika í Listasafni Íslands og tónleikaröð Ýmis. Árið 2003 spilaði Stefán „La Notte"-flautukonsert eftir Vivaldi með Kammersveit Reykjavíkur og í júní 2006 frumflutti hann á Íslandi svo eftirminnilega flautukonsert eftir Lowell Liebermann með Sinfóníuhljómsveit Íslands.



**ELIZAVETA KOPELMAN OG STEFÁN HÖSKULDSSON** Hafa leikið saman víðs vegar um Evrópu.

Elizaveta er margverðlaunaður hljóðfæraleikari, hefur komið fram sem einleikari í Bretlandi, Evrópu, Bandaríkjunum og Suður-Ameríku og spilað debut-tónleika og almenna tónleika við frægustu tónlistarhús heims. Á Tíbrár-tónleikum í nóvember frumflutti hún allar prelúdíur og fúgur Dímítríj Sjostakovitsj. Saman hafa þau hjónin komið fram víðs vegar um Evrópu og hlotið lof fyrir frammistöðu sína enda eru þau listafólk á heimsmælikvarða.

Tónleikarnir í Salnum hefjast kl. 20.

# Raddir vantar í kór

Það er fjör í kórum. Í vor mun kórinn Vox academica flytja Ein deutsches Requiem eftir J. Brahms í fyrstu viku maí ásamt liðlega 40 manna sinfóníuhljómsveit og einsöngvurum. Kórinn hefur ævinlega leitast við að fá til samstarfs við sig afbragðs tónlistarmenn og í Ein deutsches Requiem munu Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran og Kristinn Sigmundsson syngja einsöng í verkinu, auk félaga úr Jón Leifs Camerata sem leika undir stjórn hljómsveitarstjórans Hákonar Leifssonar. Þetta er semsagt alvöru dæmi.

Vox academica hefur undanfarin ár skapað sér nafn og sess í íslensku tónlistarlífi og á nú traustan hóp áheyrenda, enda er kórinn skipaður söngfólki með víðtæka reynslu af tónlist og leggur áherslu á metnaðarfulla og fjölbreytta dagskrá. Kórinn heldur að jafnaði þrenna tónleika á ári og hefur lagt áherslu á að flytja að minnsta kosti eitt stórt kórverk með hljómsveit ár hvert. Meðal klassískra kórverka sem kórinn hefur flutt má nefna Requiem eftir Fauré, Chichester Psalms e. Bernstein, Gloria e. Vivaldi, Carmina burana eftir Orff og Requiem e. Mozart og Christ lag in Todesbande e. Bach. Meðal samtímaverka má nefna Lincoln Mass eftir Úlfar Inga Haraldsson, African Sanctus eftir David Fanshawe og Hjörturinn skiptir um dvalarstað eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson svo fátt eitt sé nefnt. Á síðustu aðventu flutti kórinn jóla þáttinn úr Messíasi eftir Händel, og Magnificat eftir Bach og hlaut mjög góðar viðtökur.



**TÓNLIST** Vox Academica vantar fleiri raddir til að syngja stórvirki í vor.

Þar sem Deutches Requiem er rómantískt verk og útheimtir stærri kór getur Kammerkórinn Vox academica boðið nýju söngfólki til þáttöku í þessum fyrirhugaða flutningi verksins. Eingöngu er verið að leita að kórvönu fólki sem hefur einhverja reynslu af tónlistariðkun eða tónlistarnámi. Kóræfingar eru í Melaskólanum í Reykjavík á þriðjudagskvöldum frá 19:30 – 22:15 og fyrsta mánudag í hverjum mánuði frá 18:30 – 22:30. Hér gefst því kórfólki gott tækifæri til að taka þátt í merkilegum flutningi. Stjórnandi og stofnandi Vox academica er Hákon Leifsson, en frekari upplýsingar má finna á www.habil.is/vox.

-pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

15 16 17 **18** 19 20 21

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 21.00 Hljómsveitirnar **Mammút** og **Slugs** leika á Café Amsterdam.

### OPNANIR

☐ 17.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo**, opnar sýningu í **101 Gallerý** við **Hverfisgötu.**

### SÝNINGAR

☐ 11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fuglø, Astri Luihn, Sigrun Gunnarsdóttir, Torbjørn Olsen, Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningarmiðstöð Hafnarfjarðar í **Hafnarborg**. Listamennirnir á sýningunni Sýningin stendur til 4. febrúar.

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.

☐ 13.00 Myndlistarmennirnir **Jóhann Torfason** og **Hlynur Helgason** sýna verk sín í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Sýningarnar standa til 28. janúar.

☐ 15.00 **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast **Les yeux de l'ombre jaune** eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Bateman ber heitið **Tyrfingar**.









## GOTT GLÁP

**THE PRESTIGE** Hugvitsamleg og krefjandi mynd að hætti leikstjórans Christopher Nolan sem er með efnilegri mönnum í bransanum í dag.

**APOCALYPTO** Hörkuspennandi og ofbeldisfullur frumskógarhasar frá Mel Gibson sem er í miklum jötunmóð þegar hann segir sögu ungs frumbyggja sem berst gegn ofurefli fyrir lífi sínu og fjölskyldu sinnar.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN: HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR BLAÐAMAÐUR

# *Reyni að sjá ekki vondar myndir*

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?**
Little Miss Sunshine.

**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?**
Constant Gardener.

**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?**
Chorus Line, All That Jazz, Footloose, Flashdance, Dirty Dancing, Havana Nights, 8 Mile, Breakfast at Tiffany's, Cinema Paradiso, Raising Victor Vargas, Syriana, Turtles Can Fly.

**Hefur þú grátið í bíó?**
Alltaf.

**Uppáhalds íslenska persónan:**
Baddi í Djöflaeyjunni.

**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:**
Audrey Hepburn.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
Jimmy 'B-Rabbit' Smith, Jr.

**Mesti skúrkurinn:**
George W. Bush í Fahrenheit 9/11 eða bara hvar sem er.

**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?**
Man ekki. Reyni að sjá ekki vondar myndir.

**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
Diego Luna og Gael Garcia Bernal myndu leika á móti mér, takk fyrir. Marshall Mathers fengi líka hlutverk. Söguþráðurinn myndi teygja anga sína milli heimshorna Suður-Ameríku, Asíu og Afríku og fjalla um baráttu þriðja heims fólks við alþjóðleg stórfyrirtæki á borð við Dow Chemical, Pfizer, Exxon, Alcoa, Halliburton o.fl. og glæpi þess gegn mannkyninu, en eftir hetjulega baráttu okkar við þessi stórfyrirtæki yrðum við líklega drepin af CIA, Al Qaeda sögð ábyrg og einhver í Mið-Austurlöndum hengdur fyrir. Bahman Ghobadi gæti leikstýrt.





## AF HVÍTA TJALDINU
**Þórarinn Þórarinsson**

# *Ekkert afsakið hlé, bara gott bíó*

Ísleifur B. Þórhallsson er einn af mínum skárri kunningjum í bíóbransanum en ég ætla samt að láta það eftir mér að ausa drenginn löngu tímabæru lofi sem hann á fyllilega inni fyrir.

Ég gæti rakið það sem Ísleifur hefur gert fyrir íslenska bíómenningu í löngu máli með því að telja upp allar þær kvikmyndahátíðir sem hann hefur staðið fyrir á undanförnum árum, nefnt allan þann fjölda þekktra leikara, leikstjóra og framleiðanda sem hann hefur fengið til landsins og leyft áhorfendum að komast í tæri við og síðast en ekki síst minnst á að sumir af þessum gestum hafa skotið hér rótum, sett svip sinn á íslenskt skemmtanalíf og komið landinu, íslenskum fatnaði, tónlist og öðru betur á kortið úti í hinum síminnkandi stóra heimi.

Allt þetta réttlætir fyllilega að drengurinn fái klapp á bakið en þarna leynast þó ekki ástæðurnar fyrir því að ég hugsa til hans með hlýhug þessa dagana. Ísleifur blés á dögunum nýju lífi í fyrirtæki sitt Græna ljósið og hefur sett sér það takmark að frumsýna í það minnsta eina „sjálfstæða mynd“ á tveggja vikna fresti. Og það sem er mest um vert þá eru ekki gerð hlé á sýningum Græna ljóssins.

Gallinn við íslenska bíómenningu er sá að það sem Ísleifur er að gera ætti að þykja svo sjálfsagt að það ætti ekki að þurfa að hafa orð á því og flestar þær myndir sem hann hefur sýnt á hátíðum og mun bjóða upp á hjá Græna ljósinu ættu með réttu að skila sér hratt og örugglega í almennar sýningar í íslenskum kvikmyndahúsum.

Íslenskur bíómarkaður og þá um leið íslenskir bíógestir er því miður svo vanþroska að það þarf enn sérstakar hátíðir með tilheyrandi húllumhæi eða sértækar aðgerðir til þess að koma myndum sem ekki eru löðrandi í Hollywoodslepju á framfæri.



Græna ljósið er því að taka að sér ákveðið uppeldishlutverk sem ætti með réttu að vera óþarft en verði viðbrögð bíógesta við næstu myndum sem boðið verður upp á í líkingu við vinsældir Little Miss Sunshine líður vart á löngu þar til hlutverk Græna ljóssins verður óþarft og það þykir sjálfsagt og þá um leið gróðvænlegt að koma jaðarmyndum beint í almennar sýningar. Þá má líka óska þess að sá íslenski plagsiður að gera hlé á sýningum mynda leggist að mestu af um leið. Á meðan ástandið er eins og það er má maður þakka fyrir menn eins og Ísleif sem nenna að eyða tíma og orku í að leiðrétta kúrsinn.






# Litlir peningar - mikið ævint

**Kvikmyndin Foreldrar, seinni helmingur tvíleiks Ragnars Bragasonar leikstjóra og leikhópsins Vesturports, verður frumsýnd í Háskólabíói annað kvöld. Bergsteinn Sigurðsson ræddi við Ragnar og Nönnu Kristínu Magnúsdóttur leikkonu.**



**FORELDRAR** Frá vinstri: Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ragnar Bragason, Ingvar E. Sigurðsson og Víkingur Kristjánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar Ragnar Bragason leitaði til Vesturports eftir samstarfi stóð til að gera eina mynd undir nafninu Kvikyndi. Sex leikarar bjuggu til jafnmargar persónur. Handritið var þróað í spunavinnu og þandist út eftir því sem á leið og þegar upp var staðið voru tveir kostir í stöðunni: fækka persónum eða gera tvær myndir. Sá síðari var valinn; síðastliðið haust litu Börn dagsins ljós og nú er komið að Foreldrum.

Líkt og fyrri myndin segir Foreldrar sögu þriggja manneskja sem eiga það sameiginlegt að hafa misst fótanna í lífinu. Ingvar E. Sigurðsson leikur tannlækninn Óskar sem lífið virðist leika við en þegar að er gáð stendur fjölskyldulífið á brauðfótum; Víkingur Kristjánsson leikur viðskiptafræðinginn Einar sem gengur vel í vinnunni á meðan hann bíður þess að kona sín sjái að sér og taki aftur saman við hann og Nanna Kristín leikur Katrínu, konu sem yfirgaf son sinn á sínum tíma og fór til Svíþjóðar en er komin aftur og vonast til að endurheimta hann.

### Sjálfstæð verk

Myndirnar eru sjálfstæðar þótt þær hafi upphaflega verið hugsaðar sem ein heild. „Fólk þarf ekki að vera búið að sjá Börn til að sjá þessa, þó að það sé auðvitað ekkert verra,“ áréttar Nanna Kristín. Ragnar segir hins vegar eðlilegt að þeir sem sáu fyrri myndina og líkaði hafi væntingar til þessarar. „Fólk vill auðvitað verða fyrir svipuðum áhrifum og ég vona auðvitað að það gerist að því leyti að fólk verði ánægt með að hafa séð eitthvað sem skiptir máli, persónur af holdi og blóði og raunverulegar tilfinningar.“

Nanna Kristín kveðst hins vegar hafa verið smeyk um of mikinn samanburð. „Þetta er ekki eftirmynd af þeirri fyrri heldur önnur mynd. En miðað við viðbrögðin sem ég hef fengið upplifir fólk þær sem sitthvort verkið og ber þær ekki jafn mikið saman og ég hélt að yrði gert. En ég vona auðvitað að áhrifin verði þau sömu að því leyti að myndin skilji eitthvað eftir og fái jafnvel fólk til að hugsa eitthvað um eigið líf.“

### Ný stéttaskipting

Ólíkt Börnum fjallar Foreldrar um fólk ofar í þjóðfélagsstiganum en Nanna Kristín segir það ekki hafa verið meðvitaða ákvörðun að gera verk sem kölluðust þannig á. „Hvert okkar bjó til sinn karakter og Ragnar var sá eini sem hafði yfirsýn yfir þá alla. Að lokum stóðum við hins vegar uppi með sex frábærar sögur, ákváðum að gera tvær myndir og Ragnar sá um að raða persónunum saman. En mér finnst það takast mjög vel hvernig myndirnar vega salt milli tveggja þjóðfélagshópa.“

> *...ef það er ekki verið að fjalla um lykilaugnablik í lífi fólks er ekki þess virði að segja frá því.*

Ragnar bætir við að umræðan um stéttaskiptingu á Íslandi hafi komist á nýtt stig undanfarin ár. „Kannski ekki stéttaskipting sem slík heldur félagsleg vandamál og samþjöppun þeirra sem eru lægra settir í ákveðin hverfi. Á sama tíma hefur hins vegar verið mikil umræða um nýja stétt hina moldríku. Það eru því komnar þrjár stéttir á Íslandi og skiptingin á milli þeirra er skýr. Foreldrar fjallar um fólkið þarna á milli, venjulega Íslendinga sem búa ágætlega, eiga góða bíla og hafa einhverja menntun. Einu sinni var þetta bara „stétt-in“ en er nú millistétt.“

### Lykilaugnablikin

Persónur myndarinnar eiga það sameiginlegt að glíma allar við djúpstæð vandamál. „Ég held að það helgist af því að hver og einn leikari mótar sinn karakter og vill auðvitað sýna hvað í sér býr,“ segir Nanna Kristín og hlær. „Þess vegna bjuggu allir til flóknar persónur í erfiðum aðstæðum. Það hefur ábyggilega verið erfitt fyrir Ragga að hafa hemil á okkur,“ bætir hún við og leikstjórinn kinkar kolli.

„Maður þurfti vissulega að eima spírann. Þetta eru langar sögur og stútfullar af persónulegum einkennum sem þurfti að skera niður þannig að þær rímuðu saman í heild. En hvað vandamálin sem persónurnar glíma við snertir þá er það regla í kvikmyndum og öllu að ef það er ekki verið að fjalla um lykilaugnablik í lífi fólks er ekki þess virði að segja frá því. Persóna Nönnu til dæmis yfirgefur son sinn en áttar sig síðar á að hún hafði gert mistök og reynir að endurheimta barnið sitt; það verða ekki mikið stærri atburðir á lífsleið fólks.“

# Sameiginleg örlög ólíkra manneskja

Kvikmyndin Babel með þeim Brad Pitt, Cate Blanchett og Gael Garcia Bernal í aðalhlutverkum verður frumsýnd í Sambíóum og Háskólabíó annað kvöld. Þetta er þriða myndin þar sem mexíkóski leikstjórinn Alejandro González Iñárritu og landi hans og handritshöfundurinn Guillermo Arriaga leiða saman hesta sína en fyrir hafa þeir gert hinar rómuðu Amores Perros og 21 Grams.

Þegar bandarísk hjón á ferðalagi um Marokkó lenda í slysi hrindir það af stað atburðarás sem snertir fjórar fjölskyldur í fjarlægum heimshlutum. Hjónin bandarísku heyja nú kapphlaup upp á líf og dauða þegar konan verður fyrir voðaskoti, tveir marokkóskir drengir hafa fyrir slysni flækst inn í glæp, barnfóstra í Bandaríkjunum reynir að komast yfir landamærin til Mexíkó með tvö bandarísk börn í farteskinu og heyrnarlaus táningur í Japan kemst að því að lögreglan er að leita að föður hans. Ólíkar manneskjur sem allar mjakast í sömu átt að einangrun og sorg.

Titill myndarinnar vísar til Biblíunnar, þar sem segir að til að refsa mannkyninu fyrir dramb sitt hafi guð skapað ólíkt tungumál svo menn skildu ekki hver aðra enda leika vankunnátta í tungumálum, skilningsleysi og brostin tjáningargeta lykilhlutverk í myndinni.

Rétt eins og fyrri myndum Iñárritu hefur Babel verið hampað af gagnrýnendum hvarvetna. Hún hlaut hin eftirsóknarverðu áhorfendaverðlaun á kvikmyndahátíðinni í Cannnes í vor, hún var valinn besta myndin á Golden Globe-verðlaunahátíðinni á mánudag og margir spá henni Óskarsverðlaununum í ár, sem og Brad Pitt og Cate Blanchett verðlaunum fyrir frammistöðu sína.



**BABEL** Brad Pitt og Cate Blanchett eru meðal leikara í myndinni, sem hefur farið sigurför um heiminn.

ýri

**Mikið svigrúm**

Persónurnar voru allar lengi í gerjun; Ragnar bað leikarana að leita að fyrirmyndum í öðru fólki og leggja eitthvað til frá eigin brjósti. „Fyrsta árið fór í rannsóknarvinnu og persónusköpun. Við hittumst af og til og spjölluðum saman um karakterana og þeim fylgdu ákveðnir atburðir sem ég sá að gæti verið gaman að vinna með. Ég leiddi persónurnar saman og við völdum það besta sem kom úr því.

Nanna Kristín segir að fyrir leikara séu það forréttindi að fá að vinna eftir þessari aðferð, þótt peningaleysi hafi vissulega sett strik í reikninginn. „Þetta eru afskaplega persónulegar myndir og draumurinn væri að geta gert aðra svona mynd en með fjármagni. Ég vona að við séum ekki að setja það fordæmi að normið verði að fólk þurfi að gefa vinnuna sína. Við vissum að við fengjum lítið fjármagn og yrðum að gera þetta sjálf. Þetta var vissulega mikið ævintýri en ég held að ekkert okkar væri til í að gera þetta aftur.“

Ragnar segir að peningaleysinu hafi þó fylgt viss fríðindi. „Það var engin tímapressa þegar kom að eftirvinnslunni; engin fjárfestar sem önduðu niður hálsmálið á manni. Myndir af þessu tagi þurfa mikið svigrúm og ég gat tekið þann tíma sem ég þurfti.“

**Myndir sem skipta máli**

Nanna Kristín segir að leikhópurinn hafi strax kveikt á hugmyndinni þegar Ragnar kynnti hana fyrir þeim. „Það brann greinilega eitthvað á öllum og allur hópurinn var mjög samstíga í því að þetta væri eitthvað sem við þyrftum að gera.“

Ragnar jánkar því og segir Börn og Foreldra vera myndir sem hann hefði viljað vera löngu búinn að sjá á Íslandi. „Ég held að hugmyndinni hafi upphaflega skotið niður þegar ég hafði séð ónefnda íslenska bíómynd, sem hafði greinilega kostað mikið fé og tíma, en hafði engin áhrif á mig og ég held að það sama hafi átt við um 99 prósent áhorfenda. Mér fannst það svo mikil sóun að eyða tveimur tímum í eitthvað sem skipti ekki máli og hugsaði með mér hvers vegna við gerum ekki myndir sem vekja tilfinningar; gleði, sorg, reiði, hvað sem er. Það er frumskylda kvikmyndagerðarmannsins að búa til upplifun fyrir áhorfendur. Ekki svo að skilja að hér hafi ekki verið gerðar áhrifamiklar myndir, þær eru bara svo sorglega fáar. “

Bæði eru þau þó sammála um að íslensk kvikmyndagerð sé á uppleið. „Á síðasta ári flykktist fólk í bíó til að sjá íslenskar myndir, sem sýnir að við erum að gera eitthvað rétt,“ segir Nanna Kristín. „Ég held að það sé eitthvað að kvikna,“ heldur Ragnar áfram. „Síðasta ár var óvenjugott og ég sé ekki betur en að árið framundan verði svipað. Ég held að við séum á ágætri leið.“




**Athugaðu...**

*...að avókadó þroskast mun hraðar ef það er sett í poka ásamt epli eða banana. Það er því engin ástæða til að örvænta þó að allar lárperurnar í búðinni séu grjótharðar.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR BÆJARSTJÓRI

## *Dreymdi um ostrur á unglingsárum*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Líklega epla. Ég er nánast háð þeim. Þau geta komið í stað flest alls annars.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Það var á sveitaveitingastað í gömlum kvennaskóla í Norður-Þýskalandi. Ég var rétt komin holdvot og vindbarin frá túr út í Frísnesku eyjarnar og okkar beið ferskur aspas í forrétt, kálfalund í aðalrétt og nýtínd jarðaber í eftirrétt. Með kjötinu voru bara kartöflur, ekkert annað. Einfalt, úr góðu hráefni og því fullkomið.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Eiginlega finnst mér allur matur góður en ég finn þó fyrir minnkandi spenningi fyrir stórsteikum.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ostar. Það er alltaf hægt að rigga upp góða máltíð ef maður á osta.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Það fer eftir því af hverju vanlíðanin stafar. Ef ég er orkulaus langar mig í fitu, til dæmis sviðasultu.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
G-mjólk í kaffið.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Baunir. Þær geymast vel og standa lengi og vel með manni.



**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Líklega ostrur. Ég hafði þráð að smakka þær allt frá því ég las Önnu Karenínu sem unglingur. Pantaði þær svo við fyrsta tækifæri á góðum fiskréttastað í London en brá í brún þegar ég áttaði mig á því að þær voru bornar fram lifandi. En með hjálp sítrónunnar, og minninganna, lét ég mig hafa það.



**VÍNVIÐURINN**
**Einar Logi Vignisson**

## *Góð lífrænt ræktuð vín*

Lífrænt ræktuð vín og hollusta eru þema janúarmánaðar. Í næstu viku ætla ég að kíkja á hitaeiningarnar sem fylgja blessuðu alkóhólinu en áður er vert að klára umfjöllunina um lífrænt ræktuðu vínin. Fyrst aðeins um ofnæmi sem ég fjallaði um í fyrsta pistil ársins. Ég hef fengið fyrirspurnir frá mígrenisjúklingum sem segjast þola hvítvín betur en rauðvín og spyrja um ástæður þess. Um þetta er afar lítið vitað en talið tengjast því að engin tannín (eða barkarsýra) eru í hvítvíni. Þetta er efnið sem myndast þegar hýðið og jafnvel steinarnir er látið gerjast með safanum eins og í rauðvínsframleiðslu. Virka efnið í barkarsýrunni binst mjög auðveldlega öðrum efnum og getur þannig virkað sem ofnæmishvati. Þess ber að geta að efnið er ekki alslæmt því þessu sama efni eru þökkuð heilsusamleg áhrif rauðvíns á æðakerfið.

Lífrænt ræktuð vín hafa verið í mikilli sókn undanfarin ár, bæði hjá þeim sem vilja forðast aukefni í mat og eins þeim sem vilja að mannkynið gangi sómasamlega um jörðina. Þessa miklu vitundarvakningu hafa margir matvælaframleiðendur spilað inn á og lífræni bransinn er orðinn stórbissness sem stundum snýst meira um ásýnd en innihald. Í víngeiranum voru minni háttar framleiðendur sem fókuseruðu meira á aðferðina en gæðin áberandi í byrjun en það hefur breyst mikið. Jafnframt hafa æ fleiri framleiðendur sem stunda lífræna ræktun fengið sér vottun enda er hún orðin mikilvægt markaðstæki. Vottunin kostar hinsvegar töluverða fjármuni og því hafa margir minni framleiðendur ekki enn útvegað sér hana. Einn slíkur er ítalska vínhúsið Fontodi sem gerir alveg prýðilegt chianti classico vín (1.890 kr.).

Lífræn ræktun hefur náð mikilli útbreiðslu í Bandaríkjunum og þarlend fyrirtæki taka fyrirbærið alla leið eins og sjá má á umbúðum og framsetningu Bonterra-vínhússins. Hér fæst í vínbúðum Bonterra Cabernet Sauvignon (1.990 kr.), fágað og skemmtilegt vín. Von er á fleiri vínum frá Bonterra í vínbúðir á næstunni og bíð ég sérstaklega spenntur eftir framúrskarandi víni þeirra úr þrúgunni viognier. Bonterra er í eigu hins þekkta framleiðanda Fetzer sem hefur gefið út að fyrirtækið stefni að því að gera alla framleiðslu sína lífræna á næstu árum.

Í nýjasta hefti Gestgjafans er Dominique Plédel Jónsson með vandaða umfjöllun um lífrænt ræktuð vín. Vínið frá Bonterra fær fjórar stjörnur hjá henni og það gera líka t.d. frönsku vínin frá Chapoutier og Pujol sem margir vínunnendur kannast við. Besta umsögn, fjóra og hálfa stjörnu og titilinn vín mánaðarins, fær Domaine d'Aupilhac Montpeyroux (2.200 kr.) sem er lítill framleiðandi í Languedoc. Þar ræður hugsjónin eins og hjá Fontodi þótt vottunina vanti.



**Á BOTNINN HVOLFT:**
Lífrænt ræktuð matvæli eru oft dýrari en önnur matvæli og gildir það sama um vínin. Kosta oft um 2.000 kr. en sum eru ódýrari eins og Domaine d'Aupilhac Lou Maset (1.600 kr.) sem er fínt að byrja á áður en ráðist er á stóra bróður, Montpeyroux.




# Eldað eftir tilfinningu

**Sóley Tómasdóttir varaborgarfulltrúi er ekki hrifin af uppskriftum. Hún hefur engu að síður mjög gaman af því að elda.**

„Uppskriftir eru ekki mín sterkasta hlið, ég elda bara eftir tilfinningu," segir Sóley, sem kvaðst hafa átt í þó nokkrum erfiðleikum með að setja saman þessa uppskrift. „Ég sá þetta einhvern tíma í matreiðsluþætti Jamie Oliver og gerði svona eftir minni," segir Sóley, enda heitir brauðið góða Jamie-brauð á heimili hennar.

Sjónvarpskokkurinn geðþekki er í þó nokkru uppáhaldi hjá Sóleyju. „Ég horfði alltaf mikið á hann og varð fyrir miklum innblæstri af matreiðslubókunum hans, þó að ég hafi aldrei fylgt uppskriftunum beint," segir Sóley, sem eldar frekar eftir hugmyndafræði að eigin sögn. „Það sem mér finnst frábært við Jamie Oliver er hugmyndafræðin – að nota ferskt hráefni og vinna með það," segir hún. „Aðrir matreiðsluþættir eru ekki það sama. Það vantar einhvern veginn ferskleikann," bætir hún við.

Sóley segist vera dugleg að elda heima við. „Það er bara dekur að elda góðan mat. Þá hefur maður það ofsalega huggulegt," segir hún. Kökur eru þó ekki ofarlega á vinsældalistanum hjá henni. „Ég held að það sé af því að get ekki farið eftir uppskrifum, ég hef enga tilfinningu fyrir kökum. Ég bý frekar til salöt og eitthvað dótarí," segir Sóley, sem bendir á að fyllingunni í Jamie-brauðinu megi auðveldlega skipta út eftir tilfinningu og smekk hvers og eins. Kryddi í olíunni má eins skipta út, en Sóley mælir með rósmaríni og timjani. **sunna@frettabladid.is**

**JAMIE-BRAUÐ**
**Deig:**
**450 g hveiti**
**20 g salt**
**300 ml ylvolgt vatn**
**1 bréf þurrger**
**1 msk sykur**
**Kryddolía:**
**1/2 dl ólífuolía**
**Handfylli af fersku kryddi**
**2-4 hvítlauksrif**
**Fylling:**
**1 pk parmaskinka**
**100 g ferskur mozzarella-ostur**
**80 g rifinn ferskur parmesanostur**
**4 harðsoðin egg skorin í 4 báta**

Búið til deigið. Blandið sykri og geri út í vatnið og bíðið þar til gerið hefur blandast vel. Blandið saman hveiti og salti og setjið vökvann út í. Hnoðið og látið deigið hefast í 20-30 mínútur.

Blandið saman innihaldi kryddolíunnar og látið standa á meðan deigið hefar sig.

Fletjið deigið út í ca 80 sm langa og 10-15 sm breiða lengju. Skvettið hluta af kryddolíunni á deigið og raðið skinku, osti og eggjabátum eftir lengjunni. Lokið svo lengjunni eins og umslagi, með því að klemma endana saman eftir endilöngu utanum innihaldið. Skvettið restinni af kryddolíunni yfir og bakið í ofni við 180°C í 15-20 mínútur, eða þar til brauðið er orðið hæfilega dökkt.



**LÍTIÐ FYRIR UPPSKRIFTIR** Sóley Tómasdóttir er afar hrifin af hugmyndafræði sjónvarpskokksins Jamie Oliver, og fer frekar eftir henni en uppskriftum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Kraftur kókoshnetunnar

Margir hafa kynnst kókosmjólk á síðustu árum, enda er hún skemmtileg viðbót við matargerðina. „Í Taílandi er hún til dæmis notuð í karrírétti og súpur og til þess að búa til desert," sagði Ning de Jesus hjá Sælkerabúðinni á Suðurlandsbraut og Nings. Hann ætti að vita ýmislegt um málið, því í Sælkerabúðinni má fá allt frá mjólkinni og kókosdufti til eftirréttagerðar, til fersks kókoskjöts. „Ég sel nánast allt nema tréð," sagði Ning hlæjandi.

Afurðir kókoshnetunnar eru almennt taldar búa yfir nokkrum lækningamætti. Nýlegar rannsóknir sýna að í kókoshnetuolíu sé að finna sýrur sem vinni á HIV-veirunni. Þessar sýrur, sem einnig er að finna í móðurmjólk, virka vel á fjöldann allan af veiru- og bakteríusýkingum, og að sögn Nings, gallsteina.

„Við seljum kókoshnetusafa sem margir Íslendingar, og Asíubúar, kaupa við gallsteinum. Margir hafa losnað við steina eftir að drekka hann," sagði hann. Hægt er að kynna sér lækningamátt kókoshnetuolíu á netinu, en Ning bendir á að hún sé jafnframt notuð sem fegrunarmeðal. „Asíubúar og Indverjar bera hana oft í hárið. Það gerir hárið mýkra og gefur því glans," sagði hann. „Svo er líka búið til krem úr kókosmjólkinni," bætti hann við.



**KRAFTMIKIL KÓKOSHNETA** Afurðir kókoshnetunnar eru taldar búa yfir ýmiss konar lækningamætti.



**NING DE JESUS** Í Sælkerabúðinni hjá Ning má fá nánast allt kókostengt, nema tréð sjálft. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


ÍsAm
www.isam.is
ora
Ástríða í matargerð
Þorrasíld
Komin í verslanir - takmarkað magn!
www.ora.is

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Aniston vill ættleiða

Jennifer Aniston er sögð ætla að ættleiða barn á næstunni. Að sögn vina hennar ákvað hún þetta eftir sambandsslitin við Vince Vaughn og hefur falið lögfræðingum sínum að ræða við ættleiðingarstofur í Los Angeles. Aniston ætlar hins vegar ekki að fylgja í fótspor Angelinu Jolie, Madonnu og fleiri og ættleiða barn frá Afríku. Hún vill bandarískt barn.



**JENNIFER ANISTON** Ætlar að ættleiða barn á næstunni.

# Glæsileg frumsýning á Degi vonar

**Leikfélag Reykjavíkur fagnar 110 ára afmæli sínu í ár og dustar í tilefni af því rykið af tveimur íslenskum verkum. Fyrra verkið, Dagur vonar eftir Birgi Sigurðsson, var frumsýnt í Borgarleikhúsinu síðastliðinn fimmtudag við góðar undirtektir, en söngleikurinn Grettir er svo væntanlegur á fjalirnar í mars.**

Dagur vonar var fyrst sett upp í Iðnó fyrir nákvæmlega tuttugu árum og hlaut þá frábærar viðtökur. Það var ekki annað að sjá en að frumsýningargestir á fimmtudagskvöldið væru ánægðir með endurlífgunina, eins og myndirnar sýna.



**ÞJÓÐLEIKHÚSSTJÓRI OG TÓNLISTARSTJÓRI** Þjóðleikhússtjórinn Tinna Gunnlaugsdóttir og Egill Ólafsson létu sig að sjálfsögðu ekki vanta á frumsýninguna, enda samdi Egill tónlistina í sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MÆÐGIN Á FRUMSÝNINGU** Björn Ingi Hrafnsson mætti ásamt móður sinni, Björk Gunnarsdóttur. Björn Ingi var hæstánægður með sýninguna og kallaði Dag vonar meðal annars leiksýningu ársins á bloggsíðu sinni.



**ÁNÆGÐ Á DEGI VONAR** Rithöfundurinn Guðni Kolbeinsson og kona hans Lilja Bergsteinsdóttir brostu breitt og virtust hin ánægðustu með verkið.



**SKRAFAÐ SAMAN** Brynja Birgisdóttir og Hrund Hauksdóttir voru hinar kátustu með kvöldið.



**DAGUR VONAR** Rúnar Freyr Gíslason og Sigrún Edda Björnsdóttir þóttu standa sig prýðisvel í hlutverkum sínum í sýningunni.

ICELANDAIR OG WWW.KAUPMANNAHOFN.DK KYNNA:
STUÐMENN OG SÁLIN
Í KÖBEN 18. APRÍL 2007



VERÐ FRÁ 59.700 KR.* Á MANN Í TVÍBÝLI
Hljómsveitirnar Sálin hans Jóns míns og Stuðmenn á sameiginlegum tónleikum í Cirkusbygningen. Hljómsveitirnar leika til skiptis undir borðhaldi og síðan fyrir dansleik. Þriggja rétta kvöldverður. Stanslaust, íslenskt fjör eins og það getur best orðið til kl. 2:00. Leynigestur úr heimi tónlistarinnar. Kynnir kvöldsins: Þorvaldur Flemming.
+ Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

Safnaðu Vildarpunktum
VISA Punktarnir upp í MasterCard Ferðaávísun gildir
WWW.ICELANDAIR.IS
ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 35626 1/07

*Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting og miði á tónleika og dansleik ásamt 3ja rétta kvöldverði.
Flugfar til Kaupmannahafnar gefur 3.000 Vildarpunkta. Takmarkað sætaframboð! Eingöngu bókanlegt á netinu!

# Búa í New Orleans

Angelina Jolie og Brad Pitt eru flutt til New Orleans og ætla að senda börnin sín þangað í skóla í framtíðinni. „Okkur líður mjög vel þarna," sagði Jolie á Golden Globe-verðlaunahátíðinni. „Krakkarnir ætla í skóla þar og við hlökkum mikið til."

Pitt og Jolie hafa keypt sex herbergja glæsihýsi í borginni. Sást m.a. til Jolie blanda geði við heimamenn á veitingastað í næsta nágrenni við heimilið degi eftir að þau fluttu.

Talið er að leikaraparið hafi ákveðið að flytja til New Orleans vegna flóðanna sem þar urðu. Vilja þau leggja sitt af mörkum til að bæta samfélagið og starfa við góðgerðarmál.

Jolie á tvö börn sem hún ættleiddi frá Kambódíu og Eþíópíu, hinn fimm ára Maddox og Zahara sem er tveggja ára. Hún eignaðist sitt fyrsta barn í Namibíu í fyrra, dótturina Shiloh, ásamt Pitt.



**JOLIE OG PITT** Angelina Jolie og Brad Pitt eru flutt til New Orleans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hættur sem Borat

Sacha Baron Cohen segir að það verði erfitt fyrir persónuna Borat að snúa aftur á sjónarsviðið. Cohen segir Borat vera of frægan til að eiga endurkomu og því verði hann að leggja þennan óborganlega fréttamann frá Kasakstan á hilluna.

„Ég er með ýmislegt annað í vinnslu. Næst mun ég örugglega búa til gamanmynd eftir handriti. Dagar mínir sem leynileg persóna eru líklega liðnir," segir Cohen.

Talið er að Cohen, sem er trúlofaður leikkonunni Isla Fisher, hafi samið við Universal-kvikmyndaverið um að leika samkynhneigða tískutröllið Brüno í nýrri mynd.



**BORAT** Sacha Baron Cohen segist líklega vera hættur að leika Borat.

# OG NÚ ER FJÖR rýmum fyrir nýjum vörum

**Spring Air Never Turn**

Dýna botn og lappir
Queen kr. 109.900,-
King kr. 139.900,-



**Sængurver**

15-30% afsláttur





**Hægindastólar**

25-30% afsláttur



**Gaflar og náttborð**

15-50% afsláttur

**Svefnsófar**

15-30% afsláttur



**Gravity Zero**

Stillanleg rúm á ótrúlegu tilboði





**Tempur Premium**

Örfá eintök af þessu frábæra stillanlega rúmi á kr. 360.000,-



**Crown heilsurúm**

160x200 með botni og löppum á aðeins kr. 84.900,-

# Lítið útlitsgölluð rúm

## á ótrúlegum afslætti - takmarkað magn

Betra BAK

Faxafeni 5
Reykjavík
Sími 588 8477
www.betrabak.is

Vörubær
Tryggvabraut 24
Akureyri
Sími 462 1410

Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16




UNGNAUTAHAKK
ÚR KJÖTBORÐI
798 kr. kg




GOÐA FOLALDAKJÖT
REYKT OG SALTAÐ
475 kr. kg



NÓATÚNS SALTKJÖT
BLANDAÐ PAKKAÐ
799 kr. kg




SALTFISKUR
AÐ HÆTTI BÖRSUNGA
998 kr. kg




GRÍSAHNAKKI
ÚRBEINAÐUR, Í SNEIÐUM
998 kr. kg




MÓA KJÚKLINGALEGGIR
MAGNPAKKNING
422 kr. kg




EREWHON MORGUNKORN
LÍFRÆNN HAFRAGRAUTUR




MR. KRISPERS FLÖGUR 279 kr. pk.
ENRICO'S SALSASÓSA 299 kr. stk.




TOPPUR
1,5 L
119 kr. stk.



Bestir í kjöti
NÓATÚN
Þorraveisla í Nóatúni!
Veldu þinn eigin þorrabakka
Vestfiskur HÁKARL
VESTFIRSKUR HÁKARL
Í BITUM
469 kr. stk.
ora Þorrasíld
ÞORRASÍLD
ORA
469 kr. stk.
25% afsláttur
HÚSAVÍKUR HANGIKJÖT
ÚRBEINAÐ SOÐIÐ
VÍKING
VIKING PILSNER
1/2 L
59 kr. stk.
FLATKÖKUR
ÖMMU
FLATKÖKUR
69 kr. pk.
RÚGBRAUÐ
ÖMMU
RÚGBRAUÐ
129 kr. pk.
Harðfiskur
frá Vestfiski
STEIN BÍTUR
ÝSA
20% afsláttur
Verði ykkur að góðu!











# Sálarlaus stílæfing

James Ellroy hefur með reyfurum sínum skrifað sig inn í harðsoðnu hefðina sem rithöfundarnir Dashiell Hammett og Raymond Chandler gerðu að sjálfstæðri bókmenntagrein í kringum 1940. Andinn í verkum Hammetts og Chandlers lak af pappírnum yfir í svarthvítu glæpamyndirnar sem kenndar eru við film noir og naut sín þar í botn.

Leikstjóranum Brian De Palma tekst vel að fanga gömlu noir-stemninguna í The Black Dahlia sem hann gerir eftir samnefndri skáldsögu Ellroys. De Palma kann vel að nota ljós og skugga og með fimleikum með tökuvélina skapar hann seiðmagnað og oft þrúgandi andrúmsloft harðsoðnu hefðarinnar.

Þar fyrir utan fær hann allt sem til þarf upp í hendurnar frá Ellroy, sem býður upp á harðjaxla með axlabönd og hatta sem keðjureykja og láta hnefana tala og flegnar og fláráðar tálkonur sem nota kynþokka sinn óspart til að hringla í hausnum á karlpeningnum.

Josh Hartnett og Aaron Eckhart leika tvo lögreglumenn sem Ellroy lætur fást við rannsókn á sannsögulegu og viðbjóðslegu morði á ungri leikkonu, Betty Short, sem fannst í tvennu lagi árið 1947. Raunverulega sakamálið er enn óupplýst og er sveipað ákveðnum dularljóma enn þann dag í dag og er kennt við fórnarlambið, The Black Dahlia.

Persóna Hartnett er enn blaut bak við eyrun en Eckhart er öllu reyndari og mátulega spilltur í ofanálag þannig að lögguparið minnir óneitanlega á félagana tvo sem Guy Pearce og Russell Crowe léku í L.A. Confidential sem byggði einnig á bók eftir Ellroy.

Rannsókn þessa óhuggulega morðs hefur djúpstæð áhrif á mennina tvo og stofnar vináttu þeirra, ástarsamböndum og jafnvel geðheilsu í voða.

Konurnar tvær sem flækja tilveru töffaranna eru leiknar af gyðjunum Scarlett Johansson og Hilary Swank og í þeirri lygakvendaskák hefur Swank vinninginn í hlutverki baneitraðrar yfirstéttadruslu sem er hvergi nærri öll þar sem hún er séð.



**KVIKMYNDIR**

**The Black Dahlia**

Leikstjóri: Brian De Palma

Aðalhlutverk: Josh Hartnett, Scarlett Johansson, Aaron Eckhart, Hilary Swank

★★

Brian De Palma tekst ekki að gera meir en sæmilega stílæfingu úr spennandi og áhugaverðum efnivið frá James Ellroy.

De Palma hefur því allt sem til þarf til að gera dúndurreyfara en því miður, þrátt fyrir fyrri afrek bak við myndavélina, hefur hann ekki burði til að klára dæmið. Áhugaleysi hans á persónunum er áberandi þannig að angist þeirra og hremmingar rista grunt og ná ekki að koma með þá fyllingu sem sagan þarfnast nauðsynlega til að halda dampi og áhuga áhorfandans út í gegn. Þetta gerir það líka að verkum að ágætis leikarar fá ekki svigrúm til þess að sýna hvað í þeim býr.

De Palma bætir fyrir þetta með hressilegum tilþrifum í stíl en missir þó kraftinn niður á milli sterkra og spennandi atriða sem eru þó fyrst og fremst bergmál af því sem hann hefur gert áður og þá betur. Það verður þó að viðurkennast að gamlir taktar úr Scarface og The Untouchables eiga afskaplega vel við og blása lífi í krampakennda frásögnina, sem hefur alla burði til þess að vera skotheld film noir en verður ekki meira en stílæfing sem er hársbreidd frá þriðju stjörnunni.

**Þórarinn Þórarinsson**

# Býður Victoriu Neverland

**Michael Jackson er sagður áhugasamur um að selja Beckham-hjónunum hið víðfræga Neverland-setur.**

Á vef Daily Star er því haldið fram að Michael Jackson hafi séð sér leik á borði við komu Beckham-hjónanna til Bandaríkjanna og telji þau líklega kaupendur setursins fræga. Jackson hefur verið í sjálfskipaðri útlegð eftir að hann var sýknaður af ákærum um misnotkun á börnum sem gistu á Neverland og er talið að hann vilji losna við eignina sem fyrst. Hún minni söngvarann á slæma tíma í lífi hans. Samkvæmt vefnum á Jackson að hafa látið umboðsmenn sína útbúa sérstaka pappíra handa Beckham-hjónunum um kosti og galla Neverlands.

Kryddpían fyrrverandi hefur verið á útopnu í Los Angeles við að leita að húsnæði handa sér og David eftir að knattspyrnukappinn yfirgaf spænska stórveldið Real Madrid og gekk til liðs við LA Galaxy. Landareignin er í Los Olivos í Kaliforníu og þaðan er þriggja tíma akstur á æfingasvæði LA Galaxy. Lóðin sem fylgir hinum sérstaka heimi poppstjörnunnar er um 1.200 hektarar en þar má meðal annars finna skemmtigarð og dýragarð. Jackson settist að á Neverland árið 1988 og bjó þar til ársins 2005. Húseignum á svæðinu hefur ekki verið haldið við eftir að poppgoðið fluttist á brott en verðmæti lóðarinnar er talið hlaupa á tíu milljónum punda, rúmlega milljarði íslenskra króna.

Bandarískir fjölmiðlar hafa fylgst grannt með gangi mála hjá Victoriu eftir að hún kom til Bandaríkjanna. Samkvæmt Daily Star hefur hún þegar pungað út sex milljónum íslenskra króna fyrir knattspyrnuvöll handa strákunum sínum þremur, þeim Brooklyn, Romeo og Cruz.

freyrgigja@frettabladid.is



**MÆÐGININ** Brooklyn ætti ekki að leiðast í Neverland ásamt bræðrum sínum tveimur.



**NEVERLAND** Heimur Jacksons er engum líkur en á lóðinni má meðal annars finna skemmtigarð og dýragarð.



**JACKSON** Hefur verið í sjálfskipaðri útlegð síðan hann var sýknaður af ákærum um misnotkun á börnum.

# Dikta herjar á Bretland

Rokksveitin Dikta er stödd í Lundúnum um þessar mundir á stuttri tónleikaferð. Auk þess að spila á fernum tónleikum hefur sveitin þegar tekið upp þrjú ný myndbönd.

Plata Diktu, Hunting for Happiness, kemur út í Bretlandi í lok febrúar eða byrjun mars og með tónleikaferðinni er ætlunin að kynna þá útgáfu.

Dikta, sem fór út á miðvikudaginn í síðustu viku, var búin að halda tvenna tónleika þegar Fréttablaðið sló á þráðinn hjá söngvaranum Hauki Heiðari Haukssyni, þar á meðal á The Hope and Anchor. Sá staður er einna þekktastur fyrir það að sveitin U2 hélt þar sína fyrstu tónleika í Lundúnum þegar hún var að skjótast fram á sjónarsviðið. Einnig hefur Stranglers m.a. spilað þar.

Dikta mun einnig halda tónleika á Isle of Wight en að sögn Hauks Heiðars hafa þeir félagar fengið mjög góðar viðtökur í Bretlandi.



**DIKTA** Rokksveitin Dikta er á stuttri tónleikaferð um Bretland um þessar mundir.



















## Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 6 - 9 - 10:30 | B.i.12 | DÉJÁ VU | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:50 | B.i.16 | THE DEPARTED | kl. 10:30 | B.i. 16 |
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 | B.i. 7 | | | |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 - 8 | B.i. 16 | | | |







## SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | B.i.12 | THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 |
| THE PRESTIGE VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:20 - 5:40 | Leyfð |
| EMPLOYEE OF THE MONTH | kl.5:40 - 8 - 10:20 | | HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 3:20 | Leyfð |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | SKOLAÐ Í BURTU Ísl tal. | kl. 3:20 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:40 | B.i.16 | | | |

## SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 8:10 - 10:30 | Leyfð | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 5:50 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 5:50 - 8:10 | Leyfð | DIGITAL |
| DÉJÁ VU | kl. 10:30 | | DIGITAL |

## SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| EMPLOYEE OF THE MONTH | kl. 8 | B.i. 12 |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 10:10 | B.i. 7 |

## SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HAPPY FEET | kl. 6 | Leyfð |
| THE PRESTIGE | kl 8 - 10:20 | B.i. 12 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl 5:40 | B.i. 16 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl 8 - 10:20 | B.i. 16 |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


# Frá Myspace til Kína

**Raftónlistarmaðurinn Rúnar Magnússon heldur þrenna tónleika í Kína og eina í Hong Kong á næstunni. Fyrst mun Rúnar spila í borgunum Shenzhen og Guangzho í Kína í lok janúar og síðan í Hong Kong hinn 3. febrúar.**

„Þetta hefur eiginlega vaxið upp úr Myspace. Ég er með síðu þar og er kominn í samband við fólk úti um allan heim,“ segir Rúnar, sem hefur verið búsettur í Danmörku í ellefu ár.

Rúnar hlakkar mikið til ferðarinnar en þarf þó sjálfur að standa straum af ferðakostnaðinum. „Ég bjóst við að geta fengið ferðastyrki út á þetta en maður er ekki nógu mikið inni í klíkunni,“ segir hann í léttum dúr. „Þetta kom líka svolítið skyndilega upp á þannig að það var lítill tími til að vinna í því.“

### Tekur upp trúarathafnir

Rúnar, sem leggur af stað til Kína á föstudag, ætlar að dvelja þar í tvær vikur. „Ég ætla að reyna að ferðast aðeins og taka upp hljóð.



**RÚNAR MAGNÚSSON** Rúnar er á leiðinni til Kína og Hong Kong þar sem hann mun halda ferna tónleika.

Ég er svolítið mikið í „field recording“ og ferðast um með upptökugræjur og míkrófón. Ég ætla að tékka á alls konar tónlist og hugsanlega að reyna að tékka á trúarathöfnum. Það eru oft athyglisverð hljóð í kringum þær. Þeir eru með svo mismunandi trúarstefnur þarna sem gæti verið áhugavert að festa á teip.“

### Semur fyrir leikrit

Rúnar er í mastersnámi í raftónlist við tónlistarháskólann í Árósum. Auk raftónlistarinnar hefur hann starfað töluvert fyrir leikstjórann Kristján Ingimarsson sem er einnig búsettur í Danmörku. Rúnar hefur samið tónlistina við leikrit hans, Endurkomu frelsarans, sem verður frumsýnt í Kaupmannahöfn 7. mars. Mun hann spila í leikritinu í um tvær vikur og halda svo á tónleikaferð um Danmörku.

Í lok mars mun hann síðan tónleika á safninu Gammel Stand í Kaupmannahöfn í tengslum við sýningu á verkum Jóhannesar S. Kjarval og Ólafs Elíassonar. Sýningin mun standa yfir frá 10. febrúar til 29. apríl.

### Meðlimur Vinda Mei

Hér á landi hefur Rúnar starfað með Pétri Eyvindssyni (DJ Musician) í hljómsveitinni Vinda Mei. Sveitin hefur gefið út þrjár plötur, auk þess sem Rúnar hefur sjálfur gefið út þrjár sólóplötur. Frekar upplýsingar um Rúnar má finna á heimasíðunni myspace.com/runarmagnusson. **freyr@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarkonan **Lily Allen** hefur verið tilnefnd til fjögurra Brit-verðlauna, þar á meðal sem sólótónlistarkona ársins og fyrir bestu bresku plötuna, Alright Still. Rokksveitin Muse fékk þrjár tilnefningar: sem besta breska hljómsveitin, besta tónleikasveitin og fyrir bestu plötuna. Bandaríska hljómsveitin Gnarls Barkley hlaut einnig þrjár tilnefningar: sem besta erlenda sveitin, fyrir bestu plötuna og bestu nýju hljómveitina. Að auki fengu **Corinne Bailey Rae, James Morrison** og **Snow Patrol** þrjár tilnefningar hver. **Bob Dylan** og **Justin Timberlake** voru á meðal þeirra sem hlutu tvær tilnefningar. Brit-verðlaunin verða afhent í London hinn 14. febrúar.

# Okkar skoðun klár í slaginn

Félagarnir Garðar Bachmann og Hákon Seljan, yngri bróðir fjölmiðlamannsinns kunna Helga Seljan, hafa lagt lokahönd á heimildarmynd sína um álit ungmenna á Austurlandi á virkjanaframkvæmdum. Upphaflega stefndu þeir þó að því að klára myndina fyrir áramót. „Það voru próf og miklar annir sem urðu til þess að henni seinkaði dálítið, og kannski smá leti í bland,“ sagði Hákon sposkur, en hann útskrifaðist frá Menntaskólanum á Egilsstöðum um jólin. Þegar Fréttablaðið náði tali af honum var hann einmitt á fyrsta degi í nýrri vinnu, sem afleysingakennari við Grunnskólann í Bolungarvík.



**HÁKON OG GARÐAR** Okkar skoðun, mynd félaganna um viðhorf ungmenna á Austurlandi við virkjanaframkvæmdum, verður frumsýnd á Reyðarfirði á laugardaginn.

Myndin, sem er um hálftíma löng, heitir Okkar skoðun og verður frumsýnd í bíóinu á Reyðarfirði á laugardaginn. Hákon bjóst þó ekki við að myndin yrði tekin til sýninga í fleiri kvikmyndahúsum landsins á næstunni. „Nei, ekki svona. En við ætlum að ræða við einhverjar sjónvarpsstöðvar um að fá að sýna hana,“ sagði hann. Inntur eftir niðurstöðum úr myndinni kvaðst Hákon halda að fleiri viðmælendur væru með virkjanaframkvæmdum en á móti. „En það er kannski meira fyrir áhorfandann að komast að niðurstöðu um það,“ sagði hann. **- sun**





Allt að
70%
afsláttur
Úrval ljósa á frábæru verði!
ÚTSALA
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
Opið virka daga frá kl. 9-18 og laugardaga frá kl.11-16
zetor

## > Heiðar Geir til Svíþjóðar

Sóknarmaðurinn Heiðar Geir Júlíusson hefur verið lánaður frá Fram til sænska liðsins Hammarby í eitt ár. Heiðar er nítján ára gamall sóknarmaður sem leikið hefur fyrir öll yngri landslið Íslands. Þar með þynnist enn í hópi sóknarmanna hjá Fram, sem er þessa dagana í leit að framherja fyrir Landsbankadeildina í sumar. Heiðar vildi ekki tjá sig um félagaskiptin í gær að beiðni umboðsmanns hans.




# sport

sport@frettabladid.is

**EYJÓLFUR HÉÐINSSON:** ER Á ÓSKALISTA SÆNSKA LIÐSINS GAIS SEM HEFUR HAFIÐ VIÐRÆÐUR VIÐ FYLKI

# *Mér ætti ekki að leiðast í Gautaborg*

Eyjólfur Héðinsson, leikmaður Fylkis, gæti verið á leið í sænsku úrvalsdeildina en lið GAIS hefur mikinn áhuga á að kaupa hann frá Árbæjarliðinu. Roland Nilsson er þjálfari GAIS og sagði hann við fjölmiðla þar í landi að Eyjólfur hefði heillað sig þann tíma sem hann æfði með liðinu. Eyjólfur var við æfingar hjá GAIS í síðustu viku og leist vel á félagið.

„Þetta virðist vera fínt félag og maður hefur alltaf stefnt á það að komast út. Þetta virkar mjög spennandi og það er fínt að vera í Gautaborg. Svo tel ég allar líkur á því að maður fái að spila mikið þarna og það er náttúrlega mikilvægt. Þetta félag getur verið góður stökkpallur í enn sterkari deild síðar," sagði Eyjólfur við Fréttablaðið í gær en hann á fjölmarga landsleiki að baki fyrir yngri landslið Íslands og var einn af betri leikmönnum Fylkis síðasta sumar, hann lék alla leiki liðsins Í Landsbankadeildinni.

„Mér gekk vel á þessum æfingum þarna úti og nú er bara að leggja höfuðið í bleyti og hugsa," sagði Eyjólfur, sem var greinilega spenntur fyrir því að reyna fyrir sér í sterkari deild og mæta leikmönnum á borð við Henrik Larsson. Þá segir hann að það skemmi ekki fyrir að íslenskur leikmaður sé fyrir hjá GAIS en með liðinu leikur Jóhann Birnir Guðmundsson.

„Svo eru líka fleiri íslenskir leikmenn þarna í Gautaborg eins og Raggi félagi minn og Hjálmar sem er með honum í liði, þannig að manni ætti ekki að leiðast þarna. Svo fer kærastan mín örugglega með mér líka þannig að þetta ætti bara að vera stuð. Ég er opinn fyrir þessu en þetta mun skýrast betur á næstu dögum," sagði Eyjólfur.

Varnarmaðurinn Ragnar Sigurðsson, sem lék með Eyjólfi hjá Fylki, gerði samning við Gautaborg í október en í Gautaborgarliðinu er einnig landsliðsmaðurinn Hjálmar Jónsson.



2007 GERMANY HANDBALL WORLD CHAMPIONSHIP

**1** DAGUR Í HM Í ÞÝSKALANDI

Íslenska landsliðið:

## Mætir í dag til Þýskalands

**HANDBOLTI „Þetta er að bresta á. Við fljúgum snemma morguns til Frankfurt og þar tekur rúta á móti okkur. Við munum keyra í fjóran og hálfan klukkutíma til Magdeburg," sagði Einar Þorvarðarson hjá HSÍ þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær en hann er fararstjóri í ferðinni. Liðið kemur til Þýskalands í dag. Einar sagði að allt væri gott að frétta af hópnum og stemningin innan hans væri góð.**

**Reiknað er með að íslenska liðið taki æfingu í kvöld en fyrsti leikur liðsins á HM verður á laugardag. Keppnin sjálf hefst hinsvegar á föstudag. Ástralía verður fyrsti mótherji Íslands á mótinu en á sunnudag verður leikið gegn Úkraínu. Nánar er fjallað um mótið í sérstöku aukablaði sem fylgir Fréttablaðinu í dag.** - egm

# Aðeins hvílir leynd yfir launum formanns Knattspyrnusambandsins

**Ekki hvílir nein leynd yfir launum formanna HSÍ og KKÍ sem og forseta ÍSÍ þar sem kostnaður vegna forsetans hefur verið sundurgreindur síðan 1996. Formaður HSÍ fær ekkert greitt en formaður KKÍ fær 50 þúsund krónur í mánaðarlaun. Forseti ÍSÍ fær greidda mánaðarlega risnu sem er 120 þúsund krónur.**

**ÍÞRÓTTIR** Fréttablaðið fjallaði á dögunum um launamál formanns KSÍ og kom fram í þeirri umfjöllun að fjórir einstaklingar réðu launum Eggerts Magnússonar, formanns KSÍ, og að aðeins sex vissu hversu há launin væru enda kostnaður vegna formannsins ekki sundurgreindur í ársreikningi sambandsins og hans ekki heldur getið í fjárhagsáætlunum.

Fréttablaðið fór á stúfana í kjölfarið og aflaði sér upplýsinga um launakjör formanna hinna stóru boltagreinanna - handbolta og körfubolta - ásamt upplýsingum um kjör forseta ÍSÍ. Eggert Steingrímsson, gjaldkeri KSÍ, sagði í samtali við Fréttablaðið á dögunum að hann hefði alltaf litið á málið þannig að formaður KSÍ og forseti ÍSÍ væru með svipuð laun.

Ekki hvílir nein leynd yfir launum forseta ÍSÍ. Allt síðan árið 1996 hefur kostnaður vegna forseta ÍSÍ verið sundurgreindur í ársreikningum sambandsins. Starf forseta ÍSÍ er ekki skilgreint sem launað starf eða fullt starf.

Forseti, framkvæmdastjórnarmenn og nefndarmenn innan starfsemi ÍSÍ sinna sínum störfum í sjálfboðaliðavinnu en ÍSÍ telur rétt að greiða forsetanum risnu og útlagðan kostnað vegna álags sem fylgir starfinu.




**EGGERT MAGNÚSSON, FORMAÐUR KSÍ** Gefur ekki upp laun sín hjá KSÍ, ólíkt kollegum sínum í íþróttahreyfingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Laun forseta ÍSÍ eru 120 þúsund krónur á mánuði sem eru greiddar í formi risnu. Greiðslan kemur til vegna símanotkunar, fatnaðar og ýmissa atriða sem tengjast því að vera í embætti forseta ÍSÍ. Af þessari greiðslu er síðan dregin staðgreiðsla.

Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ, sagðist ekki þiggja nein laun fyrir sína vinnu í þágu handboltans. Hann er með um 5.000 króna dagpeninga er hann ferðast erlendis á vegum sambandsins. Guðmundur sagði að allur gangur væri þó á því hvort hann þæði dagpeninga og stundum ferðaðist hann á vegum HSÍ án þess að taka nokkuð fyrir.

**VELTA SAMBANDANNA:**

| | |
|---|---|
| **KSÍ:** | |
| 2005: | 462,2 milljónir króna |
| 2004: | 457,6 milljónir króna |
| 2003: | 342,9 milljónir króna |
| **ÍSÍ:** | |
| 2005: | 350 milljónir króna |
| 2004: | 379 milljónir króna |
| 2003: | 344 milljónir króna |
| **HSÍ:** | |
| 2005: | 76,8 milljónir króna |
| 2004: | 84,3 milljónir króna |
| 2003: | 70,7 milljónir króna |
| **KKÍ:** | |
| 2005: | 56,8 milljónir króna |
| 2004: | 39,5 milljónir króna |
| 2003: | 40,8 milljónir króna |

Hannes Jónsson, formaður KKÍ, kemur á annan hátt að starfi síns sambands en Guðmundur en Hannes tekur virkan þátt í rekstri sambandsins og eyðir drjúgum tíma á skrifstofu sambandsins þar sem hún er undirmönnuð að þeirra mati.

Fyrir þá vinnu þiggur Hannes 50 þúsund krónur á mánuði. Hannes þiggur ekki dagpeninga ef hann ferðast erlendis í erindagjörðum KKÍ. „Við höfum einfaldlega ekki efni á að greiða mér né landsliðsmönnum dagpeninga," sagði Hannes.

KSÍ er langstærsta sérsamband Íslands eins og sést á veltutölum sem fylgja fréttinni og rekstur þess sambands að mörgu leyti ólíkur hinum samböndunum enda býr KSÍ við allt annað umhverfi en hin sambödin, meðal annars vegna þeirra háu styrkja sem sambandið fær frá UEFA og FIFA.

henry@frettabladid.is






Þjálfari Hildesheim eftir æfingaleik gegn Úkraínu í fyrradag:

# Úkraína engin fyrirstaða fyrir Ísland

**HANDBOLTI** Ísland mætir Úkraínu á sunnudaginn kemur í HM í Þýskalandi. Fyrir fram má ætla að leikurinn sé gríðarlega mikilvægur upp á framhald íslenska liðsins á mótinu. Ef Ísland tapar gæti róður liðsins reynst þungur í kjölfarið.

Ekki er mikið vitað um lið Úkraínu en liðið lék æfingaleik gegn þýska úrvalsdeildarliðinu Eintracht Hildesheim í fyrradag. Úkraína vann, 36-31.

Lars Walther, þjálfari Hildesheim, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að úkraínska liðið hefði komið sér á óvart.

„Ég bjóst við sterkara liði. Þeir spiluðu illa, voru hægir og litu út fyrir að vera mjög þreyttir. Ég held að Ísland muni ekki lenda í neinum vandræðum með Úkraínu á HM," sagði Walther, sem er danskur og lék eitt sinn með KA. Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari hringdi í Walther í gær og fékk upplýsingar um lið Úkraínu.



**WALTHER** Lars Walther, til vinstri, berst við Stefan Lövgren, leikmann Kiel, er hann lék með Göppingen fyrir tveimur árum. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Skytturnar beggja megin léku vel, sem og markverðirnir. Leikstjórnandinn lék vel fyrir liðið en skýtur ekki mikið á markið."

Walther segir enn fremur að hann hafi litið á leikinn sem æfingaleik fyrir sig og því notað alla sína leikmenn og prófað ýmis afbrigði af leikstíl liðsins. „Úkraína keyrði hins vegar á sömu átta mönnum næstum allan leikinn," bætti hann við.

Hann býst við miklu af löndum sínum og segir Dani eiga góða möguleika á verðlaunsæti. „Ég held að Frakkar verði sterkastir, svo Danir og Króatar. Þýskaland og Ísland gætu svo einnig blandað sér í toppbaráttuna. Þá ber einnig að fylgjast með Túnis, sem er með öflugt lið ef liðinu er forðast meiðsli." - esá



**HELVETIA CUP** Fer fram í Reykjavík um þessar mundir. NORDIC PHOTOS/GETTY

Evrópumóti í badminton:

## Ísland sigraði Króatíu öruggt

**BADMINTON Evrópumót B-þjóða í badminton hófst í Laugardalshöllinni í gær og lýkur því á sunnudag. Þetta er stærsta badmintonmót sem haldið hefur verið hér á landi og keppir íslenska landsliðið gegn fimmtán öðrum þjóðum um sæti í keppni A-þjóða. Ísland vann Króatíu 4-1 í sínum fyrsta leik í sínum riðli í gær en eftir riðlakeppnina verður leikið um sæti. Þrjú efstu liðin munu komast í Evrópukeppni A-þjóða.** - egm

Leikmannamál hér á landi:

## Andri til Fram

**FÓTBOLTI** Andri Lindberg Karvelsson hefur tekið skóna úr hillunni eftir tveggja ára frí vegna náms. Andri, sem lék með ÍA, hefur ákveðið að semja við Fram þar sem hann hittir fyrir fyrrum þjálfara sinn, Ólaf Þórðarson. Andri, sem er fæddur 1979, lék æfingaleik með Fram á mánudag þegar liðið vann Fjölni 2-1 og var í kjölfarið ákveðið að semja við hann. - egm

Dómaradeilan umtalaða:

## Fyrstu leikir ekki í hættu

**FÓTBOLTI Samkomulag milli KSÍ og deildardómara hefur enn ekki náðst en þrátt fyrir það verður engin töf á því að Reykjavíkurmótið fari af stað. „Þessi mál eru öll í vinnslu en það er engin ágreiningur varðandi leiki núna í byrjun. Það er verið að vinna í því að landa þessu og ég hef verið fullvissaður um að það verði ekki vandamál varðandi leikina núna í upphafi. Vonir standa til að það takist að ná samkomulagi á næstunni,“ sagði Halldór B. Jónsson, varaformaður KSÍ og formaður dómaranefndar, við Fréttablaðið í gær.**

**Nýr samningur KSÍ við dómara var felldur á fundi félags deildardómara á sunnudag en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er málið að þokast í rétta átt.** - egm

Iceland Express deild kvenna:

## Toppliðinu skellt

**KÖRFUBOLTI** Grindavík vann í gær afar óvæntan sigur á toppliði Keflavíkur í Iceland Express deild kvenna. Lokatölur voru 88-82, heimamönnum í hag.

Frábær byrjun hjá Grindavík vó þungt í þróun leiksins en Tamara Bowie skoraði 20 stig í fyrsta leikhluta og tók 13 fráköst. Staðan þá var 27-17 og náði Keflavík aldrei að jafna metin eftir það.

Bowie skoraði 36 stig og tók 27 fráköst. 16 ára stúlka, Ingibjörg Jakobsdóttir, átti einnig stórleik og skoraði 16 stig og gaf fimm stoðsendingar. - óój

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Iceland Express deild kv.*

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK-KEFLAVÍK | 88-82 |

**Stig Grindavíkur**: Tamara Bowie 36, Ingibjörg Jakobsdóttir 16, Hildur Sigurðardóttir 13, Íris Sverrisdóttir 11, Jovana Stefánsd. 11, Alma Garðarsd. 1.
**Stig Keflavíkur**: María Ben Erlingsdóttir 24, TaKesha Watson 22, Bryndís Guðmundsdóttir 20, Svava Stefánsdóttir 10, Birna Valgarðsdóttir 3, Margrét Kara Sturludóttir 2, Ingibjörg Vilbergsd. 1

| | |
|---|---|
| HAMAR-ÍS | 50-56 |
| BREIÐABLIK-HAUKAR | 42-121 |

Helsingborg hefur mikinn áhuga á Ólafi Inga en fleiri lið eru komin í slaginn:

# Vilja fá Ólaf með til Suður-Afríku

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Ólafur Ingi Skúlason er eftirsóttur af liðum á Norðurlöndum. Hann æfði fyrr í vikunni með sænska liðinu Helsingborg og hefur þegar sýnt mikinn áhuga á því að ganga til liðs við félagið. Hann er úti í kuldanum hjá enska liðinu Brentford, sem er tilbúið að leyfa honum að fara og er Ólafur nú í leit að nýju félagi.

„Þetta gekk mjög vel og báðir aðilar eru mjög sáttir, svo sjáum við bara hvað gerist á næstu dögum. Þeir fara í keppnisferðalag á sunnudaginn til Suður-Afríku og vilja fá mig með sér í það. Æfingarnar hafa verið innandyra á gervigrasi og þeir vilja sjá mig á grasi og á stórum velli. Ég er að fara yfir stöðuna en nokkur önnur lið í Skandinavíu hafa sýnt áhuga á mér, bæði frá Danmörku og Noregi. Næsta skref hjá mér er samt ekki alveg klárt og því vil ég sem minnst segja,“ sagði Ólafur Ingi við Fréttablaðið.

Sænskir fjölmiðlar fullyrtu í gær að norska liðið Vålerenga væri meðal liða sem hefðu áhuga á Ólafi og að hann væri á leið til æfinga hjá liðinu. Það fer þó ekki á milli mála að Ólafur er mjög spenntur fyrir Helsingborg. „Mér leist mjög vel á þennan klúbb, þjálfarann og alla í kringum þetta. Ég æfði með þeim í þrjá daga og mér sýnist þetta vera ágætis lið.“

„Þeir voru reyndar að missa sóknarmann sem Sheffield United keypti frá þeim á tvær milljónir punda (Lucas Shelton) og ég held að þeir séu að leita að arftaka hans og eiga víst eftir að styrkja liðið frekar. Þeir eru meðal sterkustu liða Svíþjóðar og stefna enn hærra og það líst mér vel á. Ég féll vel inn í þetta á æfingunum og finnst þetta spennandi kostur. Þetta hefur þokast eitthvað nær en það á margt eftir að gerast svo þetta verði neglt niður.“ - egm



**ÓLAFUR INGI** Stóð sig vel á æfingum með sænska liðinu Helsingborg. NORDIC PHOTOS/GETTY




## > ARNOLD SCHWARZENEGGER

Fæddur 1947 og ólst upp í smáþorpi í Austurríki. Sneri sér að vaxtarrækt og starfaði hjá hernum í Austurríki í eitt ár. Varð frægur sem líkamsræktarmaður og fór til Ameríku til að láta drauminn rætast og verða leikari. Varð fljótt mjög frægur fyrir hlutverk sitt sem Conan og tilboðum um að leika í hasarmyndum rigndi yfir hann. Hann hefur nú snúið sér að stjórnmálum. Schwarzenegger lék í Terminator sem verður á Stöð 2 Bíó seint í kvöld.



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON HORFÐI Á MENNINGARHEIMA REKAST Á

# *14-2 fyrir Bretland*

Ég er af þeirri sort sem þykir gaman að horfa á verðlaunaafhendingar (reyndar ekki íslenskar, ræð ekki við aulahrollinn). Á Golden Globe-hátíðinni á mánudag var fékk ég reyndar staðfestingu á því sem mig hafði lengi grunað: Bretar eru miklu skemmtilegri á svona seremóníum en Bandaríkjamenn nokkurn tímann.

Mér hefur reyndar lengi fundist BAFTA-verðlaunin mun skemmtilegri en Óskarinn, enda ræður Stephen Fry þar ríkjum á meðan Kanarnir láta sér hálfdrættinga á borð við Billy Crystal og Steve Martin duga. Á mánudaginn unnu hins vegar svo margir Bretar til verðlauna að maður fékk samanburðinn svart á hvítu í beinni útsendingu. Meðan Hugh Laurie rúllaði mannskapnum upp og sagði sam-



starfsmenn sína ilma eins og nýslegið gras hikstaði Forest Whitaker og stamaði; Bill Nighy þurfti ekki nema tvær eða þrjár setningar til að láta salinn ískra úr hlátri en Jamie Foxx kjökraði eitthvað um hvað myndin sín væri sýnd í fáum sölum. Sacha Baron Cohen helgaði afturenda mótleikara síns þakkarræðu sína og gerði það með bravúr en aumkunarverðar tilraunir Ben Stiller til að auglýsa eigin afurðir í skrýtluformi voru álíka viðeigandi og klámbrandarar í skírnarveislu. Þegar Helen Mirren lýsti herbergið upp með reisn sinni var Martin Scorsese eins og ljósdeyfir.

Kanarnir mega þakka tveimur ljóstýrum fyrir að ekki skall á niðamyrkur í þeirra herbúðum: Galgopanum Eddie Murphy sem var skemmtilega bljúgur og Meryl Streep, sem er ja... frekar evrópsk í hugsun en bandarísk.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.40** The Simpsons Stöð 2



▶ **20.30** Venni Páer Skjár einn



▶ **20.30** KF Nörd Sirkus



▶ **21.10** Studio 60 Stöð 2



▶ **21.45** Chappelle´s Show Sirkus

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Íþróttakvöld** Endursýndur þáttur frá miðvikudagskvöldi.
**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** Endursýndur þáttur frá sunnudegi.
**18.30 Stebbi strútur (9:13)** Finnskur teiknimyndaflokkur um strútinn Stebba og Emmu vinkonu hans.
**18.40 Draumar** Svissnesk barnamynd.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Lífsmörk** (3:6) (Vital Signs) Breskur myndaflokkur. Rhoda, sem hefur verið gift í 15 ár, á þrjú börn og vinnur í matvöruverslun, söðlar um og fer í læknanám.
**21.05 Lithvörf** (3:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Í þessum þætti er rætt við Sigurð Örlygsson olíumálara. Dagskrárgerð: Jón Axel Egilsson.
**21.15 Sporlaust** (7:24) (Without a Trace IV) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Lögregluforinginn** (1:2) (The Commander III) Bresk sakamálamynd í tveimur hlutum eftir Lyndu La Plante. Clare Blake er yfirmaður morðdeildar lögreglunnar í London sem fær árlega til rannsóknar 150 mál. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.
**23.35 Kastljós (e)**
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 The Legend of Johnny Lingo**
**08:00 Rugrats Go Wild!**
**10:00 Loch Ness**
**12:00 The Day After Tomorrow**
**14:00 Rugrats Go Wild!**
**16:00 The Legend of Johnny Lingo**
**18:00 Loch Ness**
**20:00 The Day After Tomorrow** Stórslysamynd frá 2004.
**22:00 Rules of Attraction** 2002. Stranglega bönnuð börnum.
**00:00 Bet Your Life** (Lífið að veði)
**02:00 The Terminator**
**04:00 Rules of Attraction**

## STÖÐ 2

**06:58 Ísland í bítið**
**09:00 Bold and the Beautiful**
**09:20 Í fínu formi 2005**
**09:35 Martha**
**10:20 Ísland í bítið (e)**
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Neighbours** (Nágrannar)
**13:05 Valentína**
**14:35 George Lopez** (16:24)
**15:00 Curb Your Enthusiasm** (3:10)
**15:30 Two and a Half Men** (15:24)
**15:50 Skrímslaspilið**
**16:13 Ofurhundurinn**
**16:38 Tasmanía**
**17:03 Myrkfælnu draugarnir** (31:90)
**17:13 Doddi litli og Eyrnastór**
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Neighbours** (Nágrannar)
**18:18 Íþróttir og veður**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
▶**19:40 The Simpsons** (1:22) (e)
**20:05 Í sjöunda himni með Hemma**
▶**21:10 Studio 60** (2:13)(Bak við tjöldin) Spánýr bandarískur framhaldsþáttur með Matthew Perry úr Friends í aðalhlutverki sem fengið hefur frábærar viðtökur vestanhafs. Þættirnir koma úr smiðju hinna sömu og gerðu verðlaunaþættina West Wing og varpa gamansömu og trúverðugu ljósi á það sem gerist bak við tjöldin í hinum litríka sjónvarpsheimi í Hollywood.
**21:55 The Closer** (9:15) (Málalok) Brenda Leigh Johnson er ung og efnileg en sérvitur lögreglukona sem ráðin er til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.
**22:40 Tube Tales** (Neðanjarðarsögur) Áhugaverð bresk mynd þar sem sagðar eru níu frumlegar sögur sem allar eiga það sameiginlegt að gerast í neðanjarðarlestum Lundúnarborgar. Leikstjóri: Ewan McGregor.
**00:05 Grey´s Anatomy** (29:36)
**00:50 Shark** (2:22) (Hákarlinn)
**01:35 First $20 Million Is Always the Hardest** (Fyrstu milljónirnar eru erfiðastar) Gamanmynd frá 2002 með lúmskum ádeilubroddi. Leyfð öllum aldurshópum.
**03:20 The Simpsons** (1:22) (e)
**03:45 Ísland í bítið (e)**
**05:20 Fréttir og Ísland í dag (e)**
**06:30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Insider (e)**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:30 Seinfeld** (14:24) Kramer felur lykilinn að peningaskápnum sínum í íbúðinni hjá Jerry. George og Elaine reyna hvort um sig að finna leiðir út úr samböndunum sem þau eru í.
**20:00 Entertainment Tonight**
▶**20:30 KF Nörd** (2:15) (Frá hræðslu til hugrekkis) Hugarfarið og samvinna skiptir öllu máli til að ná árangri í knattspyrnu. Nördarnir fá heimsókn frá einum fremsta sálfræðingi landsins sem sýnir þeim hversu mikilvægur sá hluti er í liði eins og KF Nörd. Logi þjálfari áttar sig á því að hópurinn þarf að ná betur saman og fer með þá í óvissuferð þar sem m.a. er farið í dans- og leikjanámskeið í Kramhúsinu. Óttinn er nokkuð sem strákarnir þurfa að horfast í augu við og ganga skrefi lengra.
**21:15 Four Kings** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir, sem eru allir á þrítugsaldrinum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim.
**21:40 Leiðin að Hlustendaverðlaunum FM 957** Upphitun fyrir Hlustendaverðlaun FM 957 sem fram fara í Borgarleikhúsinu 23.janúar.
▶**21:45 Chappelle´s Show 1** Önnur serían af þessum vinsælum gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.
**22:15 X-Files** (Ráðgátur)
**23:00 Insider**
**23:30 Vanished** (11:13) (e) Jeffrey Collins er þingmaður á hraðri uppleið. Hann er giftur hinni ungu og fallegu Söru sem sinnir góðgerðarmálum af miklum hug.
**00:20 Weeds** (11:12) (e)
**00:50 Seinfeld** (14:24) (e)
**01:15 Entertainment Tonight (e)**
**01:40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08:00 Rachael Ray (e)**
**08:55 Melrose Place (e)**
**14:05 2006 World Pool Championships (e)**
**16:05 Love, Inc. (e)**
**16:35 Beverly Hills 90210**
**17:20 Rachael Ray**
**18:15 Melrose Place**
**19:00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19:30 Game tíví**
**20:00 The Office** Það er krakkadagur í vinnunni en Michael líður ekki vel innan um börnin.
▶**20:30 Venni Páer - Lokaþáttur** Íslensk gamansería þar sem ýmsir kostulegir karakterar koma við sögu. Venni Páer er einkaþjálfari sem hefur það takmark að koma hinni einu sönnu og réttu leið varðandi heilsurækt til skila. Honum til halds og traust er hans dyggi og eini kúnni, Bjössi.
**21:00 The King of Queens** Doug og Carrie Heffernan hafa skemmt áhorfendum SkjásEins undanfarin ár og halda því áfram í vetur en nú er að hefjast áttunda syrpan um hjónakornin.
**21:30 Still Standing**
**22:00 House**
**23:00 Everybody Loves Raymond** Ray Barone og hans grátbroslega og yndislega pirrandi fjölskylda halda áfram að stytta okkur stundirnar á SkjáEinum. Robert er alltaf jafn öfundssjúkur út í bróður sinn og foreldrarnir vægast sagt þreytandi.
**23:30 Jay Leno**
**00:20 America's Next Top Model (e)**
**01:20 C.S.I. (e)**
**02:20 Beverly Hills 90210 (e)**
**03:05 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**07:00 Ítölsku mörkin**
**14:00 Watford - Liverpool (frá 13. jan)**
**16:00 Ítalski boltinn (frá 13. jan)**
**18:00 Chelsea - Wigan (frá 13. jan)**
**20:00 Liðið mitt** Spjallþáttur um fótbolta í umsjón Böðvars Bergssonar.
**21:00 West Ham - Fulham (frá 13. jan)**
**23:00 Liðið mitt (e)**
**00:00 Að leikslokum (e)**
**01:00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Í sjöunda himni með Hemma Gunn

Hemmi Gunn verður í sjöunda himni á Stöð 2 í kvöld þegar hann tekur á móti góðum gestum á NASA við Austurvöll. Sérstakur heiðursgestur þáttarins verður Laddi, Þórhallur Sigurðsson, þessi ástsæli grínisti sem nú stendur á tímamótum, fagnar sextugsafmæli sínu. Af því tilefni mun Ladda bregða fyrir í ýmsum myndum, auk þess sem hann syngur eitt af sínum dáðustu lögum, Austurstræti, með hljómsveit hússins. Pétur Benediktsson er ungur og efnilegur tónlistarmaður sem vakið hefur mikla athygli fyrir tónsmíðar sínar og flutning. Hann samdi m.a. tónlistina við kvikmyndirnar Börn og Foreldra - sem frumsýnd verður á næstu dögum, en Pétur er einnig tilnefndur til tvennra Íslenskra tónlistarverðlauna fyrir árið 2006. Björgvin Franz Gíslason mætir á svæðið í gervi tískulöggunnar Arnars Breka og tekur Hemma rækilega í gegn. Jóhann Sigurðarson leikari, sem komið hefur víða við á ferli sínum, spjallar við Hemma og lýkur þættinum á frumsömdu ljóði og lagi sem heitir Stöðhesturinn.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**THE DAY AFTER TOMORROW**

**Stöð 2 Bíó 20.00**

Vel gerð og æsispennandi stórslysamynd sem fjallar um það hvað gæti gerst ef spár svartsýnustu veðurfræðinga og umhverfissérfræðinga rættust. Þeir telja að gróðurhúsaáhrif og önnur mannanna verk kunni að valda meiriháttar veðurbreytingum; svo miklum að jöklar bráðni, úthöf flæði yfir land og strambreytingar geti af sér nýja ísöld. Afleiðingin af slíkum náttúruhamförðum yrði hrein martröð fyrir mannkynið. Dennis Quaid leikur vísindamann sem spáð hefur slíkum hamförum en talað fyrir daufum aurum - þar til spár hans verða að veruleika.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Slóð fiðrildanna
**14.30** Leikhúsrottan
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.27** Sinfóníutónleikar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Þættir úr íslenskri leikritun: Hart í bak!
**23.10** Hlaupanótan
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**14:35 Spænska bikarkeppnin** (Barcelona - Alaves)
**16:15 FA Cup 2006** (Newcastle - Birmingham) Enska bikarkeppnin.
**17:55 Presidents Cup 2007 - Official**
**18:25 Pro bull riding** (Tulsa, Oklahoma) Nautareið er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þar keppast menn við að halda sér á baki nauts eins lengi og þeir geta að hætti kúreka.
**19:20 World's Strongest Man 2005**
**19:50 Spænska bikarkeppnin** (Real Madrid - Real Betis)
**21:50 Ali's 65th** (Sweet Science - My Name is Ali) Þáttur um þekktasta hnefaleikakappa sögunnar, Muhammad Ali, sem fagnaði 65 ára afmæli í janúar.
**22:40 Football Icons**
**23:35 Ameríski fótboltinn** (NFL Gameday 06/07) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í amerísk a fótboltanum sem er vinsælasta sjónvarpsíþróttin í Bandaríkjunum.
**00:05 PGA Tour**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** SKRÅL **6.30** Det, der med børn **7.00** Gurli Gris **7.05** Alfons Åberg **7.15** Charlie & Lola **7.30** Hvad er det værd **8.00** Design for fremtiden **8.30** Nyheder fra Grønland **9.00** Fantastiske fortællinger **9.30** Hva' så Danmark? - reform af den offentlige sektor **10.00** Familiejagten **10.30** Uventet besøg **11.00** TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Grøn glæde **12.00** De moderne familier **12.25** Aftenshowet **12.50** Aftenshowet **13.20** Nyheder på tegnsprog **13.30** Kender du typen **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** SPAM **14.30** Boogie Update **15.00** Liga DK **15.30** Hotel Fjot **15.35** Frikvarter **16.00** Barda **16.30** Fandango med Chapper **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Vores planet **20.00** TV Avisen **20.25** Task Force **20.50** Sportnyt **21.00** Mumien **23.00** Koncert med Norah Jones **23.50** Liga DK

## NRK 1

**8.30** Gastronomi **9.00** Siste nytt **9.05** NM på ski 2007 **10.00** Siste nytt **10.05** NM på ski 2007 **11.00** Siste nytt **11.05** NM på ski 2007 **12.00** Siste nytt **12.05** NM på ski 2007 **13.00** Siste nytt **13.05** V-cup skiskyting **14.00** Siste nytt **14.05** V-cup skiskyting **14.35** Trollz **15.00** Siste nytt **15.03** Pysj-klubben **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Sport i dag **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Den lille blå dragen **17.10** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 80-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Kodenavn Hunter **21.30** Norsk humor **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Urix **22.50** Presidenten **23.30** MAD TV **0.10** Top Gear - Tut og kjør!

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Naturnollorna **14.05** Klosterliv **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Kjelles hjältar **16.55** Anslagstavlan **17.00** Nalle har ett stort blått hus **17.25** Ritsagor **17.30** Dagens ramsa **17.35** Ozzy och Drix **18.00** En del av mitt hjärta **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** El Niño **21.00** 51Birch Street **22.30** Rapport **22.40** Kulturnyheterna **22.50** Uppdrag Granskning **23.50** Sändningar från SVT24




**HRÓSIÐ ...**



*... fær hin búlgarska Tanja Tzoneva sem búið hefur hér á landi í tólf ár en talar íslensku betur en margir barnfæddir Íslendingar.*

# Með sama þjálfara og Johnny Depp

Þekktur breskur raddþjálfari, Neil Swain, þjálfaði nýverið leikhópinn Vesturport fyrir uppfærslu hans á leikritinu Pétri Gauti í London í lok febrúar.

Skaust hann hingað til lands á milli jóla og nýárs og er væntanlegur aftur um mánaðamótin. Í millitíðinni verður hann upptekinn við að þjálfa Johnny Depp vegna hlutverks hans í nýjustu mynd Tims Burton, sem er byggð á söngleiknum Sweeney Todd.



**BJÖRN HLYNUR HARALDSSON** Björn Hlynur er hæstánægður með vinnubrögð raddþjálfarans Neil Swain.

Björn Hlynur Haraldsson segir að það hafi verið frábært að vinna með Swain. „Ég hef aðeins kynnst honum áður því hann hjálpaði okkur með Rómeó og Júlíu. Hann vann í nokkur ár fyrir Royal Shakespeare Company og var mikið að hjálpa þegar amerískar stjörnur mættu á West End. Hann var með Matt Damon og svoleiðis liði. Svo er hann farinn að vinna meira og minna í bíómyndum," segir Björn Hlynur og bætir því við að á síðasta ári hafi Swain m.a. verið raddþjálfari Robert De Niro og Jude Law. „Hann er einn af þeim bestu á sínu sviði í heiminum í dag. Hann er mikið í því að sameina hreima hjá fólki. Sumir hjá okkur tala með amerískum hreim og sumir eru með harðan íslenskan hreim. Hann er að sameina þetta," segir Björn.

Swain þekkir vel til austurríska raddþjálfarans Hilde Helgason, sem hefur starfað síðastliðin 35 ár í Leiklistarskóla Íslands. „Swain er póstur sem ekki margir vita af. Í öllum leikhúsum í Englandi er svona „voice coach" en þetta hefur ekki tíðkast hérna. Það er synd því þetta er nokkuð sem maður þarf að halda við eins og öllu öðru." - fb

**ROBERT DE NIRO** Einn virtasti leikari heims naut aðstoðar Swain á síðasta ári.



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** örverpi **6** kyrrð **8** eyða **9** keyra **11** tveir eins **12** dans **14** slúta **16** bardagi **17** tugur **18** niður **20** karlkyn **21** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1** slabb **3** í röð **4** stjórnmál **5** mál **7** galli **10** einkar **13** lítið býli **15** bæta við **16** flana **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** urpt, **6** ró, **8** sóa, **9** aka, **11** ll, **12** polki, **14** slota, **16** at, **17** tíu, **18** suð, **20** kk, **21** arða. **LÓÐRÉTT: 1** krap, **3** rs, **4** pólitík, **5** tal, **7** ókostur, **10** all, **13** kot, **15** auka, **16** asa, **19** óð.

vísir

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

www.visir.is

## HÖRÐUR MORTHENS: GNÆFIR YFIR FÖÐUR SINN

# Pabbi gamli ekki með minnimáttarkennd

„Hann hefur í það minnsta stærðina ekki frá mér," segir Bubbi Morthens um son sinn, Hörð Morthens, sem hefur verið að gera góða hluti í íslenskum handbolta. Strákurinn er stór og stæðilegur, 2,03 á hæð, og leikur með yngri flokkum Gróttu á Seltjarnarnesi. Bubbi er sjálfur meðalmaður að hæð. Hörður er þegar farinn að banka á dyrnar hjá meistaraflokknum þrátt fyrir ungan aldur og nýlega valinn í unglingalandslið drengja fæddra eftir 1990. Hörður er rétthent skytta, staða sem íslenska landsliðið hefur átt í erfiðleikum með undanfarin ár.

Hörður var reyndar ekki farinn að velta fyrir sér sæti í íslenska landsliðinu og sagðist ætla að einbeita sér að því að komast í meistaraflokkinn. Hann vildi hins vegar ekki meina að pabbinn hefði einhverja minnimáttakennd gagnvart hæðarmuninum. „Karlinn er svo ánægður með sjálfan sig," segir Hörður og skellir upp úr. „Ég er líka hættur að stækka upp á við en „massinn" frá pabba kemur bara seinna," bætir hann við. Hörður segir að þeir feðgar ætli að fylgjast vel með gangi mála á HM og reiknar með að faðir hans láti vel í sér heyra þrátt fyrir að sitja heima í stofu. „Hann er hávær og kann að öskra," segir Hörður og hefur augljóslega gaman af því að stríða gamla manninum. „Sjálfur er ég meira fyrir að klappa smá en blóta síðan í laumi," útskýrir Hörður, sem er hæfilega bjartsýnn á frammistöðu landsliðsins á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi sem hefst á laugardaginn.

Bubbi upplýsir að þeir feðgar hafi ætlað að skella sér til Þýskalands og fylgjast með landsliðinu á heimsmeistaramótinu sem hefst 20. janúar. „Við komumst ekki vegna anna hjá honum í Verslunarskólanum en sjálfur stefni ég ótrauður á milliriðlana," segir Bubbi, sem hefur sterkar skoðanir á styrk og veikleika íslenska landsliðsins. „Ég vil sjá skytturnar virkari og svo hef ég eðlilega áhyggjur af meiðslum hjá lykilmönnum á borð við Ólaf Stefánsson, Alexander Petterson og Guðóni Val Sigurðssyni," segir tónlistarmaðurinn.

Bubbi þekkir vel til landsliðsþjálfarans Alfreðs Gíslasonar og segir landsliðið ekki geta verið í betri höndum, Alfreð sé þjálfari í fremstu röð. „Ég myndi hins vegar aldrei fara í hringinn á móti honum, það væri algjört glapræði," segir Bubbi og hlær. „Þeir bræður eru síðustu hálftröll á Íslandi," bætir hann við.

freygigja@frettabladid.is



**HÖRÐUR** Þykir efnileg stórskytta en hann leikur með öðrum og þriðja flokki hjá Gróttu.



**BUBBI** Feðgarnir komust ekki á HM vegna anna hjá Herði í Verslunarskólanum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Magnús Stefánsson** félagsmálaráðherra boðaði fjölmiðlamenn á sinn fund á mánudag til að ræða málefni Byrgisins. Brá fréttamönnum nokkuð í brún þegar þeir skoðuðu boðið en þar kom fram að Magnús ætlaði að tala til fréttamanna en ekki ræða við þá. Ekki síst þótti mönnum það skjóta skökku við þar sem fjölmiðlafulltrúi Magnúsar er **Þór Jónsson** fyrrum fréttastjóri, sem hefur viljað vera öðrum mönnum harðari á prinsippum í blaðamennsku. Reyndist það á misskilningi byggt að blaðamenn mættu ekki spyrja Magnús, sem þykir háll sem áll í svörum sínum, en heldur þótti mönnum skrítið að hafa Þór þar sem eins konar varðhund valdsins svo stuttu eftir að hann sat hinum megin borðis og lagði áherslu á að engin linkind dygði þegar raktar eru garnir úr stjórnmálamönnum.



Bókaútgefendur rýna nú í sölulista sem mest þeir mega til að glöggva sig á stöðu mála. Helsta niðurstaðan virðist sú að hvað sem tveggja turna tali líður í stjórnmálunum á það vel við orðið í forlagsmálum, því Eddan og JPV útgáfa bera höfuð og herðar yfir önnur forlög hvað varðar sölu bóka. Séu helstu sölulistar teknir saman er Edda með 21 titil meðal þeirra söluhæstu, JPV með 16 og næsta forlag ekki með nema 2. Sjá menn þess merki að **Snæbjörn Arngrímsson** hjá Bjarti hefur beint kröftum sínum á dönsk mið en Bjarti hefur oft vegnað betur. Önnur tíðindi eru að **Arnaldur Indriðason** virðist ekki ná sömu hæðum og oft áður. Telja menn að sala á Konungsbók hans sé í um 17 þúsund eintökum meðan Vetrarborg hans í fyrra seldist í 22 þúsundum eintaka. Hins vegar mun kiljuútgáfa á Konungsbók hífa sölutölur eitthvað upp. - jbg





SÚR HVALUR
SÚRT RENGI
HARÐFISKUR

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðavogi 44, s. 588 8686. Opið alla laugardaga 11-14

# Á forsíðu bresks veiðitímarits

Leiðsögumaðurinn og neminn Guðmundur Atli Ásgeirsson er á forsíðu nýjasta tölublaðs breska veiðitímaritsins Trout and Salmon.

Blaðamaður frá tímaritinu var staddur hér á landi síðasta haust ásamt ljósmyndara til að gera grein um íslensk vatnasvæði og var Guðmundur Atli leiðsögumaður þeirra. Ferðuðust þeir um Steinsmýrarvötn, Eldvatnsbotna og Varmá.

„Þeir voru mjög sáttir. Þeir lentu reyndar í brjáluðu veðri og fengu alvöru íslenskt haustveður, rok og rigningu. En þeir veiddu líka risastóra bleikju, sjö til átta punda, og það stóð upp úr," segir Guðmundur Atli.

Trout and Salmon er vinsælasta tímarit sinnar tegundar á Bretlandseyjum og er því ljóst að um góða landkynningu er að ræða fyrir Ísland, enda er farið lofsamlegum orðum um vatnasvæðin þrjú í greininni.

Guðmundur, sem hefur starfað sem leiðsögumaður í um átta ár, segist alltaf hafa jafngaman af veiðimennskunni.

„Maður lækkast ekkert af þessu. Það er verst hvað þetta er orðið dýrt. Veiðileyfin hafa hækkað um 20 til 30 prósent á ári og eins og með laxveiðina er þetta orðið algjört bull. Núna fæst einn dagur fyrir sama verð og fyrir þrjá daga fyrir þremur árum," segir hann. - fb



**GUÐMUNDUR ATLI ÁSGEIRSSON** Guðmundur Atli er á forsíðu breska veiðitímaritsins Trout and Salmon. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

## Stærsta útsala ársins!

Komdu í Outlet 10 og gerðu reifarakaup

SPARAÐU!

DÖMUFATNAÐUR
HERRAFATNAÐUR
BARNAFATNAÐUR

## Hreint ótrúleg verð

Buxur, peysur, skyrtur, bolir, blússur, dragtir, jakkaföt, pils, nærföt og sokkar

LEGO

LEVI'S
LEVI STRAUSS & CO.

DOCKERS
SAN FRANCISCO

DAY
BIRGER et MIKKELSEN

Verð frá
99 KR

ÖLL MERKIN
Á EINUM STAÐ

Faxafeni 10

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga
milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012




**BAKÞANKAR**

**DR. GUNNA**

## *TÞM*

Einu sinni fór ég á fund með aðstoðarmanni iðnaðarráðherra. Ég var í hljómsveit og meiningin var að sníkja pening svo við gætum haldið áfram að meikaða. Það er auðvitað rándýrt að meikaða og sumum finnst ótækt að sá sem er að meikaða þurfi að bera af því allan kostnað. Þetta var löngu fyrir Loftbrýr og allskonar styrki sem nú er víst hægt að sækja um.

**ÉG** man ekkert eftir þessum fundi annað en að ég sagði ekki eitt aukatekið orð allan tímann. Kannski innst inni hafi blundað í mér frjálshyggjufól sem fannst glatað að sníkja meikpening af ríkinu. Aðstoðarmaðurinn Árni Magnússon hefur örugglega haldið að það vantaði eitthvað í mig þar sem ég sat þarna og glápti aulalega út í loftið. Útgefandinn hafði orðið að mestu en ég get ómögulega munað hvort við fengum einhvern aur út úr þessum fundi eða ekki.

**NÝLEGA** tókst mér svo að borga síðusta greiðsluseðilinn frá þeim tíma er ég var að meikaða. Ég hefði kannski verið búinn að borga lánið fyrr ef ég hefði í raun meikaða.

**ÞAÐ** eru margir um meik-hituna og brotabrot sem í raun meikarða. Þótt það líti stundum út, miðað við blaðaumfjöllun, fyrir að rosameik sé brostið á eða rétt handan við hornið, þá eru bara örfáir sem komast alla leið. Miðað við höfðatölu erum við samt svakaleg á þessu sviði. Að meikaða með frumlegri popphugsun er þjóðarsport á skala með skák og handbolta.

**MEIKMÖGULEIKINN** rekur flesta áfram og allt byrjar í grasrótinni. Ég stundaði engar íþróttir aðrar en að hanga öllum stundum með vinum mínum og spila tónlist. Öll æskuárin voru gegnsýrð af þessu sem betur fer. Hver veit hvaða rugli maður hefði getað lent í annars. Við gerðum okkur hvaða drullugeymslu að góðu, leka bílskúra, óeinangraðar kompur á hjara veraldar þar sem viðvaningslegt þungarokkið í næsta herbergi yfirgnæfði okkar endalaust. Við höfðum ekki ímyndunarafl til að sjá fyrir önnur eins flottheit og Tónlistarþróunarmiðstöðina á Hólmaslóð.

**ÞAÐ** hafa ekki allir áhuga á íþróttum og forvarnargildið í rokkinu er síst minna. Meikdraumurinn í rokkinu er síst veikara afl en draumurinn um medalíur og verðlaunapalla, félagsskapurinn síst verri. Á meðan steinsteypt íþróttamannvirki standa um allan bæ og í hverju plássi er skammarlega skammsýnt að ekki skuli vera hægt að hlúa almennilega að einni Tónlistarþróunarmiðstöð og að þar sé allt á leiðinni í strand.

**GRASRÓTIN** á betra skilið. Það koma engin blóm, hvað þá heimsfræg verðlaunablóm, ef það er hætt að vökva.





... það er allt að verða vitlaust!

Víííí...!!



NÝ SENDING AF Wii ER KOMIN Í HÚS

Nintendo

ORMSSON

Sjá nánar á: www.wii.is

SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | SMÁRALIND · Sími 530 2900 | AKUREYRI · Sími 461 5000 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535